



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. júlí 2008 – 190. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR



### Töfrar í kreppu

Bjarni töframaður gerist ökuþrófðomari til að komast í gegnum kreppuna.

FÓLK 30

### Stökkpallur fyrir nám


Hin árlega listahátíð LungA hefst á Seyðisfirði í kvöld og stendur fram á sunnudag. Þátttakendur eru á aldrinum 16 til 25 ára og leiðbeinendurnir listamenn á heimsmælikvarða.

TÍMAMÓT 16

### Eftirsótt börn

Bandarískt tímarit greiðir 800 milljónir króna fyrir myndir af nýfæddum tvíburum Angelinu Jolie.

FÓLK 20



# Össur segir batnandi Birni best að lifa

Björn Bjarnason telur evruaðild geta orðið þriðju stoðina í samstarfi við ESB. Þetta er þvert á niðurstöður Evrópunefndar, segir Össur Skarphéðinsson.

**EFNAHAGSMÁL** Með evruaðild mætti skjóta þriðju stoðinni undir samstarf Íslands og Evrópusambandsins, segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra á heimasíðu sinni. Hann segir Íslendinga hafa tengst Evrópusambandinu eftir tveimur meginleiðum, EES-samningnum og Schengen-samkomulaginu. Einnig muni meiri pólitísk sátt verða um þá leið heldur en þá að ganga í sambandið.

Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur sagt að valkostir Íslands í Evrópusambandsmálum séu skýrir, að vera fyrir utan það

eða fyrir innan. Því sé upptaka evrunnar án aðildar að Evrópusambandinu ekki möguleg.

Björn segir hins vegar að nú hafi vaknað spurning um þessa millileið. Hann sé ekki að leggja til einhliða upptöku evru, heldur yrði evra tekin upp á grundvelli samninga við Evrópusambandið.

„Ég vil ekkert segja um upptöku evrunnar, við þurfum að einbeita okkur að því að hlúa að krónunni núna,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Hún segir tillögu

Björns ekki nýja af nálinni. Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra segir hins vegar mikil tíðindi fölgin í pistli Björns. Hann sjái að krónan sé ekki framtíðarmynt Íslendinga, og að leita verði nýrra leiða. „Það sem kemur mér á óvart er að hann telji unnt að taka upp evru án þess að ganga í Evrópusambandið því það er í andstöðu við það sem ESB segir sjálf og er þvert á niðurstöðu Evrópunefndar forsætisráðherra sem ég sat í og hann var formaður í. Lokaorð: batnandi Birni er best að lifa.“

- þeb, hj / sjá síðu 4



SCHWARZENEGGER Kemur Obama til varnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Schwarzenegger ríkisstjóri: Gott að skipta um skoðanir

**BANDARÍKIN, AP** Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri í Kaliforníu, segir ekkert athugavert við það að stjórnmálamaður skipti skyndilega um skoðanir.

Þvert á móti þá ráðleggur hann flokksbróður sínum John McCain að færa sig nær miðjunni og hrósar demókratunum Barack Obama fyrir að hafa fært sig að miðju.

„Ég hef skipt um skoðun á hlutum og það er ekkert athugavert við það,“ segir Schwarzenegger. „Ef menn eru bara heiðarlegir, þá finnst mér það frábært.“

Barack hefur verið harðlega gagnrýndur upp á síðkastið fyrir að segja skilið við vinstristefnu.

- gb

Þingmenn um Ramses-málið:

## Enginn vill neita Ramses

**FLÓTTAMENN** Enginn þingmaður segist vera á móti því að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra beiti sér til að fá Paul Ramses aftur frá Ítalíu, í óformlegri skoðanakönnun Fréttablaðsins.

Tuttugu og fimm þingmenn vilja að Björn beiti sér í málinu en þrjátíu neita að svara spurningunni og ekki náðist í átta.

Þeir, sem telja að dómsmálaráðherra eigi að beita sér, eru jafnt í stjórn sem stjórnarandstöðu.

Starfandi forstjóri Útlendingastofnunar segir að ráðherra snúi oft við ákvörðunum stofnunarinnar.


- kóp / sjá síður 10 og 11



**VALSSTÚLKUR FAGNA Í KÓPAVOGI** Glatt var á hjalla á Síamótinu sem haldið var á Kópavogsvelli um helgina. Tæplega fimmtán hundruð stúlkur kepptu fyrir hönd tuttugu og átta félaga hvaðanæva af landinu. Hér má sjá stúlkur í fimmta flokki Vals gleðjast yfir marki gegn HK sem þær sigruðu 2-1.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## VEÐRIÐ Í DAG



**MISGOTT** í dag verður víða suðvestan 5-10 m/s. Skýjað að mestu og lítils háttar rigning eða súld en bjart með köflum og úrkomulíði austan til. Hiti á bilinu 10-16 stig, hlýjast til landsins eystra.

VEÐUR 4

REI mun ráða nýja starfsmenn í vikunni eftir að fimm lykilmenn sögðu upp:

## Nýtt fólk til REI eftir flótta lykilmanna

**ORKUMÁL** Reykjavík Energy Invest (REI) mun í vikunni tilkynna um ráðningu nýrra fastráðinna starfsmanna. Auk þess munu nokkrir starfsmenn í nýjum virkjunum hjá Orkuveitunni starfa með REI, að því er heimildir Fréttablaðsins herma.

Eftir uppsagnir fjögurra lykilstarfsmanna REI um seinustu mánaðamót voru aðeins tveir fastráðnir starfsmenn eftir hjá fyrirtækinu á

landinu og þrjú tímabundið ráðnir. Gestur Gíslason, jarðfræðingur hjá Orkuveitu Reykjavíkur, sagði einnig upp, en hann starfaði í verkefnum REI. Hann mun hafa verið óánægður með stefnuleysi stjórnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins reyndi stjórn REI að halda starfsmönnum fimm sem sögðu upp störfum um mánaðamótin vegna óánægju. Sumir voru ósáttir

við brottrekstur Guðmundar Þór-oddssonar forstjóra, aðrir töldu stjórn REI ganga illa að taka ákvarðanir og móta stefnu.

„Það kom los á hópinn þegar Guðmundur var rekinn,“ segir Grímur Björnsson jarðeðlisfræðingur, einn þeirra fimm sem sögðu upp. Hann telur Guðmund hafa rekið fyrirtækið vel og að brott-hvarf hans hafi haft áhrif.

- sgi

**SJÓNVARPIÐ**  
MIKIÐ ÁHORF Í SUMAR

**27-3**


Sjónvarpið á 27 af 30 vinsælustu dagskrárliðum í sjónvarpi 30. Júní – 6. Júlí skv. Capacent. Uppsafnað áhorf 12-80 ára.



TAKK FYRIR AÐ HORFA

**-18-** Subway hefur opnað á Egilsstöðum  
á Egilsstöðum  
**SUBWAY** Verið velkomin

**Caleido** Tengi  
Handklæðaofnar



Opið virka daga frá 8-18

Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000  
Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050





Halldór, hversu mikið safnaðist?

„Það var mannsöfnuður mikill.“

Íslenski safnadagurinn var haldinn hátíðlegur í gær. Ókeypis var inn á flest söfn á landinu og fjölbreytt dagskrá í boði. Halldór Björn Runólfsson er safnstjóri Listasafns Íslands.

Nicolas Sarkozy tekur á móti leiðtogum á fund Miðjarðarhafsríkja:

## Gereyðingarvopnalaust svæði

**FRAKKLAND, AP** Leiðtogar 43 ríkja mættu í gær á fund hjá Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta í París til að stofna nýtt bandalag Miðjarðarhafsríkja. Eitt fyrsta verk þeirra á fundinum var að samþykkja að svæðið í kringum Miðjarðarhafsið verði gereyðingarvopnalaust um ókomna tíð.

Sarkozy Frakklandsforseti hefur unnið hart að því að stofnað verði bandalag Miðjarðarhafsríkja, sem tryggja á friðinn á þessu svæði með svipuðum hætti og Evrópusambandið.

„Draumar Evrópu og Miðjarðarhafsríkja eru óaðskiljanlegir,“ sagði Sarkozy í ræðu sinni.

„Saman munum við ná árangri og saman munum við falla,“ bætti hann við.

Á fundinum voru mættir leiðtogar Evrópusambandsríkjanna auk Miðjarðarhafsríkja sem mörg hver hafa átt í harðvítugum deilum áratugum saman. Meðal fundargesta var Bashar Assad, forseti Sýrlands, en hann yfirgaf salinn áður en Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, flutti ræðu sína.

Það var Hosni Mubarak, forseti Egyptalands, sem stýrði fundinum ásamt Sarkozy. Mubarak, sem lengi vel var tregur til þátttöku, sagðist telja að nýja



SARKOZY OG MUBARAK Stjórnðu í sameiningu leiðtogafundinum í París.

NORDICPHOTOS/AFP

bandalagið eigi meiri framtíð fyrir sér en samstarfsvettvangur sá, sem stofnað var til í Barcelona árið 1995.

- gb

Fangaskipti Ísraels og Líbana:

## Skipt verður á miðvikudaginn

**ÍSRAEL, AP** Stjórnvöld í Ísrael segja að skipti á föngum við Hisbollah-samtökin verði á miðvikudaginn. Ísraelska fangajónustan ætla að skila fimm líbónskum föngum í stað tveggja ísraelskra hermanna sem samtökin handsömuðu fyrir tveimur árum. Hermennirnir eru taldir af.

Ísraelsk stjórnvöld samþykktu lausn fanganna á síðasta mánuði. Samkvæmt samkomulagi ætla Ísraelar að frelsa Líbanann Samir Kantar. Hann hefur setið inni í ísraelsku fangelsi í þrjátíu ár fyrir að myrða þrjá Ísraelsmenn í landamæraátökum.

- hbj



Á HARÐA SPRETTI Nautahlaup í Pamplona hafa dregið marga til dauða.

Pamplona á Spáni:

## Sjö slasast í nautahlaupi

**SPÁNN, AP** Næstsíðasti dagurinn í hinu árlega nautahlaupi í Pamplona á Spáni fór fram í gær og í hlaupinu slösuðust sjö manns.

Í þessu hlaupi voru sex stór naut en þau eru 600 til 700 kíló. Hlaupið sem er 850 metrar var sumum erfitt í gær og urðu alls sjö manns að leita til spítalans í Pamplona með áverka eftir hlaupið. Alls hafa fjórtán látist í hlaupunum frá árinu 1924 og síðast lést ungur Bandaríkja- maður árið 1995. Síðasta hlaupið í ár fer fram á morgun og er búist við að fleiri taki þátt í hlaupinu sem þýðir fleiri heimsóknir á spítalann.

- mmm

### LÖGREGLUMÁL

#### Kviknaði í bíl á ferð

Eldur kviknaði í pallbíll sem var á ferð yfir Höfðabakkabrú um hádegisbil í gær. Einn var í bílnum og komst hann út af sjálfstjórnunum áður en slökkvilið og lögregla komu á staðinn. Maðurinn slapp ómeiddur en bíllinn er talinn ónýtur.

# Náttúruperlur verða salerni ferðamanna

Leiðsögumaður segir ófremdarastand ríkja á ferðalögum vegna ófullnægjandi salernisaðstöðu um landið. Kamrar séu jafnvel lokaðir árum saman en hæðir við þá séu útbíðar. „Róm var ekki byggð á einum degi,“ segir ferðamálastjóri.

**FERÐAMÁL** „Þetta er sumar hinna biluðu salerna,“ segir Börkur Hrólffsson leiðsögumaður um ástand snyrtinga fyrir ferðamenn. Hann segir sig og fjölda starfs- systkina sinna langþreytt á „því ófremdarastandi“ sem nú ríki í þessum málum um landið.

Börkur segist ekki verða var við nokkurn skilning hjá opinberum aðilum þegar haft er samband við þá vegna þessara mála. „Samt sem áður er ferðamannaíðnaður þriðja stærsta uppspretta gjalddeyris- tekna í landinu,“ segir hann. Þá bendir Börkur á að ánægja ferðamanna sé atvinnugreinininni mjög mikilvæg en það fari oft lítið fyrir gleði eftir að ferðamenn hafi neyðst til að gera stykki sín í hraungjótu sem þeir hefðu fremur viljað dást að eftir viðkomu á kamri.

Börkur bendir á að salerni um allt land hafi oft á tíðum verið lokað í sumar vegna bilana og vanhírðu. Sums staðar, svo sem í Eldgjá, sé ástandið með slíkum ólíkindum að þau hafi verið læst árum saman. „Hins vegar eru hólarinnir í kringum kamrana þar orðnir eins og útikamrar þar sem þar úir og grúir af notuðum dömubindum og pappír milli óhreinindanna,“ segir hann.

„Það er enginn skilningur hjá opinberum stofnunum að halda þessum málum í lagi,“ segir Börkur en bendir á að þrjár staðir á landinu séu til mikils sóma, það er salernisaðstaðan við Seljalandsfoss, Skógafoss og Hraunfossa. Það telur hann skýrast af því að einka- aðilar sjái um aðstöðuna á þessum stöðum.



**LOKAÐ SALERNI VIÐ DETTIFOSS** Þessi mynd var tekin fyrir mánuði við salerni við Dettifoss. Ferðamaður kemst ekki inn enda allt í lás og þarf hann að spræna fyrir framan kamrana.

FRÉTTABLAÐIÐ/BÖRKUR HRÓLFFSSON

„Það er ekki nóg að opna þjóð- garða heldur þarf líka að tryggja að fólk þurfi ekki að kúka og pissa um alla móa þar,“ segir hann.

Ólöf Ýr Atladóttir ferðamálastjóri segir rétt að salernisaðstaða sé víða ófullnægjandi. „Róm var ekki byggð á einum degi og það verða klósettinn á Íslandi ekki heldur,“ segir hún og útskýrir að ekki hafi fengist nægjanlegt fjármagn til uppbyggingar á þessum þætti ferðajónustunnar.

„Þetta er ekki lítið mál en meira fjármagn þarf í þennan mála- flokk,“ segir Ólöf. Þá bendir hún á að þótt Ferðamálastofa sjái um uppbyggingu salerna sé það ekki hennar hlutverk að sjá um rekstur þeirra.

karen@frettabladid.is



**ÍSLENSK FLÓRA OG KLÓSETTAPPÍR** Hér hefur einhver ferðamaður gengið örna sinna og líklega horft yfir Jökulsár- gjúfur í leiðinni.

MYND/BÖRKUR HRÓLFFSSON



Í FAÐMI FRAKKLANDSFORSETA Abbas og Olmert ásamt Nicolas Sarkozy.

NORDICPHOTOS/AFP

Olmert og Abbas hittust:

## Aldrei jafn stutt í friðarsamning

**FRAKKLAND, AP** Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísrael, segir að Ísraelar og Palestínunum hafi aldrei áður komist jafn nálægt því að semja um frið.

Þetta sagði hann í Frakklandi í gær, þar sem hann hitti Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, í forsetahöllinni í París. Þeir voru þangað komnir á fund Miðjarðar- hafsríkja, sem Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti boðaði til.

Olmert á þó í vök að verjast heima fyrir. Rannsóknir á spillingarmálum hans verða æ víðtækari og þrýstingur á hann að segja af sér vex að sama skapi.

Abbas á sömuleiðis undir högg að sækja á sínum heimavelli og óvíst hvort hann hafi raunhæft umboð til samninga frekar en Olmert.

- gb

Fordómar biskupakirkjunnar:

## Hommi ekki boðinn á fund

**LONDON, AP** Eini opinberlega samkyndlegi biskup ensku biskupakirkjunnar, V. Gene Robinson, segir það mistök að meina honum aðgang að Lamb- eth-ráðstefnunni.

Robinson var ekki boðinn á ráðstefnunna, fund biskupa kirkjunnar, á þriðjudaginn. Hann var vígður biskup í New Hamp- shire árið 2003 af bandarísku biskupakirkjunni, kristilegum fhaldsmönnum til mikils ama.

- hbj

Neitar að greiða innheimtu sem er 700 prósentum hærra en höfuðstóllinn:

## Vaxandi þrengingar skuldara

**NEYTENDAMÁL** „Við finnum mjög greinilega fyrir auknum greiðslu- erfiðleikum hjá fólki,“ segir Anna Sigríður Jóhannsdóttir, sviðsstjóri greiðendajónustunnar Intrum.

Þá útskýrir Anna að samfara vaxandi erfiðleikum við að greiða niður skuldir bætist ofan á kröfurnar þar sem málin þurfi að fara lengra í kerfinu. Það sé sárt að horfa upp á slíkt ferli en við því sé fátt að gera annað en að reyna greiða reikninga eins fljótt og auðið er.

Guðmundur H. Sigurðsson, sem nýlega fékk innheimtubréf frá Intrum, furðar sig þó ekki á því að fólk geti fljótlega lent í vitahring skulda. „Ég skilaði tveimur myndum á vídeóleigu of seint á síðasta ári,“ segir hann. Höfuðstóll skuldar hans vegna þess hve dróst að skila spólunum er 1.300 krónur en innheimtukrafan nú hljóðar upp á

10.282 krónur sem er um 700 prósentum hærra upphæð. Hann segist ekki hafa vitað af skuldinni fyrr en hann fékk senda kröfu í byrjun mánaðarins. „Ég trúir því ekki að fólk geti gert svona og ætla ekki að greiða þennan reikning,“ segir Guðmundur sem þegar segist hafa hringt í eiganda vídeó- leigunnar og beðið um að málið yrði leyst á annan hátt. Þar hafi hann þó aðeins fengið þau svör að hann væri glæpamaðurinn í málinu. Þegar hann hafði samband við innheimtufyrirtækið og bað um að fá samband við lögfræðinginn sem hefði málið á sinni könnu hefði hann þó fengið þau svör að engum hefði enn verið úthlutað málinu.

Þau svör fengust hjá starfs- manni Neytendasamtakanna að mun svæsnari dæmi hefðu komið þar á borð. Þessir starfshættir



**GUÐMUNDUR H. SIGURÐSSON** Höfuð- stóll skuldar hans er 1.300 krónur, dráttarvextir eru 246 krónur, kostnaður kröfuhafa 400 krónur og innheimtu- þóknun 8.336 krónur.

væru ekki ólöglegir en vonast sé til þess að ný innheimtulög sem taka eigi gildi síðar á þessu ári geri stöðu skuldara og skuldunauta skýrari. Skuld Guðmundar geti orðið mjög há ef hann aðhefst ekkert í málinu.

- kdk

MJÓLKURVÖRUR  
Í SÉRFLOKKI

## Er mataræðið óreglulegt?

LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!

Skyndibitafæði, sætindi, óreglulegar máltíðir – allt þetta dregur úr innri styrk, veldur þróttleysi, kemur meltingunni úr lagi og stuðlar að vanlíðan. Regluleg neysla LGG+ vinnur gegn þessum áhrifum og flýttir fyrir því að jafnvægináist á ný. Dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.



HEFTA HÖSBÍL / SÍA



# Viltu eiga einn af þessum?

**0 kr. Nova í Nova**  
Símtöl, myndsímtöl, SMS og MMS milli viðskiptavina Nova kosta ekki krónu!

Þú borgar 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði fyrir farsímamann og honum fylgir 2.000 kr. símnótun á mánuði í 12 mánuði – þú ert í raun ekki að borga neitt fyrir símann!

**Nokia 6120**

útborgun

**0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mán.  
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.



**Samsung L760**

útborgun

**0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mán.  
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

**Sony Ericsson K660i**

útborgun

**0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mán.  
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.



**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Bankastræti og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is)

**NOVA**



## GENGIÐ 11.07.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	75,68	76,04
Sterlingspund	149,68	150,40
Evra	119,64	120,30
Dönsk króna	16,029	16,123
Norsk króna	14,839	14,927
Sænsk króna	12,619	12,693
Japanskt jen	0,7069	0,7111

SDR 123,35 124,09

## GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

153,2111

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forseti Simbabwe hefur til þessa ekki þurft að þola mikla gagnrýni, en það er að breytast:

## Mugabe grefur undan einingu Afríku

**SUDUR-AFRÍKA, AP** Valdabrólt Roberts Mugabe í Simbabwe hefur grafið undan óskrifadri reglu leiðtoga Afríkuríkja, að snúast aldrei gegn neinum úr hópnum.

Það eitt að nokkur Afríkuríki skuli ekki viðurkenna niðurstöður forsetakosninganna í Simbabwe á sér engin fordæmi í álfunni og þykir jafnvel merki um bjartari framtíð ríkjanna þar sem lýðræði fær meira vægi.

Yngri kynslóð Afríkuleiðtoga er óhræddari að brjóta gegn hefðinni og meðal þeirra sem helst hafa látið í sér heyra er Ellen Johnson Sirleaf, forseti Líberíu, en hún er eina konan í hópnum.

Hún varð fyrst Afríkuleiðtoga til að styðja harðari refsiaðgerðir Sameinuðu þjóðanna gegn leiðtogum Simbabwe, og sagði mikilvægt að alþjóðasamfélagið sætti sig ekki við að

ofbeldi sé beitt til að halda völdum. Aðrir eru Levy Mwanawasa, forseti Sambíu, Ian Khama frá Botsvana og Umar Yar-Adua frá Nígeríu, sem sjálfur stendur reyndar í réttarhóldum vegna ásakana um kosningasvindl.

„Ofbeldið í aðdraganda kosninganna var svo heiftúðugt að það endurspeglar ekki óskir íbúanna í Simbabwe,“ sagði Zainab Bangura, utanríkisráðherra Síerra Leóne.

Rúanda og Senegal hafa einnig fordæmt kosningarnar í Simbabwe, sem Mugabe segir hafa tryggt sér sigur.



**ROBERT MUGABE** Leiðtogi Simbabwe hefur notið þess að leiðtogar annarra ríkja Afríku forðast gagnrýni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Evrúaðild gæti orðið þriðja stoðin í samstarfi við ESB

Björn Bjarnason segir að með evruaðild mætti skjóta nýrri stoð undir samstarf við ESB. Hann segir ekki um einhliða upptöku evru að ræða heldur yrði evran tekin upp á grundvelli fyrirbyggjandi samninga.

**STJÓRNMÁL** Með evruaðild mætti skjóta þriðju stoðinni undir samstarf Íslands og Evrópusambandsins, segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra á heimasíðu sinni. Hann segir Íslendinga hafa tengst Evrópusambandinu eftir tveimur meginleiðum, EES-samningnum og Schengen-samkomulaginu. Einnig muni meiri pólitísk sátt verða um þá leið heldur en þá að ganga í sambandið.

Valgerður Sverrisdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og fyrrverandi ráðherra, segir á heimasíðu sinni að hún hafi fyrir nokkrum árum sett fram sömu hugmynd og Björn geri nú. Á þeim tíma velti hún meðal annars upp þeirri hugmynd að semja sérstaklega um upptöku evrunnar án fullrar aðildar að myntbandalaginu eða Evrópusambandinu. Það fékk lítinn hljómgrunn hjá sjálfstæðismönnum, og bæði Geir H. Haarde forsætisráðherra og Björn Bjarnason sögðu óraunhæft að taka upp evru hér á landi án aðildar að Evrópusambandinu. Þá sagði Björn einnig að sérfræðingar innan seðlabankans teldu evruaðild án Evrópusambandsaðildar ekki fýsilega.

Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur sagt að valkostir Íslands í Evrópusambandsmálum séu skýrir, að vera fyrir utan það eða fyrir innan. Því sé upptaka evrunnar án aðildar að Evrópusambandinu ekki möguleg, og stefna ríkisstjórnarinnar sú að ekkert verði gert í þessum málum á kjörtímabilinu.

Björn segir hins vegar að nú hafi vaknað spurning um þessa milli-leið. Hann sé ekki að leggja til einhliða upptöku evru, heldur yrði evra tekin upp á grundvelli samn-

inga við Evrópusambandið. Hann telur lögheimildir fyrir þessari milli-leið vera hjá Evrópusambandinu.

„Ég vil ekkert segja um upptöku evrunnar, við þurfum að einbeita okkur að því að hlúa að krónunni núna,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, um pistil Björns. Hún segir tillögu hans ekki nýja af nálinni, hann hafi bent á þetta áður.

Össur Skarphéimsson iðnaðaráðherra segir hins vegar mikil tíðindi fólgin í pistli Björns. Hann sjái að krónan sé ekki framtíðarmynt Íslendinga, og að leita verði nýrra leiða. „Það sem kemur mér á óvart er að hann telji unnt að taka upp evru án þess að ganga í Evrópusambandið því það er í andstöðu við það sem ESB segir sjálft og er þvert á niðurstöðu Evrópunefndar forsætisráðherra sem ég sat í og hann var formaður í. Batnandi Birni er best að lifa.“

thorunn@frettabladid.is  
helgath@frettabladid.is



**BJÖRN BJARNASON** Dómsmálaráðherrann vill kanna upptöku evru á grundvelli samninga Íslands við Evrópusambandið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Egill Jónsson látinn

Egill Jónsson, fyrrum alþingismaður og bóndi á Seljavöllum, er látinn, 77 ára að aldri. Egill fæddist að Hoffelli í Nesjahreppi 14.



desember 1930. Hann lauk prófi frá Bændaskólanum á Hvanneyri. Árið 1955 stofnaði Egill, ásamt

eftirlifandi eiginkonu sinni, Halldóru Hjaltadóttur, nýbýlið Seljavelli í Nesjum.

Egill var ráðunautur Búnaðarfélags Íslands og síðar héraðsráðunautur Búnaðarsambands Austur-Skaftafellinga. Hann var fulltrúi á Búnaðarþingi og sat í hreppsnefnd Nesjahrepps. Egill sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn frá árunum 1979 til 1999. Auk þess kom Egill að útgáfumálum og ritstörfum.

## BANDARÍKIN

## Íbúðalánabönkum bjargað

Bandaríska fjármálaráðuneytið og Seðlabanki Bandaríkjanna ætla að koma íbúðalánabönkunum Fannie Mae og Freddie Mac til bjargar. Hlutabréf í bönkunum tveimur hafa hríðfallið á síðustu vikum vegna mikils taps þeirra á íbúðalánum. Framtíð bankanna tveggja, sem eru ráðandi á bandarískum íbúðalánamarkaði, hefur verið í hættu. Henry Paulson fjármálaráðherra segir stjórnvöld

## LEIÐRÉTTING

Í dálknum Frá degi til dags í gær var ranghermt að Sigurjón M. Egilsson hafi verið „látinn fara“ sem ritstjóri Mannlífs. Sigurjón verður áfram ritstjóri Mannlífs. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

**Hver vaktar þitt heimili?**

**Prófaðu Heimaöryggi í sumar – án endurgjalds**

- Þú prófar í 2 mánuði, engin krafa um framhaldsviðskipti.
- Heimaöryggi felur í sér innbrotsvörn, útkallsþjónustu, brunaviðvörðun og vatnsviðvörðun.
- Tilboðið gildir til 15. ágúst 2008, griptu tækifærið núna.

Í boði á þeim þéttbýllisstöðum landsins þar sem Öryggismiðstöðin hefur þjónustuaðila og sinnir útkallsþjónustu.

**Pantaðu núna á [www.oryggi.is](http://www.oryggi.is)**

**ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN**

## VEÐURSPÁ

**Elisabet Margeisdóttir**  
Veðurfréttamaður

**BREYTINGAR**  
Á morgun fer veður kólnandi norðan og austan til en búast má við finum hitatölum og björtu veðri sunnanlands. Á miðvikudag og fimmtudag verður lítið um úrkomu á landinu öllu og horfur á sumarblíðu sunnan og vestan til.

**Á MORGUN**  
Norðan eða norðvestan, 5-10 m/s.

**MIÐVIKUDAGUR**  
Stíf norðlæg átt allra austast, annars hægar.

**HEIMURINN**

Kaupmannahöfn	21°
Billund	20°
Ósló	20°
Stokkhólmur	21°
Gautaborg	20°
London	21°
París	24°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	16°
Berlín	23°
Alicante	25°
Mallorca	29°
Basel	19°
Eindhoven	22°
Las Palmas	23°
New York	30°
Orlando	32°
San Francisco	23°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



**+TEMPUR**



15% afsláttur af **+TEMPUR** heilsuvörum og dýnum í júlí



Tempur Original heilsukoddi  
-15% Verð kr. 8.075,-



Tempur Millenium heilsukoddi  
-15% Verð kr. 7.990,-



Tempur Classic heilsukoddi  
-15% Verð kr. 7.820,-




Tempur Comfort heilsukoddi  
-15% Verð kr. 7.820,-



Ferðasett - koddi og dýna í tösku  
-15% Verð kr. 29.900,-



Original ferðakoddi í tösku  
-15% Verð kr. 3.968,-



Sessa 40x42x5cm  
-15% Verð kr. 6.301,-



Bakstoð 36x36x7cm  
-15% Verð kr. 5.987,-



Hálskragi  
-15% Verð kr. 4.847,-



Tempur inniskór - allar stærðir  
-15% Verð kr. 7.690,-



Tempur Symphony heilsukoddi  
-15% Verð kr. 10.643,-



Tempur hnjápuði  
-15% Verð kr. 5.367,-

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is  
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði  
Ópið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

**Betra**  
**BAK**



## KJÖRKASSINN



Ber ríkislögreglustjóra að svara fyrir um hvort leysa skuli 10-11 lögregluþjón frá störfum?

Já	79,7 %
Nei	23,3 %

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fer of mikið af raforku Íslands í stóriðju?

Segðu skoðun þína á [visir.is](http://visir.is)



Varaformaður stjórnar Þróunarsamvinnustofnunar Íslands segir stofnunina ekki vera í atkvæðaveiðum:

## Í samræmi við þróunarstefnu Íslands

**STJÓRNISÝSLA** „Ég vísa því á bug að þessar viðræður feli í sér að Þróunarsamvinnustofnun sé beitt í annarlegum tilgangi,“ segir Skúli Helgason, varaformaður stjórnar Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ).

Haft var eftir Sigfúsi Ólafssyni, fulltrúa Vinstri grænna í stjórn ÞSSÍ, í Fréttablaðinu í gær að hann teldi utanríkisráðuneytið nota stofnunina sem tæki í baráttunni fyrir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Ráðstefna á vegum ráðuneytisins á Barbados hafi vakið vonir smárikja í Karíbahafi um að hljóta þróunarástoð, en ekkert slíkt hafi verið ákveðið. Þetta hafi verið gert í því skyni að veiða atkvæði.



SKÚLI HELGASON

„Þessar viðræður eru í fullu samræmi við stefnu Íslands í þróunarmálum sem sett var 2005. Þar segir orðrétt að það eigi að efla samstarf við smáeyjaríki,“ segir Skúli.

Hann telur eðlilegt að utanríkisráðuneytið nýti sér sérþekkingu starfsfólks ÞSSÍ til að kanna möguleikann á samstarfi við ný ríki.

„Í nýju frumvarpi utanríkisráðherra sem liggur fyrir Alþingi er sérstaklega tiltekið að Þróunarsamvinnustofnun geti komið að svæðisbundnum verkefnum eins og þarna er verið að tala um,“ segir Skúli.

-sgj

BARBADOS ÞSSÍ gæti hafið þróunarsamstarf við svæðisfélög í Karíbahafinu.



Kandahar í Afganistan:

## 24 létust í sprengjuárás

**AFGANISTAN, AP** Sjálfsmorðsárásarmaður sprengdi sjálfan sig í loft upp við lögreglustöð í suðurhluta Afganistan í gær.

Tuttugu og fjórir létust og þrjátíu særðust í sprengingunni og flestir hinna látnu og slösuðu voru búðareigendur og ungr götusólumenn. Íbúar Afganistan hafa orðið fyrir miklum sprengjuárásum í þessum mánuði.

Um fimmtíu og fimm létust fyrir viku síðan í sprengjuárás í Kabúl. Um fimmtíu og þrjú þúsund hermenn frá fjórtíu löndum eru í Afganistan á vegum NATO og er verkefni þeirra að halda aftur af auknum árásum Talíbana í landinu. - mmm



**UPPREISNARMENN** Uppreisnarmenn og Súdanstjórn hafa meðal annars deilt um yfirráð yfir olíulindum í suðurhéraðum Súdans.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðamenn í Súdan:

## Sakaðir um stríðsglæpi

**SÚDAN, AP** Luis Moreno-Ocampo, saksóknari stríðsglæpadómstólsins í Haag, leggur í dag fram sönnunargögn fyrir dómstólum sem sýna eiga fram á stríðsglæpi ráðamanna í Afríkuríkinu Súdan.

Blóðug borgarastyrjöld hefur geislað í Súdan frá því að blökkumenn í suðurhéraðum landsins gerðu uppreisn gegn arabaríkisstjórninni árið 2003. Allt að þrjú hundruð þúsund hafa látið og tvær og hálf milljón verið hrakin af heimilum sínum.

Súdanstjórn er meðal annars sökuð um að hafa skipulagt árásir janjaweed-hersveita á þorp og bæi í Darfúr-héraði. - gh



FRÍÐARHÖFN Í HEIMAÆY Forsvarsmenn sveitarfélaga á landsbyggðinni telja áhrif fjármálakreppunnar á bæjarfélögin mismikil.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

# Niðursveiflan frekar höfuðborgarkreppa

Fjármálakreppan kemur misilla niður á sveitarfélögum. Bæjarstjóri Vestmannaeyja segir atvinnulífið blómstra og að í raun sé um höfuðborgarkreppu að ræða. Meiri bjartsýni ríkir í Fjarðabyggð og á Ísafirði en á Akureyri.

**EFNAHAGSMÁL** Meðan rætt er um kreppu á landinu blómstrar efnahagur Vestmannaeyja, að sögn Elliða Vignissonar, bæjarstjóra Vestmannaeyja.

„Staðan í efnahagskerfi sveitarfélagsins er mjög sterk. Eiginfjárstaða atvinnurekanda er sterk,“ segir hann. „Hér eru miklar framkvæmdir fram undan. Litlar breytingar hafa verið gerðar á áætlunum þrátt fyrir þessa höfuðborgarkreppu, sem við viljum kalla svo.“

Elliði segir sjávarútveginn öflugan í Eyjum og ferðaþjónustuna eflast. Gengislaekkun krönnunnar hafi komið þessum atvinnugreinum vel, auk þess sem erfiðleikar í fjármálagreinum hafi fært athygli fjárfesta í auknum mæli til frum-

atvinnugreina á borð við sjávarútveg. Auk þessa skipti fyrirhugaðar samgöngubætur til Eyja með uppbyggingu Bakkafjörufnar miklu máli.

Helga Jónsdóttir, bæjarstýra Fjarðabyggðar, er líka bjartsýn. „Það er geysilegur styrkur fölginn í grunnatvinnugreinunum hérna sem eru framleiðsla á áli og framleiðsla á sjávarafurðum. Við erum með sjávarútvegsfyrirtæki sem standa mjög sterkt og hafa haft tækifæri til að hagræða og sækja fram á undanförunum árum, meðal annars vegna þeirrar eftirspurnar eftir vinnuafli sem hér hefur verið,“ segir hún. Framlegð Fjarðabyggðar til útflutnings- tekna þjóðarinnar er tugföld miðað við fjölda íbúa, segir hún.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, telur nokkur tækifæri til uppbyggingar í sveitarfélaginu, svo sem í þorskelldi, en hefur þó áhyggjur af niðurskurði aflaheimilda. „Mín tilfinning er frekar góð því ég sé þessi tækifæri, svo fram- arlega sem [aflaheimildir] dragast ekki enn meira saman,“ segir hann.

Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri Akureyrar, er svart-sýnni. „Ég hef áhyggjur af komandi misserum. Ég er ekki sam- mála því að þetta sé eingöngu höfuðborgarkreppa. Þetta er eitt- hvad sem allt Ísland mun ganga í gegnum,“ segir hún. Hún segir að frost sé á fasteignamarkaði á Akureyri. Sveitarfélagið sé ágætlega stadd en þoli ekki mikla niðursveiflu. [gunnlaugurh@frettabladid.is](http://gunnlaugurh@frettabladid.is)

Forsætisráðherra Ísrael:

## Grunaður um fjársvik

**ÍSRAEL, AP** Í síðustu viku kom lögreglan fram með nýjar ásakanir um

fjársvik á hendur Ehuds Olmert

forsætisráðherra Ísraels. Grunur leikur á að hann hafi laumað í eigin vasa tugum þúsunda

dollara. Peningana notaði hann til að borga ferðalög konu sinnar og fjögurra barna. Börn Ehuds Olmert forsætisráðherra Ísraels styðja við bakið á föður sínum. Þau gáfu út þá yfirlýsingu í gær að þau vissu ekki betur en að flugmiðarnir hefðu verið gjafir frá föður þeirra. Þessar ásakanir gætu orðið til þess að Olmert missi sæti sitt sem forsætisráðherra. - mmm



EHUD OLMERT



**HVALFIJARÐARGÖNG** Samgönguráðherra finnst eðlilegt að huga nýjum göngum.

Skýrsla afhent ráðherra:

## Ný göng við Hvalfjörð

**SAMGÖNGUR** Forráðamenn Spalar afhentu samgönguráðherra skýrslu um rannsóknir og tæknilega undirbúningsvinnu vegna nýrra ganga við Hvalfjörð í telfni af því að tíu ár eru liðin frá því að Hvalfjarðargöng voru tekin í notkun.

Kristján L. Möller þakkaði forráðamönnum Spalar forgöngu þeirra og sagði eðlilegt að huga að nýjum göngum.

Ný göng eru þó ekki á samgönguáætlun en Kristján sagðist telja að ráðast þyrfti í gerð þeirra á næstu 5 til 10 árum. - mmm

DELL  
VARA VIKUNNAR



**DELL A928**  
FJÖLNOTATÆKI

**13.320 KR.**

Fullt verð: 16.650 kr.

Prentar, ljósritar, skannar	"PictBridge" prentar beint úr myndavélum
Ljósmyndaprentun	1200 x 2400 dpi 48-bit skanni
24 síður á mínútu í svörtu og lit	Scan to email
Upplausn: 4800 x 1200 dpi	USB 2.0, PictBridge, minniskortalesari
100 blaðsíðna bakki	435mm x 285mm x 168mm (b x d x h)
Prentar út á jaðar blaðsins	

20% afsláttur

Pað er til lausn á öllu **EJS**

Grensásvegi 10, 108 Reykjavík // Sími 563 3000  
Tryggvabraut 10, 600 Akureyri // Sími 463 3000 // [www.ejs.is](http://www.ejs.is)



# Landsins mesta úrval af ferðavögnum

**10% ÚTBORGUN**  
20.256. KR. Á MÁNUÐI



**TILBOÐ**

**PALOMINO COLT**

**KR. 1.290.000.**

**FULLT VERÐ KR. 1.499.000.**

## FRÁBÆR TILBOÐ

LÍTTU VIÐ OG KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ



**TILBOÐ**

**CHALET A-HÚS**

**KR. 1.950.000.**

**FULLT VERÐ KR. 2.150.000.**

**100%**

**FJÁRMÖGNUN**



**TILBOÐSPAKKI**

**ÆGISTJALDVAGN OG**

**ÍSLENSKT FORTJALD**

**KR. 690.000.**

**FULLT VERÐ KR. 801.900.**

**0% VEXTIR**

**100% FJÁRMÖGNUN**



**TILBOÐSPAKKI**

**ÖLLUM HJÓLHÝSUM FYLGIR  
SÓLARSELLA, SKYGGNI OG  
SJÓNVARP MEÐ DVD**

**HELGARTILBOÐ**

**Á NOTUÐM VÖGNUM**

**LÍTTU VIÐ**



**SEGLAGERÐIN ÆGIR**

1913 - 2008

**95**  
ÁRA

**OPNUNARTÍMI:**

MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA 10.00 - 18.00

LAUGARDAG 11.00 - 16.00

SUNNUDAG 12.00 - 16.00

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík

S: 511 2200 [www.seglagerdin.is](http://www.seglagerdin.is)



## VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hve margir hlupu í Lauga-vegshlaupinu á laugardaginn?
- 2 Hvað heitir ný þáttaröð sem Ilmur Kristjánsdóttir leikur í?
- 3 Hvar mega rastafarar nú reykja marijúana?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Tekjur ríkissjóðs fyrstu fimm mánuði ársins voru rúmlega 194 milljarðar:

## Tekjurnar hafa tvöfaldast á tíu árum

**RÍKISSJÓÐUR** „Þegar vel árar aukast tekjur ríkissjóðs til muna og nú hafa verið mörg góð ár í röð,“ segir Sigurður Guðmundsson hjá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Samkvæmt nýjustu tölum um tekjuafkomu ríkissjóðs fyrstu fimm mánuði ársins, sem birtust í síðustu viku, kemur fram að tekjur ríkissjóðs voru tæpir tvö hundruð milljarðar.


„Þegar fólk hefur mikið milli handanna aukast tekjurnar. Þá kaupir fólk til dæmis bíla og annað frá útlöndum. Þessu öllu fylgir greiðsla vörugjalda og virðisaukaskatts. Það kemur síðan inn sem

tekjur í ríkissjóð,“ segir Sigurður. Skatttekjur eru tæplega 179 milljarðar króna sem eru um 91 prósent af tekjum ríkissjóðs.

Nú þegar harðnar í ári verður líklega annað uppi á teningnum hjá ríkissjóði. „Þegar atvinna dregst saman eru minni laun. Þá kaupir fólk minna og líklega fer meiri peningur í hluti eins og atvinnuleysisbætur,“ segir Sigurður.

Tekjur ríkissjóðs voru 62 milljarðar árið 1998. Það þýðir rúmlega þreföldun í krónum talið milli þessara tíu ára. Þegar vísitala neysluverðs er reiknuð með kemur í ljós að raungildi tekna ríkissjóðs hefur tvöfaldast á síðustu tíu árum. - vsp

## TEKJUR RÍKISSJÓÐS UNDAFARIN TÍU ÁR\*



\*Án tillits til vísitölu neysluverðs

Breska leyniþjónustan:

## Nýir njósnarar taka til starfa

**BRETLAND, AP** Breska leyniþjónustan leitar nú að starfsfólki úr hópi kvenna og einstaklinga sem tilheyra minnihlutahópum í Bretlandi, í baráttunni gegn hryðjuverkum.

Tuttugu þúsund hafa sótt um störfin á þessu eina ári sem verkefnið hefur verið í gangi. Bæði konur og hópur fólks af austurlenskum uppruna eru hött til þess að sækja um. Breska leyniþjónustan segir að fylgst sé með yfir tuttugu þúsund manns. Margir af þeim eru með sambönd við öfgahópa í Pakistan. - mnr

Síðanefnd Háskólans styðst við sérstaka lagastoð:

## Auðveldara að áminna

**MENNTUN** Nú er auðveldara fyrir rektor Háskólans að taka á mál-efnum, sem beint er til síðanefndar skólans, en verið hefur, þegar álitamál hafa komið upp um starfsmenn skólans, að sögn rektors.

Starfsmenn Háskóla Íslands hafi upp á síðkastið unnið að því að skýra verklag innan skólans, endurskoða verkferla og sérstaklega málefni síðanefndar skólans.

„Við viljum koma í veg fyrir að afgreiðsla mála dragist í mörg ár og við viljum hafa úrræðin sem þarf til að bregðast við hugsanlegum brotum,“ segir Kristín

Ingólfsdóttir rektor. Eitt þeirra sé formleg áminning.

Þekktasta dæmið um slíkt mál er mál Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, um brot á höfundarrétti. Afgreiðslu þess lauk með því að rektor áminnti hann ekki. Hannes hafði þá þurft að bíða ákvörðunar stjórnenda skólans í fjögur ár.

Kristín segir skólann vitanlega halda sig innan starfsmannalaga, enn sem fyrr, en með lögum um háskóla frá 2006 hafi síðanefndin fengið sérstaka lagastoð. Nú sé stjórnvísingur skýrari og álitamál geti farið beint frá síðanefnd og fyrir rektor. - kóp



**FURÐUSKEPPNA** Dýrið sem vísindamenn fundu steingervinga af hefur líkst krókóðil. MYND/INFO.UU.SE

Vísindamenn grafa upp mikilvæga steingervinga:

## Frumstæðasti ferfætlingur sögunnar

**VÍSINDI, AP** Vísindamenn í Lettlandi hafa grafið upp 365 milljóna ára gamla steingervinga af höfuðkúpu, axlabeini og mjaðmagrind frumstæðasta ferfætlinga jarðsögunnar. Vonast er til að fundurinn hjálpi mönnum að skilja hvernig fiskar þróuðust í landdýr.

Ferfætlingurinn er löngu útdauður en hefur líkst litlum krókóðil. Hann hefur líklega lifað í grunnum vötnum, verið um metri á lengd og lifað á fiski. Skepnan var með fjóra útlími sem líktust fremur fótleggjum en uggunum.

Fjórfaetlingurinn var líklega þróunarlegur endapunktur, og engir afkomendur frá honum. Hann líktist þó ýmsum fiskum sem námu land á svipuðu tímabili.

Vísindamenn hafa leitað svara við því af hverju fiskar hafi þróað með sér fótleggi sem gerðu þeim kleift að ganga á land. Hugsanleg skýring er að þeir hafi lifað í svo grunnum vötnum að heppilegra hafi verið að ganga á botninum en að synda.

- gh

## TILKYNNING UM BIRTINGU LÝSINGAR

Glitnir banki hf. birtir í dag lýsingu vegna töku til viðskipta á breytanlegum skuldabréfaflokki að fjárhæð 15.000.000.000 kr. hjá OMX Nordic Exchange Iceland hf. Skuldabréfin eru gefin út í 10.000.000 kr. einingum og eru með lokagjaldadaga 1. apríl 2013. Útgáfudagur bréfanna er 28. mars 2008 og breytast skuldabréfin sjálfkrafa í hlutabréf í Glitni banka hf. þann 1. apríl 2013. Bréfin bera 8% fasta ársvexti og er höfuðstóll bundinn vísitölu neysluverðs. Vextir greiðast árlega, í fyrsta sinn 1. apríl 2009.

Fyrirhugað er að skuldabréfaflokkurinn, sem hefur auðkennið GLB010413 CV, verði tekinn til viðskipta 15. júlí 2008.

Eintak af lýsingunni má nálgast á skrifstofu bankans að Kirkjusandi 2, 105 Reykjavík en hún verður auk þess aðgengileg á heimasíðu bankans, www.glitnir.is, á tímabilinu 14. júlí 2008 til 14. júlí 2009.

Reykjavík, 14. júlí 2008

GLITNIR



## MENNINGARHÁTÍÐ Á BIFRÖST

- Ratleikir
- Listasmiðja barna og foreldra
- Sýning á gömlum munum skólans
- Happdrætti
- Óvæntar upptakur
- Útimarkaður
- Minningabrot frá fyrstu árum skólans
- Bifrastarlagið frumflutt
- Þjóðlegar veitingar



WWW.BIFRÖST.IS

Allir velkomnir á menningarhátíðina á Bifröst á föstudaginn

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY



# Útsölu lok!

50% afsláttur af öllum vörum

**BOSS**  
HUGO BOSS

**strellson**

**HUGO**  
HUGO BOSS

CANALI

RALPH LAUREN

bugatti

**LLOYD**

**SAND**

eterna

TINO COSMA

gardeur

FINUCCI  
collezione

MABRUN

PAL ZILERI



**BOSS**  
HUGO BOSS

**HUGO**  
HUGO BOSS

**SAND**



*fierra*  
**GARÐURINN**  
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND  
568 9234 544 2410

**B & S**  
KONUR

B&S Kringlunni | 553 4141

**HUGO BOSS**

HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242





**ELDING Í KÍNA** Þessari miklu eldingu laust niður í Ningbo Zhejiang-héraði í austanverðu Kína, þar sem vatnsflóð og aurskríður hafa plagað íbúa í kjölfar tveggja daga úrhellis. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórn Rithöfundasambands hafnar beiðni um að álykta um Bókmenntasjóð:

## Sjóðurinn hafinn yfir vafa

**BÓKMENNTIR** Stjórn Rithöfundasambands Íslands telur ekki leika vafa á að stjórn Bókmenntasjóðs hafi starfað innan ramma laga, við úthlutun úr sjóðnum í maí.

Stjórnin vill því ekki verða við beiðni 29 höfunda um að álykta sérstaklega um störf hins unga Bókmenntasjóðs.

Höfundarnir höfðu meðal annars farið fram á afstöðu stjórnarinnar til þess að engin ný íslensk skáldverk hefðu fengið styrki í fyrstu úthlutun sjóðsins.

Telja þeir sjóðinn hafa „gengið í berhögg við eigin úthlutunarlög“ með þessu.

Stjórn Rithöfundasambandsins

telur að óæskilegt sé að fella dóma um einstakar úthlutanir eða umsóknir. Að auki sé lítil reynsla komin af sjóðnum.

„Látum að minnsta kosti þau þrjú ár líða sem núverandi stjórn situr áður en við kveðum upp dóma um störf hennar,“ segir í svari stjórnarinnar. Minnir stjórn sambandsins á að í stjórn Bókmenntasjóðs sitji tveir fulltrúar þess.

„Stjórn RSÍ ber fullt og óskorað traust til þessara fulltrúa sinna,“ segir stjórnin.

- kóp

**MATTHÍAS JOHANNESSEN** Fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins er meðal þeirra 29 sem skrifuðu undir bréfið til stjórnar Rithöfundasambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Eldgos í Alaska:

## Íbúar flýja ösku og steina

**BANDARÍKIN, AP** Íbúar í nágrenni eldfjallsins í Anchorage í Alaska þurftu að flýja ösku og steina sem rigndi yfir allt svæðið þegar eldgos hófst í nærliggjandi eldfjalli.

Í sprengingunni flaug grjót í mikla hæð og öskuskýið náði allt að fimmtán þúsund metra hæð. Tíu manns flúðu staðinn, þar á meðal þrjú börn. Þau létu vita af sér með gervihnattasíma eftir að steinum og ösku rigndi yfir þau. Eldfjallið gaus síðast árið 1997 og þá rann mikið hraun frá eldfjallinu en það hefur ekki gerst að þessu sinni. Síðustu mánuði hefur eldfjallið sýnt merki um virkni.

- mmm

## Sögur og sagnir í Elliðaárdal

Gengið neðan Árbæjarstíflu. Þriðjudagskvöldið 15. júlí verður farin göngu- og fræðsluferð í Elliðaárdal undir leiðsögn Stefáns Pálssonar sagnfræðings. Dalurinn á sér merka sögu allt frá komu Ketilbjarnar gamla, landnámsmanns, þangað. Gengið verður um og sagðar sögur. Gangan hefst kl. 19.30 við Minjasafnið í Elliðaárdal. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.



• Árið 2009 verða liðin hundrað ár frá stofnun Vatnsveitunnar.

www.or.is

## 3M Glerfínar gluggafilmur - aukið öryggi á vinnustað

3M gluggafilmur fyrir skóla, sjúkrahús, skrifstofur, verslanir og aðra vinnustaði. Fagmenn frá RV sjá um uppsetningu.

**Rekstrarvörur** - vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is

## Þingmenn um Paul

Enginn 55 þingmanna svaraði neitandi spurningu Fréttablaðsins um hvort dómismálaráðherra ætti að beita sér til að fá Paul Ramses aftur frá Ítalíu. 30 skoruðust undan svari, en 25 svöruðu játandi. Ekki náðist í 8 þingmenn.

**FLÓTTAMENN** Enginn þeirra 55 þingmanna sem Fréttablaðið spurði hvort dómismálaráðherra ætti að „beita sér til að fá Paul Ramses aftur frá Ítalíu, að því gefnu að saga Pauls sé sönn“ svaraði því neitandi. Hins vegar vildu flestir, 30, ekki taka afstöðu og svara.

„Dómismálaráðherra hefur iðulega snúið við ákvörðunum Útlendingastofnunar,“ segir Haukur Guðmundsson, starfandi forstjóri Útlendingastofnunar. Slík ákvörðun

væri því ekki ýkja óvenjuleg.

25 þingmenn, bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu, svöruðu játandi, en 8 náðist ekki í, þrátt fyrir fjölda tilrauna, skilaboð og tölvupósta.

10 stjórnarþingmenn svöruðu játandi, 8 úr Samfylkingu og 2 úr Sjálfstæðisflokki. Einn sjálfstæðismaður til viðbótar sagði reyndar já, en vildi ekki koma fram undir nafni. Hann telst ekki vilja svara.

20 sjálfstæðismenn svöruðu ekki og ekki náðist í 3 þeirra. Úr Sam-

fylkingu vildu 6 ekki svara og ekki náðist í 4 þeirra.

Úr stjórnarandstöðu sögðu 15 já, en 4 svöruðu ekki. Úr 7 manna þingflokki Framsóknar voru 5 sem sögðu já, en 2 vildu ekki svara. Af 4 þingmönnum Frjálslynda flokksins sögðu 2 já, en tveir svöruðu ekki.

Af 9 þingmönnum Vinstri grænna náðist í 8 og voru þeir allir á því að dómismálaráðherra skyldi beita sér.

klemens@frettabladid.is

### BJÖRN BEITI SÉR

„Ætti dómismálaráðherra að beita sér til að fá Paul Ramses aftur frá Ítalíu, að því gefnu að saga Pauls sé sönn?“ Eftirtaldir sögðu já:



ATLI GÍSLASON, V



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON, S



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR, V



ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR, S



BIRKIR J. JÓNSSON, B



BJARNI HARÐARSON, B



EINAR MÁR SIGURÐARSON, S



ELLERT B. SCHRAM, S



GRÉTAR MÁR JÓNSSON, F



GUÐBJARTUR HANNESSON, S



GUNNAR SVAVARSSON, S



HERDÍS ÞÓRÐARDÓTTIR, D



HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON, B



JÓN BJARNASON, V



JÓN MAGNÚSSON, F



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR, V



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR, S



KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR, V



MAGNÚS STEFÁNSSON, B



RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR, S



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON, V



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR, S



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR, B



ÞURÍÐUR BACKMAN, V



ÖGMUNDUR JÓNASSON, V

### VILJA EKKI SVARA

Þessir vildu ekki taka afstöðu og svara spurningunni. Útskýrðu þeir það með ýmsum hætti. Margir telja ósanngjarnt að svara já eða nei spurningu og geta svo ekki skýrt afstöðu sína betur. Einn reiddist og sagði ekki hlutverk fjölmiðils að hlera skoðanir þingmanna með þessum hætti. Annar sagði já en vildi ekki vera nafngreindur. Þriðji vildi að farið yrði eftir barnalögum, en vildi ekki svara. Nokkrir lýstu yfir trausti sínu á Birni Bjarnasyni dómismálaráðherra. Hann fyndi eflaust farsæla lausn.

Björn sjálfur tekur fram að þingmenn setji framkvæmdavaldinu ekki ramma með skoðanakönnun.



BJÖRN BJARNASON, D



EINAR K. GUÐFINNSSON, D



GUÐFINNA S. BJARNADÓTTIR, D



GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON, F



GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON, D



GUÐNI ÁGÚSTSSON, B



ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR, D



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON, D



ÁRNI PÁLL ÁRNASON, S



ÁRNI JOHNSEN, D



ILLUGI GUNNARSSON, D



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR, S



JÓN GUNNARSSON, D



ÁRNI M. MATHIESEN, D



ÁSTA MÖLLER, D



BIRGIR ÁRMANNSSON, D



BJÖRK GUÐJÓNSDÓTTIR, D



KARL V. MATTHÍASSON, S



KJARTAN ÓLAFSSON, D



KRISTINN H. GUNNARSSON, F



Meira líf á Lækjartorg:

## Ráðamenn vilja færa héraðsdóm

**SKIPULAGSMÁL** Björn Bjarnason dómismálaráðherra telur að Héraðsdómur Reykjavíkur eigi að fá nýtt aðsetur og hverfa frá Lækjartorgi.

„Reisa þarf nýtt hús fyrir héraðsdóm og embætti ríkissaksóknara og héraðssaksóknara,“ skrifar Björn á heimasíðu sína, bjorn.is, og bætir við að hugsanlegt millidómsstig gæti einnig fengið aðstöðu þar. Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs, er sammála. „Það yrði lyftistöng fyrir Lækjartorg ef í þessu húsi yrði starfsemi sem væri meira í takt við það sem er að gerast á þessu svæði,“ segir hún. - ges

Munur á árgjaldi fyrir knattspyrnuíðkun tæpar fimm tíu þúsund krónur:

## Ókeypís í Grindavík en dýrast á Akranesi

**NEYTENDUR** Mismunur á árgjaldi knattspyrnufélaga hjá fjórða flokk nemur tæpum fimm tíu þúsund krónum. Í Grindavík er ókeypis að æfa fótbolta en á Akranesi nemur árgjaldið 47.700 krónum. Íðkendum hefur fjölgað í kjölfar þess að frítt varð að stunda íþróttir í Grindavík. Ef Grindavík er undanskilin eru lægstu árgjöldin 25 þúsund krónur. Þetta kemur fram á heimasíðu neytendasamtakanna.

Meira en helmingur þeirra 24 sveitarfélaga sem Neytendasamtökin tóku til rannsóknar greiddu styrki til barna fyrir íþrótt- og tómsundaiðkun. Almennt eru það fjölmennustu sveitarfélögin sem

hafa tekið upp styrkjakerfi. Nokkuð misjafnt er við hvaða aldur styrkgreiðslur miðast og er það ýmist 12 ára aldur eins og á Akureyri, 15, 16 eða 18 ára aldur.

Ef íþróttastyrkurinn er tekinn með í reikninginn þá er árgjaldið fyrir knattspyrnuíðkun fjórða flokks hæst á Selfossi þar sem það er 46.800. Gjöldin er mjög misjöfn og er nokkuð jöfn dreifing frá því að vera ókeypis upp í þessar tæpu fimm tíu þúsund krónur. Verðið er lægst í stóru sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Rétt er að taka fram að samanburðurinn er ekki nákvæmur þar sem aðstæður félaganna eru mismunandi. - ges



UNGAR OG EFNILEGAR Mikill munur er á því hvað það kostar að æfa knattspyrnu.

### EKKI NÁÐIST Í ÞESSA

Flestir í þessum hópi eru ráðherrar og svöruðu ekki símhringingum. Þeir fengu skilaboð í gegnum ráðuneyti sín og/eða aðstoðarmenn og flestir fengu tölvupósta frá blaðinu að auki.



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON, V



BJARNI BENE-DIKTSSON, D



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON, S



GEIR H. HAARDE, D



HELGI HJÖRVAR, S



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR, S



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSÐÓTTIR, D



ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON, S

### VILJA EKKI SVARA



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON, D



KRISTJÁN L. MÖLLER, S



LÚÐVÍK BERGVINSSON, S



ÓLÖF NORDAL, D



ÞÉTUR H. BLÖNDAL, D



RAGNHEIÐUR E. ÁRNADÓTTIR, D



SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON, D



SÍV FRÍÐLEIFS-DÓTTIR, B



STURLA BÖÐVARSSON, D



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR, S



# SORENTO

## KRAFTUR OG ÁREIÐANLEIKI ER STAÐALBÚNAÐUR

KIA SORENTO

# 48.990 kr.\*

\*Miðað við gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða og 30% innborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,64%.

Fullt verð: 4.190.000 kr.

- Öflug 170 hestafla dísilvél
- Ný og glæsileg innrétting
- Hátt og lágt drif
- 5 þrepa sjálfskipting
- ESP stöðugleikastýring
- 16" álfelgur
- Vindskeið og þokuljós
- Hraðastillir
- Þakbogar
- 3.500 kg dráttargeta

**KIA**  
KIA MOTORS  
The Power to Surprise™

Reynslan er góð!



Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt





**FÁTÆKT Í KABÚL** Afgönsk móðir betlar á götum Kabúlborgar. Hún vonast til að afaksturinn hjálpi til við að greiða húsaleigu og afla fæðu handa fjórum börnum hennar. NORDICPHOTOS/AFP

Samþykkt einróma að Anna Kristinsdóttir yrði ráðin mannréttindastjóri:

## Borgarstjóri viðstaddur viðtöl

**BORGARMÁL** Anna Kristinsdóttir hefur verið ráðin mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar. Þetta var samþykkt á borgarráðsfundi í síðustu viku. „Nú er búið að eyða óvissunni sem ríkti um þetta,“ segir Sóley Tómasdóttir, vara-borgarfulltrúi Vinstri grænna, sem sat á borgarráðsfundinum.

Tölvupóstur var sendur umsækjendum um að búið væri að ráða í stöðu mannréttindastjóra síðastliðinn föstudag. Í raun hafði einungis verið gerð tillaga að því að Anna yrði ráðin. Ákvörðunin var ekki tekin endanlega fyrr en á borgarráðsfundinum í morgun. „Það er miður hvernig komið var

fram við aðra umsækjendur en við vildum ekki láta það bitna á Önnu,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi Samfylkingar.

Spurt var á borgarráðsfundinum út í það að Ólafur F. Magnússon hafi setið atvinnuviðtöl við umsækjendur um stöðu mannréttindastjóra sjálfur. Ein röksemd meirihlutans var að Þórólfur Arnason hefði gert það á sínum tíma. Sóley segir það hafa verið annað mál þar sem Þórólfur hafi verið ráðinn borgarstjóri en ekki skipaður pólitískt eins og Ólafur.

„Ég veit ekki til þess að pólitískur borgarstjóri hafi tekið ráðningarviðtöl. Að þurfa að vera



**SÓLEY TÓMASDÓTTIR** Segir að það að Ólafur þurfi að taka atvinnuviðtöl sjálfur sýni hvað hann treysti sínu fólki illa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

með nefið ofan í öllu sýnir líklega hvað borgarstjóri treystir sínu fólki illa,“ segir Sóley Tómasdóttir.

- vsp

Vefur fyrir verðandi foreldra:

## Upplýsingatorg á meðgöngunni

**HEILBRIGÐISMÁL** Upplýsingatorg á vefnum fyrir verðandi foreldra hefur verið opnað undir slóðinni medganga.is. Þar er að finna hátt í tvö hundruð tengla sem tengjast meðgöngu og barneignum.

Upplýsingum á vefnum er skipt í fjóra flokka er tengjast meðgöngu, hreyfingu, fatnaði og barninu. Einnig er þar að finna góð ráð frá foreldrum. Í tilefni af nýja vefnum kom út samnefnt tímarit sem fæst ókeypis í apótekum og ungbarnaverslunum á höfuðborgarsvæðinu en er einnig hægt að nálgast á netinu. Þema blaðsins er góð ráð.


- ht

# Barcelona

í júlí og ágúst

Frá kr. **29.990**

Verzlunarmannahelgi í Barcelona - glæsileg gisting í boði!



Heimsferðir bjóða frábært tilboð á vikuförum til Barcelona í júlí og ágúst. Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Frábært mannlíf og óendanleg fjölbreytni í menningu og afþreyingu að ógleymdu úrvali fjölbreyttra verslana í borginni. Griptu þetta frábæra tækifæri - takmörkuð gisting og sætafjöldi í boði!

Verð kr. **29.990**

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Sértilboð 25. júlí, 1. og 8. ágúst.

Verð kr. **59.990**

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Confortel Barcelona \*\*\*\* í 7 nætur með morgunverði, 25. júlí.

Verð kr. **69.990**

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Rivoli Ramblas \*\*\*\*+ í 7 nætur með morgunverði. Sértilboð 1. ágúst.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000  
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Auglýsingasími

**512 50 50**



- Mest lesið

# Indónesía ber mesta ábyrgð á ofbeldinu

Sannleiksnefnd krefst þess að Indónesíustjórn biðji Austur-Tímor afsökunar á skipulagðri ofbeldisherferð og glæpum gegn mannkyni. Niðurstöður skýrslu nefndarinnar verða kynntar stjórnvöldum beggja ríkjanna í dag.

**AUSTUR-TÍMOR, AP** Indónesar frömdu glæpi gegn mannkyni þegar Austur-Tímor lýsti yfir sjálfstæði árið 1999, að því er sameiginleg Sannleiks- og friðarnefnd beggja ríkjanna segir.

Nefndin hefur rannsakað blóðbaðið og sent frá sér 300 blaðsíðna skýrslu þar sem skýrt er frá því að Indónesíuher, lögregla og borgaraleg stjórnvöld á Indónesíu hafi farið í „skipulega ofbeldisherferð“ gegnsjálfstæðisinninum á Austur-Tímor.

Nefndin segir að Indónesar ættu að sýna iðrun í verki og biðjast opinberlega afsökunar á morðum, pyntingum og öðrum voðaverkum sem framin voru.

Nefndin ætlar að kynna niðurstöður sínar í dag og afhenda skýrsluna bæði Susilo Bambang Yudhoyono Indónesíuforseta og Jose Ramos Horta, forseta Austur-Tímors.

„Við munum fallast á allt sem nefndin segir og fara að tilmælum hennar,“ sagði Teuku Faizasyah, talsmaður utanríkisráðuneytis Indónesíu. Hann sagði að stjórnvöld beggja ríkjanna teldu það siðferðilega skyldu sína að taka mark á niðurstöðum nefndarinnar: „Markmiðið er að græða sár fortíðar og starfa saman að betri framtíð.“

Í skýrslunni er hörðustu gagnrýninni beint að Indónesíu, en einnig eru stjórnvöld á Austur-Tímor sögð þurfa að biðjast afsökunar á voðaverkum sem



**LEIÐTOGAR AUSTUR-TÍMORS OG INDÓNESÍU** Xananan Gusmao, forsætisráðherra Austur-Tímors, og Susilo Bambang Yudhoyono, forseti Indónesíu. Myndin er tekin þegar þeir hittust í apríl síðastliðnum. NORDICPHOTOS/AFP

vopnaðar sveitir sjálfstæðisinnar frömdu. Er þar einkum vísað til þess að fólk hafi verið haft í haldi án lagalegra heimilda.

Í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1999 samþykktu íbúar á Austur-Tímor með yfirgnæfandi meirihluta að segja skilið við Indónesíu, sem hafði stjórnað þar með harðri hendi í 24 ár, eða allt frá því nýlendustjórn Portúgala á Austur-Tímor lauk.

Í kjölfar kosninganna hófst óöld mikil þar sem indónesískir hermenn og vopnaðar fylgisveitir þeirra fóru með ofbeldi á hendur

íbúum Austur-Tímors. Samkvæmt skýrslu frá Sameinuðu þjóðunum kostaði þessi ofbeldisherferð meira en þúsund manns lífið.

Leiðtogar á Austur-Tímor hafa ekki krafist þess að hinir seku verði dregnir fyrir dómstóla. Þeir hafa heldur ekki farið fram á að alþjóðlegur dómstóll verði fenginn til að fjalla um glæpin.

Þess í stað var þessi nefnd stofnuð og er hlutverk hennar að komast að niðurstöðu sem bæði Indónesar og Austur-Tímorar geta sætt sig við. gudsteinn@frettabladid.is

Símáþjónusta bankanna kostar sitt:

## Bara ókeypis hjá Glitni

Bankarnir á Íslandi eru duglegir við að leggja hin ýmsu gjöld á viðskiptavinum sína. Kristín I. Hilmarsdóttir skrifar: *Eg hringdi og lét millifæra fyrir mig peninga á milli reikninga í sama banka og í sama útibúi (Landsbankanum) og mátti gjöra svo vel að borga 240 kr. fyrir færsluna. Þetta er ekki há upphæð, þannig séð, og ég get skilið að bankarnir taki gjald fyrir að millifæra sín á milli. En að taka gjald fyrir færslur innan sama bankaútibús finnst mér nokkuð langt gengið.*

Inga Björk Svavarsdóttir furðar sig líka á gjaldgræðgi bankanna og skrifar: *Eg komst að því þegar ég leit á bankareikningsyfirlitið mitt í gær að 95 krónur hefðu verið teknar í þjónustugjald vegna símtals sem ég hringdi í þjónustuver Landsbankans til að fá að vita stöðu á reikningi. Ég fékk engar upplýsingar fyrirfram um að þessi þjónusta kostaði. Mér þætti gaman að vita hvað sambærileg þjónusta kostar hjá öðrum bönkum.*

Eins og sést hér á töflunni eru gjöld bankanna mishá. Ég hringdi í fjórar útlánsstofnanir og spurði annars vegar: Hvað kostar að millifæra símléiðs á milli



**DR. GUNNI** neytendur@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is



**ÞJÓNUSTAN ER ÓKEYPIS HJÁ GLITNI**  
En ekki hjá hinum bönkum.

tveggja íslenskra reikninga á sitthvorri kennitölunni í sama banka? Hins vegar: Hvað kostar að hringja og fá stöðu á reikningi? Glitni kemur best út úr þessari könnun. Þar er hvort tveggja ókeypis. Hinir bankarnir taka mismikið fyrir þjónustuna, Landsbankinn mest. Þess ber að geta að í öllum netbönkum væri hægt að framkvæma þessar aðgerðir ókeypis – enþá að minnsta kosti.

BANKI	MILLIFÆRA	FÁ STÖÐU
Landsbankinn	240 kr.	95 kr.
Kaupþing	220 kr.	75 kr.
Byr sparisjóður	100 kr.	100 kr.
Glitni	0 kr.	0 kr.



Ég mæli hiklaust með

**IQ-CARE**

Eftir að ég fékk mér IQ-CARE  
hef ég ekki fundið til í bakinu!

Sölvi Fannar Viðarsson  
Framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar



# SUMARTILBOÐ



Stillanleg rúm með okkar bestu  
IQ-CARE heilsudýnu

Multimemo	Verð áður	Tilboð
120x200	269.900	<b>179.900</b>
160x200	389.900	<b>239.900</b>
180x200	409.900	<b>249.900</b>
Swissflex 145	Verð áður	Tilboð
160x200	299.900	<b>169.900</b>
180x200	309.900	<b>179.900</b>

**Takmarkað magn**



COE leðurrúmstæði

fyrir dýnu-stærð 160x200  
Tilboð **76.930** Verð áður 109.900

**40-50%** afsláttur af völdum  
svefnherbergishúsgögnum

Chiropractic Luxury á tilboði

Queen 153x203 með botni og fótum

Tilboð **181.300**  
Verð áður 289.000



Óseyri 2

AKUREYRI



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

**Svefn & heilsa**



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150  
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 14:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)



Umferðaröryggi:

## Akstursæfinga- aðstöðu strax!

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

**A**ðgönum var kynnt skýrsla rannsóknarnefndar umferðarslysa þar sem fjallað er um þau slys sem urðu í umferðinni hér á landi á liðnu ári og ályktanir dregnar af þeim. Það jákvæða við það sem fram kemur í skýrslunni er að banaslys voru mun færri en verið hefur að jafnaði árin á undan. Hverju einasta banaslysi er þó ofaukið, svo að full ástæða er til að rýna í ástæður slysanna og reyna að draga úr líkum á því að fleiri slík slys verði.

Umræða um umferðaröryggismál hér á landi hefur því miður haft tilhneigingu til að vera „dæmigerð íslensk umræða“; það er umræða þar sem þátttakendurnir í henni víðra hver sína skoðunina hver í sínu horni og niðurstaðan er engin.

Ein algengasta upphrópunin þegar minnst er á umferðaröryggi er að hraðakstur sé mesta bölið. Þessi tónn er líka sleginn í samantekt á niðurstöðum hinnar nýju skýrslu: „Hraðakstur hefur lengi verið algengasta orsök alvarlegra umferðarslysa á Íslandi og varð engin breyting á því árið 2007. Í sex af 15 banaslysum í umferðinni var ökuhraðinn yfir hámarksþröðvaða eða ekið var of greitt miðað við aðstöðu“, segir þar.

Sá sem þetta skrifar vill ekki gera lítið úr alvöru þess þegar of greitt er ekið miðað við aðstöðu. En honum finnst oft sem horft sé fram hjá því sem hann telur vera kjarna málsins þegar skuldinni á slysi er skellt á hraðann einan. Lykilatriðið er nefnilega að slys verða þegar ökumenn hafa ekki fulla stjórn á ökutækjum sínum. Í því samhengi er hraðinn aðeins einn þáttur af mörgum. Reyndar er tekið fram í niðurstöðum skýrslunnar að ölvunarakstur, vanhöld á bílbeltanotkun og andlegt ástand fólks, ásamt syfju og þreytu séu þættir sem dæmin sanni að valdi slysum.

En hvað er það þá sem hægt er að gera til að stuðla að því að draga úr hættunni á alvarlegum slysum í umferðinni? Bætt umferðarmannvirki og auknið eftirlit lögreglu eru vissulega mikilvægir þættir. En einn þáttur hefur í öll þau ár sem talað hefur verið um umferðaröryggismál hérlendis verið vanræktur og það er þjálfun ökumanna í að halda stjórn á ökutækjum sínum þegar á reynir. Slíka þjálfun fær fólk ekki í hefðbundnu ökunámi. Slíka þjálfun er ekki hægt að veita með öruggum hætti nema á þar til gerðri æfingabraut. Það er satt að segja hreint og klárt hneyksli að í landi þar sem 200.000 ökutæki eru á götunum skuli hvergi vera búin að koma upp aðstöðu til að þjálfa akstur. Svo sem hálkakstur (líka að sumri til) og hvernig halda má stjórn á ökutæki þegar skyndileg hætta stöðjar að. Samstöðuleysi hagsmunaaðila og áhugaleysi þeirra sem fjármagnað gætu slíka framkvæmd, þá aðallega tryggingafélagin og stjórnvöld, veldur mestu um að engin þeirra áforma sem kviknað hafa á liðnum árum um smíði slíkrar brautar hefur komið til framkvæmda. Metnaðarfull áform einka- aðila um byggingu brautar til æfinga og akstursþróttaiðkunar á Reykjanesi hafa heldur ekki komist af undirbúningsstigi.

Það er engum vafa undirorpið að aðgangur að góðri akstursæfingaaðstöðu mun draga úr slysum. Tryggingafélagin ættu því að sjá hve hagkvæm fjárfesting byggingu slíkrar aðstöðu er. Það ættu stjórnvöld og aðrir hagsmunaaðilar líka að gera. Fórnarlömb akstursmistaka orðinna slysa mana til að slíkum framkvæmdum verði ekki frestað frekar.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365

**FRÉTTABLAÐIÐ** RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægumál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Arnmannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Björn vill evruvæðingu

Björn Bjarnason dómismálaráðgjafi svarað kalli félags stórkaupmanna um nýjan gjaldmiðil og veltir því fyrir sér á bloggsíðu sinni hvort taka megi upp evruna sem gjaldmiðil á Íslandi á grundvelli EES-samningsins. „Engin lagarök eru gegn því, að það verði gert“, skrifar Björn. „Mun meiri pólitísk sátt yrði um þá leið en aðildarleiðina.“ Þá grunar Björn að þessi leið til upptöku evru yrði vinsælli hjá forklöfum Evrópusambandsins en ef Ísland sækti um fulla aðild að sambandinu. Annað heyrðist á Olli Rehn, stækkunarstjóra ESB, í viðtali við Die Welt fyrir rétt tæpu ári síðan. Þá sagði hann að aðildarumsókn



Íslendinga yrði tekið fagnandi. „Við gætum byrjað fljótt á samningaviðræðum og það væri hægt að ljúka þeim á frekar stuttum tíma,“ bætti Rehn við.

#### Evra aðeins innan ESB

Skrif Björns stangast einnig á við orð Jose Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB, sem birtust í Morgunblaðinu 28. febrúar síðastliðinn. „Okkar skilningur, ekki aðeins varðandi Ísland, heldur sérhvert svipað tilfelli, er að myntsamruni við evrusvæðið til lengri tíma lítið komi aðeins til greina innan hins stærri ramma aðildar að Evrópusambandinu,“ sagði Barroso. Þá sagði hann að aðildarríki þyrftu að ganga í gegnum formlegt ferli og uppfylla öll skilyrði ESB fyrir upptöku evru.

#### Ekki trúverðugt

Skoðun Björns er einnig á skjön við orð flokksbróður hans og forsætisráðherra, Geirs H. Haarde, á Vísiskiptaþingi 13. febrúar síðastliðinn. Sagði Geir að einungis tveir kostir væru í boði, að halda íslensku krónunni eða taka upp evru sem jafnframt þýddi inngöngu í Evrópusambandið. „Það er einfaldlega ekki kostur að taka einhliða upp evru. Slíkt er ekki trúverðugt og því fylgir margs konar óhagræði og aukakostnaður,“ sagði Geir. Eflaust verða fjórir umræður um Evrópumálin á landsfundum Sjálfstæðismanna að ári. Þeir virðast eiga margt eftir óútrætt.



steindor@frettabladid.is

## Skrýtin nefnd og skrýtin viðbrögð

**E**in af þessum skrýtnu nefndum sem stundum eru skipaðar varð fyrir í sumar til þess að styggja Sagnfræðingafélagið. Þetta var nefnd á vegum forsætisráðherra undir forsæti Svöfu Grönfeldd rektors HR en skýrslan sem nefndin skilaði af sér hét að sögn „Ímynd Íslands, styrkur staða og stefna“. Fljótt á lítið virðist þessi skýrsla hafa að geyma meinlítið orðagjálfur eins og fylgir sjálfstyrkingarfræðum, þar sem þuldar eru ýmsar gamalkunnar möntrur um eigið ágæti og erindi við heiminn til að þylja við spegilinn áður en tekist er á við daginn og veginn.

Sjálf getur nefndin sagt sér til málsbóta að skýrslan hafi fyrst og fremst að geyma samantekt á niðurstöðum eftir fjöldamörg samtöl við ýmsa um þessi efni, og þannig gefi hún greinargóða mynd af sjálfsmynd þjóðarinnar.

#### Skrýtin nefnd

Setningarnar sem Sagnfræðingafélagið ályktaði gegn voru svohljóðandi:

„Fyrstu Íslendingarnir voru fólk sem kom hingað í leit að frelsi og betri líffsskilyrðum. Þjóðin bjó lengstum við kröpp kjör en þegar hún fékk frelsi og sjálfstæði tók hún stökk frá því að vera þróunarland til þess að verða ein ríkasta þjóð í heimi á innan við öld. Íslendingar eru dugleg og stolt þjóð, mótuð af lífsbaráttu í harðbýlu landi. Mikilvægasti menningararfur Íslendinga, íslensk tunga, lifir í máli þjóðarinnar og í bókmenntum hennar.“

Þetta segir sagnfræðingafélagið féla í sér sögusköðun sem sé „á skjön við sagnfræðirannsóknir síðustu 30-35 ára“. „Gamalkunnar goðsagnir“ er sú einkunn sem Sagnfræðingafélagið gefur „frelsisþrá landnámsmanna“ og „[nýrri] gullöld í kjölfar sjálfstæðis“ – og hafi þær verið smíðaðar til að „réttlæta



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Ályktun Sagnfræðingafélagsins

sjálfstæðiskröfuna“. Og loks eru sjálfstyrkingarfrömuðirnir átaldir fyrir að nota „nútimahugtök og -viðmið“ á borð við „þróunarland“ og „betri líffsskilyrði“.

Sem fyrir segir: skrýtin nefnd. Hún lauk störfum á útmánuðum og maður áttar sig ekki alveg á því hvers vegna nákvæmlega þetta fólk átti að hjálpa okkur að komast að því hvernig okkur fyndist við vera. Er hún skipuð til að hressa okkur í öllu mótlætinu? Vega upp á móti neikvæðinni í Den Danske Bank? Og af hverju fólk úr HR? Út af öllum þessum MBA-námskeiðum sem þar eru haldin fólki til sjálfstyrkingar?

Það er nú það. En er þetta jafn vitlaust og Sagnfræðingafélagið segir? Getur það verið að það sé einskær „goðsögn“ að fólk sem hingað flutti af sjálfsdáðum hafi látið stjórnast af „frelsisþrá“? Þökk sé fræðimönnum á borð við Gísla Sigurðsson þá erum við æ meir farin að gera okkur grein fyrir hlut keltneskra þræla og landnámsmanna í íslenskrum menningu; og almennt gerir fólk sér líka grein fyrir því að Íslendingar eru þrátt fyrir einangrun ákaflega samsett þjóð, úr þeim sem hingað bárust í aldanna rás á þessa hrjóstrugu klettaeyju margvíslegra erinda og ílentust svo hér; hver dropi í blönduna skipti máli.

En má ekki þar fyrir alveg nota hugtak á borð við „frelsis-

þrá“ þegar rýnt er í sameiginlegan hugmyndaarf frá elstu tíð?

#### Niður með fánann!

Sagnfræðingafélagið talar um „goðsagnir“ í þessu sambandi. Skil ég þá sagnfræðingafélagið rétt að það sé andvíggt „goðsögnum“? Hvað er nákvæmlega átt við? Sögur af Óðni, Frigg og Loka? Tristran og Ísöld? Írafells-móra? Eða er hér talað um goðsagnir að lætti Rolands Barthes sem las þær úr ljósmyndum, auglýsingum, smáfréttum og öðrum litlum sögum samfélagsins um sjálf sig? Er samfélag sem hefur engar goðsagnir um sjálf sig æskilegt að mati Sagnfræðingafélagsins? Er það yfirleitt til?

Og getur verið að sú skoðun sé almennt ríkjandi innan Sagnfræðingafélagsins að Íslendingum hafi ekki vegnað betur en áður eftir að þeir öðluðust sjálfstæði? Það er þá ekki seinna vænna að þjóðin fái fregnir af því? Vill Sagnfræðingafélagið þá ef til vill að Íslendingar fari að sverja Danakonungi hollustueiða á ný? Ekkert „Declare independence“ og „raise your flag“ hér?

Á sínum tíma var Dönnum kennt um allt sem miður fór hér á landi (og er kannski enn, samanber umræðuna um Danska Banka) og smám saman hafa rannsóknir sagnfræðinga leitt í ljós að það voru ekki síður íslenskir stórbændur og embættismenn sem stóðu í vegi fyrir bættum kjörum alþýðu, þéttbýlismyndun, aukinni menntun og öðrum framförum. En þó að íslenskir höfðingar hafi gegnum aldirnar kúgað fé af kotungum og barist gegn hvers kyns umbótum þá held ég að ekki megi vanmeta þann kraft sem losnaði úr lúðingum fyrst árið 1904 og seinna árið 1944, framkvæmdaglegðin og uppbyggingarþrána.

Því þetta er mikilvæg umræða fyrir þjóðarkrífli á leið til Evrópu.

## Svikin við RÚV og svikararnir

#### UMRÆÐAN

Þorgrímur Gestsson skrifar um Ríkisútvarpið

**H**öskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, skrifar í Fréttablaðið á fimmtudaginn að Framsóknarflokkurinn hafi staðið vörð um Ríkisútvarpið meðan sá flokkur var í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum. Svo heldur hann áfram: „Undir lok þess tíma myndaðist þjóðarsátt um að RÚV yrði gert að opinberu hlutfélagi gegn því loforði að það yrði um leið eftt og sinnti hlutverki sínu enn betur en það hafði áður gert.“

Við í stjórn Hollvínasamtaka RÚV urðum aldrei vör við að nein þjóðarsátt hefði náðst í þessu máli. Við urðum hins vegar vör við að Framsóknarflokkurinn studdi frumvarp ríkisstjórnarinnar um að stofnunin yrði gerð að hlutfélagi, sem síðan var breytt í opinbert hlutfélag, þrátt fyrir margendurtekin loforð um að standa gegn breytingu RÚV í hlutfélag.

Fullyrnt var að með því að gera RÚV að hlutfélagi og losa það við þunglamalegt stjórnkerfi ríkisstofnunar myndi reksturinn batna. En við höldum því



ÞORGRÍMUR GESTSSON

alltaf fram að það væri blekking, rekstrarafkoman hefði ekkert með rekstrarformið að gera. Hins vegar töldum við nauðsynlegt að létta lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna af stofnuninni.

Fyrir viku þóttist einnig Guðni Ágústsson vera mikill vinur RÚV og taldi í grein í Morgunblaðinu að RÚV ætti sér nú „öngvan vin“. Hann gleymir því að hann, sem þóttist vera vinur RÚV meðan hann sat í ríkisstjórn, sveik illilega þegar hann greiddi hlutfélagavæðingunni atkvæði sitt.

Nú er allt komið fram sem Hollvínir RÚV og margir fleiri sögðu þegar þeir voruðu við hlutfélagavæðingunni en fjárhagur RÚV hefur í engu breyst. Og enn er óleyft það verkefni að tryggja framtíð Ríkisútvarpsins sem sjálfstæðs og óháðs almannaútvarps.

Ég get verið sammála fyrrnefndum framsóknarmönnum um að gerð hefur verið mikil aðfór að RÚV. En hefði ekki verið réttara að lækka til að mynda laun æðstu yfirmanna og selja jeppa útvarpsstjóra en segja upp fólki sem gegnir því lykilstarfi á einni útvarps- og sjónvarpsstöð, að búa til dagskrá?

Höfundur er formaður Hollvínasamtaka Ríkisútvarpsins.

-2kr.

Sæktu um ÓB-lykilinn á [www.ob.is](http://www.ob.is)





**SALTFÉLAGIÐ**

Grandagarði 2  
101 Reykjavík  
Sími 578 7810  
[www.saltfelagid.is](http://www.saltfelagid.is)

HEIMILIÐ ER HEILAGT



hún kom á eftir mér út í skríðshús þar sem ég hafði gleymt kambinum og sagði að þetta væri þakinn og mér fannst hann næstum stærri en hún þar sem hún stóð í fjólubláu dragtinni sinni nýkomin úr lagningu

hún sagði að ég væri sláandi lík mömmu í kjólnum, hún sagðist hafa gefið mömmu og þabba alveg eins brúðkaupsgjöf, svo allt gæti byrjað, hún var svo flink hún mamma þín, sagði hún og ég sagði: hættu nú, amma

ég held að hún hafi helst viljað að ég opnaði þakann strax en ég var að verða of sein í myndatökuna, hún þurrkaði mér um kinnina og sagðist bara hinkra



**HARALDUR ÓLAFSSON, PRÓFESSOR Í MANNFRÆÐI VIÐ HÍ, ER FÆDDUR ÞENNAN DAG ÁRÍÐ 1930.**

„Svar við einni spurningu kallar á aðrar spurningar.“

Haraldur Ólafsson var blaðamaður á *Alþýðublaðinu* um skeið, síðar dagskrárstjóri hjá Ríkissútvarpinu og sat á þingi fyrir Framsóknarflokkinn um tíma. Hann hefur ritað nokkrar bækur, meðal annars *Manneskjan er mesta undrið*.



## tímamót

tímamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 14. JÚLÍ 1974**

## Hringvegur opnaður um Ísland

Þennan dag árið 1974 var vegurinn um Skeiðarársand opnaður við hátíðlega athöfn. Magnús Torfi Ólafsson samgönguráðherra klippti á borða sem strengdur var yfir Skeiðarárbrú. Þar með lauk tengingu hringvegur um landið.

Framkvæmdir á sandinum hófust í september 1972. Þær fólust í gerð vegar milli Núpsstaðar og Skaftafellsár, aflmiklum varnargörðum og byggingu 12 brúa, meðal annars lengstu brúar landsins - yfir Skeiðará. Alls var kostnaður um 850 milljónir og var hann fjármagnaður með happdrættislánum ríkissjóðs.

Vígsluathöfnin fór fram við vestri sporð Skeiðarárbrúar og sóttu hana vel á þriðja þúsund manns, þar á meðal forsetahjónin, Kristján og Halldóra Eldjárn. Veður var gott nema hvað gríðarstór skúr kom meðan á hátíðadagskrá stóð í stóru samkomuþjaldi og varð Eysteinn Jónsson alþingismaður að gera hlé á ræðu sinni á



meðan. Fleiri ávörp voru flutt og nýstofnaður kór Skaftafellinga í Reykjavík söng í fyrsta sinn opinberlega. Margt var sér til gamans gert og hátíðahöldum lauk með útidansleik um kvöldið.

### MERKISATBURÐIR

- 1929 Varðskipið *Ægir* kemur til Reykjavíkur, fyrsta íslenska skipið knúð dísilvél. Það á eftir að þjóna Íslendingum í nær sex áratugi.
- 1839 Skírnarfontur sem Bertel Thorvaldsen gaf Dómkirkjunni í Reykjavík er vígður. Við athöfnina er drengur skírður í höfuðið á listamanninum.
- 1958 Hópur íraskra hermanna fremur valdarán og veltir Faisal konungi úr stóli en talið er að hann hafi látist í árásinni.
- 1962 Hótel Saga er tekin í notkun undir stjórn Þorvaldar Guðmundssonar.
- 1971 Fyrri ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar tekur við völdum af viðreisnarstjórninni.

### AFMÆLI



**EDDA BJÖRG EYJÓLFSDÓTTIR LEIKKONA** er þrjátíu og sex ára í dag.



**ANDRI SNÆR MAGNASON RITHÖFUNDUR** er þrjátíu og fimm ára í dag.



**ÓMAR STEFÁNSSON BÆJARFULLTRÚI** er fjórtíu og tveggja ára í dag.



**PÉTUR MARTEINSSON FÓTBOLTAKAPPI** er þrjátíu og fimm ára í dag.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Rósa Pétursdóttir,**

varð bráðkvödd að heimili sínu, Grænumörk 5 Selfossi, sunnudaginn 6. júlí. Jarðarförin auglýst síðar.

Börn, tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Eiríkur Alexandersson**

frá Grindavík, Prestastíg 11, Reykjavík,

lést á Krabbameinsdeild Landspítala við Hringbraut föstudaginn 11. júlí. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 18. júlí kl. 14.00.

Hildur Júlíusdóttir

Almar Eiríksson

Leifur Eiríksson

Margrét B. Eiríksdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Kittý Magnúsdóttir

Þórey G. Guðmundsdóttir

Edvard G. Guðnason



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sighvatur Borgar**

**Hafsteinsson**

Norður-Nýjabæ, Þykkvabæ,

lést að morgni þriðjudagsins 8. júlí á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Þykkvabæjarkirkju miðvikudaginn 16. júlí kl. 14:00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Una Sölvadóttir

Sindri Snær Sighvatsson

Sölvi Borgar Sighvatsson

Sigurborg Sif Sighvatsdóttir

Sigurjón Fjalar Sighvatsson

Jósef Hallur Haraldsson

Valdís Katla Sölvadóttir



**FRAMKVÆMDARÁÐ LUNGA** Ívar Pétur Kjartansson, Sigrún Halla Unnarsdóttir, Björt Sigfinnsdóttir, Sigríður Eir Zophoniasardóttir, Lís Leifsdóttir og Guðmundur Jónsson.

LUNGA: LISTAHÁTÍÐ UNGS FÓLKS Á AUSTURLANDI

## Góður stökkpallur fyrir nám

Gjörningar, fatahönnun, teiknimyndasögugerð, sirkus og trommuleikur eru meðal þeirra greina sem kenndar eru í smíðjum hinnar árlegru listahátíðar LungA. Hún hefst á Seyðisfirði í kvöld og stendur fram á sunnudag. Þátttakendur eru á aldrinum 16 til 25 ára og leiðbeinendurnir listamenn á heimsmælikvarða hver á sínu sviði.

Sex manna ráð ungs fólks í listum hefur veg og vanda af undirbúningi LungA, auk framkvæmdastjóra. Talsmaður hópsins er Björt Sigfinnsdóttir. „Það er mikið líf og fjör á Seyðisfirði þessa vikuna,“ segir hún glaðlega. „Hátt í annað hundrad manns koma að hátíðinni með einhverjum hætti og við það bætast gestir sem koma alls staðar að og njóta þess sem boðið er uppá. Þeir hafa síðustu ár verið þrjú til fjögur þúsund.“

Miðstöð LungA er í Félagsheimilinu Herðubreið sem Björt segir ótrúlega vel fallið til þessara nota, þar séu margir salir, gangar og eldunaraðstaða. Síðan telur hún upp það helsta sem framundan er. „Við erum með gjörningasmiðju í fyrsta skipti undir stjórn meistaranna Snorra og Ásmundar Ásmundssonar. Í fatahönnun leiðbeinir Sara í Nakta apanum sem er meðal vinsælustu hönnuða meðal unga fólksins í dag. Sirkus-kennararnir eru frá hinum heimsfræga „Circus Cirkör“. Við erum með kennslu í teiknimyndasögugerð sem hinn eini sanni Hugleikur Dags-son heldur utan um. Svo er farið með krakkana um heima tónlistarinnar og þeim kennt að nota skrítn hjóð í bland við alvöru hljóðfæri. Fyrir því standa Gísli Galdur úr Trabant og Curver úr Ghostigital sem ekki þarf að kynna

og í smíðju sem nefnist Stomp kennir Bjössi úr Mínus krökkunum að slá takt á það sem hendi er næst.

Björt segir þá hefð hafa skapast að hafa opin námskeið eitt kvöld og nú verði kennt bókband. „Á fimmtudeginum frá 17 til 20 getur fólk bundið hér inn gömul ástarbréf, uppskriftir, teikningar eða hvað sem er í fallega bók,“ lýsir hún.

Björt segir kvöldviðburðina sem eru kvikmyndasýningar, hönnunarsýning og stórtónleikar opna öllum og bendir á að nánari upplýsingar séu á [www.lunga.is](http://www.lunga.is)

Tónleikana á föstudag og Dj veisluna á laugardeginum segir hún verða veglega. Þar komi fram virtir kraftar eins og Truntimuller og Kasper Bjørke sem séu meðal eftirsóknarverðustu plötusnúða í heimi. „Söngkonan Bryndís Jakobs verður hér og ekki má gleyma Bang Gang sem hefur aldrei spilað áður á Austurlandi. Blood Groop ætlar að frumflytja fullt af nýju efni hér hjá okkur og kemur beint af Hróarskelduhátíðinni.“

Björt segir hugmyndina að LungA hafa upphaflega kviknað við eldhúsbörðin heima hjá henni fyrir næstum tíu árum þegar hún kvartaði undan því við móður sína að ekkert væri um að vera fyrir unga fólk. „Þá dreif mamma upp eitt stykki listahátíð með góðra manna hjálp,“ rifjar hún upp. „Tilgangurinn hefur alltaf verið að gera listina aðgengilega ungu fólki og leyfa sem flestum að skapa. LungA er vettvangur þar sem hver og einn getur komið og lært og ég tel hana góðan stökkpall fyrir frekara nám.“

[gun@frettabladid.is](http://gun@frettabladid.is)

## Legsteinar

í miklu úrvali



**Steinsmiðja**

• Váðarhöfða 1

• 110 Reykjavík

• Sími 566 7878

• Netfang: [rein@rein.is](mailto:rein@rein.is)

REIN



## 80 ára afmæli

Í dag, 14. júlí, er

**Stella Lange**

**Sveinsson**


80 ára. Í tilefni dagsins ætlar hún og eiginmaður hennar, Haraldur Sveinsson, að vera með heitt á könnunni á heimili sínu að Bláhörmum 4 Grafarvogí milli kl. 17-21. Vonast til að sjá sem flesta ættingja og vini.



**Blómavasar**  
og blóm gera fallest heimili enn fallegra. Góð hugmynd er til dæmis að kaupa litríkan blómavasa og setja fallegar liljur eða aðra tegund blóma í vasann.



**Öryggi á heimilum**  
skiptir miklu máli. Sjóv forvarnahúsið hefur í samstarfi við Ikea innréttað tvö örugg heimili í Forvarnahúsinu, Kringlunni 3. Mögulegt er fyrir almenning að koma og skoða heimilin undir leiðsögn sérfræðings Forvarnahússins, [www.forvarnahusid.is](http://www.forvarnahusid.is).



**Innbrot** aukast á sumrin þegar fólk fer í frí. Fólk getur gert ýmislegt til að sporna við þeim. Til dæmis ganga vel frá hurðum og gluggum og skilja ekki varalykil eftir á vafasömum stað. Einnig er gott að reyna að láta líta út eins og það sé einhver heima. Ekki má vera póstur sem auglýsir fjarveru íbúa.

# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ



## Taktu hjólið með

- settu það á toppinn.



### THULE ProRide 591

Einfaldar og stílhreinar hjólafestingar. Auðveldar í notkun.



### THULE OutRide 561

Fyrir þá sem eru vanir. Hjólið fest í framgaflinum.

Allar upplýsingar um **THULE** er að finna á vef Stillingar [www.stilling.is](http://www.stilling.is)

**Stilling**  
[www.stilling.is](http://www.stilling.is) // [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)

Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bildshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur  
Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður | Draupnisdaga 1, 600 Akureyri  
Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þorgerður heilsaði afrísku styttnum kumpánlega þegar hún var lítil stúlka í heimsókn hjá afa sínum og ömmu.

## Erfðagripir frá Afríku

*Þorgerður Guðmundsdóttir læknir á í fórum sínum tvær tréstyttur frá Afríku sem hún erfði eftir afa sinn og ömmu.*

„Þetta eru karl og kerling sem unnin eru úr tré og voru styttnar keyptar í Afríku fyrir um fjörutíu til fimmtíu árum. Ég erfði þær frá ömmu og afa en áfi keypti styttnar á ferðum sínum með fraktskipum til Afríku þar sem hann var að fara með skreið til Kongó,“ útskýrir Þorgerður áhugasöm. Afi hennar starfaði sem vélstjóri á fraktskipum hjá skipadeild Sambandsins og ferðaðist víða.

„Þegar kom að því að úthluta þessum styttnum fannst systkinum pabba eiginlega ekki annað hægt en að ég fengi þær af því að þegar ég var lítil stúlka var ég plötud til þess að heilsa alltaf styttnum þegar ég kom í heimsókn. Þannig að í hvert skipti sem ég

kom til afa og ömmu heilsaði ég styttnum alltaf mjög kumpánlega,“ segir Þorgerður og hlær. Þorgerður hefur að hluta til fetað í fótspor afa síns en hún fór til Afríku sumarið 2005 og heimsótti þá Kenía.

„Ég fór með nokkrum vinum og félögum úr lækna-deildinni en við fórum sem læknanemar og unnum sjálfbodastörf í fátækrahverfum Naíróbí. Það var heilmikil upplifun og það sem sló mig helst voru bágar aðstæður. Annað sem vakti ekki síður athygli mína var hvað fólk var þrútt fyrir allt ánæggt með sitt og lífsglatt þó svo það byggði við afar kröpp kjör,“ segir Þorgerður og lýsir yfir áhyggjum af versnandi aðstæðum í kjölfar kosninganna í vetur sem leið en þá urðu mikil átök í Kenía. „Að öðru leyti er Afríka mjög spennandi álfa og náttúran þar er ótrúleg og skemmtilegt að ferðast um og skoða dýralíf,“ segir Þorgerður dreymin.

[hrefna@frettabladid.is](mailto:hrefna@frettabladid.is)

## “HJÓLAÐU Í LÖFFLER”

frábær fatnaður fyrir hjólafélkið:  
buxur, jakkar, regnföt o.fl.

einnig ýmsar aðrar góðar útivistarvörur frá  
Marmot, SCARPA, Smartwool, Black Diamond o.fl.



**FJALLAKOFINN**

Reykjavíkurvegi 64 / 220 Hafnarfirði / Sími 510 9505 / [www.fjallakofinn.is](http://www.fjallakofinn.is)

**VÍSIR.IS**  
“...ég sá það á vísi”

Auglýsingasími

**512 50 50**



- Mest lesið






**GLÓFAXI HF.**  
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

## Þrjár stærðir á alla

Hægt er að breyta stofunni hjá sér með litilli fyrirhöfn en Sófalist er með mikið úrval af áklæðum á flestar tegundir sófa og stóla.

Fyrirtækið Sófalist sérhæfir sig í áklæðum fyrir sófa og stóla sem auðvelt er að smella á, taka af og setja í þvott. „Við erum með mikið úrval af spænskum áklæðum í þremur gerðum. Við erum með teygjanleg og bundin áklæði og svo lausar ábreiður, það fer allt eftir því hvernig sófinn er, hvað hentar best,“ útskýrir Vigdís Haraldsdóttir eigandi Sófalistar.

Bundnu áklæðin eru bundin við arma og bak sófans og henta best sófum með föstum sessum. Teygjanlegu áklæðin eru hönnuð fyrir sófa með lausum sessum, en á þeim áklæðum er stroff sem fer undir sessurnar og heldur áklæðinu föstu. Lausu ábreiðurnar eru fyrir sófa með háum örmum eða þá sem eru óhefðbundnir í laginu. Áklæðin koma í þremur stærðum, fyrir þriggja sæta og tveggja sæta sófa og svo stóla. Sófalist er með marga liti í boði í áklæðum sínum, öll í þremur stærðum.

Að sögn Vigdísar hafa vinsældir þessara áklæða mikið verið að aukast, en Sófalist hefur verið starfrækt síðan árið 2003. „Mikið er um að fólk fái sér svona til að lifga upp á gömul og þreytt sófa-sett, en svo er þetta líka tekið fyrir dýra og fína sófa til að verja þá



Vigdís segir vinsældir þessara áklæða mikið vera að aukast.

FRETTABLAÐID/ARNPÓR

fyrir hnjaski, til dæmis þegar barnabörnin koma í heimsókn,“ segir Vigdís.


Nýjung hjá fyrirtækinu eru leiguáklæði fyrir veislustóla og skreytingar fyrir veislusalí og hefur það verið afar vinsælt fyrir brúðkaupsveislur. „Við erum líka með áklæði á sól- og eldhússtóla en einnig erum við með rúm-

teppi og gardínur í stíl,“ segir Vigdís.

Þeim sem vilja kynna sér áklæðin betur er bent á heimasíðu Sófalistar [www.sofalist.is](http://www.sofalist.is).

[klara@frettabladid.is](mailto:klara@frettabladid.is)

## BYLGJAN BER AF



Samkvæmt könnun Capacent í aldurshópnum 18-54 ára á tímabilinu 1. janúar til 29. júní 2008. Hlutdeild - hlustun í mínútum á dag.



Golfbílar Verð kr 599.000  
Með Trojan rafgeymum frá USA



Rafskutlur Verð kr.149.000  
Með 2 körfum og stafahaldara



Golfhjól Verð kr 156.000 2 gerðir  
Henta einnig mjög vel til ýmisa nota

## Golfbílar, Golfhjól, Rafskutlur og Slöngubátar á frábæru verði



**H-Berg ehf**  
Import-Export



Slöngubátar 3,60 kr 122.000  
3,80 kr 138.000 4,30 163.000





Páll Einarsson gæddi gamlan heimilisvin nýju lífi og bjó til litla kalla og pöddur úr myndbandstækinu sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Kallar og pöddur

Páll Einarsson, vöruhönnuður og þúsundþjalasmiður, er handlaginn á heimilinu.

„Ég er alltaf eitthvað að dúlla mér,“ segir Páll þegar hann er inntur eftir því hvað hann hafi verið að fást við heimavið undanfarið. Hann segir þó að verði á byggingarefni í dag setji mark sitt á framkvæmda-semina svo leita verði á önnur mið. Hann gæddi því gamlan heimilisvin nýju lífi og endurnýtti myndbandstækið sitt.

„Það liggur við að það sé dýrara að mála vegg en að rífa hann hreinlega niður og smíða nýjann,“ segir Páll, „en myndbandstækið á heimilinu var orðið afar slápt, átti það til að skemma spólur og svo var það líka mjög sjaldan notað. Ég ákvað að því að það fengi nýtt hlutverk og nú er það til skrauts! Ég bjó til litla kalla og pöddur úr tækinu sem eru hérna uppi á hillu.“

Myndbandstækið hafði verið hluti af heimilinu í tólf ár svo Páli þótti vænt um það enda var tækið dýrt á sínum tíma.

„Ég er reyndar ekki alveg búinn að finna þessum litlu fígúrum hlutverk,“ segir hann hlæjandi en bætir við að þetta hafi verið betra en að henda tækinu. „Það hefði verið synd. Tækið er flókið og með fallegan mekanisma. DVD-spilarinn sem leysir það af er ekkert merkilegur.“ - rat




Litlir kallar og dýr prýða nú heimilið.

## Hagkvæmt skraut

BROSANDI SKÁL.

Þessi brosandí skál frá Eva Solo lifgar upp á umhverfið og er einnig sniðug þegar borið er fram nasl af ýmsum toga. Hún hentar þó sérstaklega vel fyrir hnetur með skurn þar sem hægt er að setja skurnina ofan í lautina eftir að góðgætið hefur verið fangað úr henni. Einnig er sniðugt að setja nammibréf í lautina ef skálin er fyllt af sælgætismolum í bréfi. Skálin er í senn falleg og hagnýt og er hún úr munnblásnu gleri og mörgum lögum af gleri. Liturinn er fallega lífónugrænn og er hún 21 cm í þvermál. Hönnuðir skálarinnar eru Henrik Holbaek og Claus Jensen hjá Tools Design en framleiðandi er Eva Solo. Hægt er að panta skálin á vef Finnish Design Shop, <http://www.finnishdesignshop.com>. - hs



Fallegir legsteinar á góðu verði

**Englasteinar**

Helluhrauni 10 Hafnarfirði  
Sími: 565-2566  
[www.englasteinar.is](http://www.englasteinar.is)



Myndavélar, mikið úrval kynntu þér verðin á **fotoval.is**



Myndavéla-  
viðgerðir  
Skiptóli 50B  
Sími 553 9200

[www.fotoval.is](http://www.fotoval.is) • [mail:fotoval@fotoval.is](mailto:fotoval@fotoval.is)

5125050

Auglýsingasími

Mest lesið

# MOSFELL

## KERTO LÍMTRÉ

### Byggingarefni framtíðarinnar


Engar kraftsperrur, notaðu lofthæðina

Losnaðu við óparfa burðasúlur

Vegna mikils styrkleika og léttleika, hentar það einnig vel við krefjandi endurbætur

Kerto límtré kemur í stöðluðum þykktum 27, 33, 39, 45, 51, 57, 63, 75mm og uppúr

3 tegundir með sama brotþol samkv. evr. stöðlum: 160mm 120mm 75mm



Gegnheill Hefðbundið KERTO  
viður C-24 Límtré G-L32

Finnsk gæðavara

Létt og meðfærileg

Hátt brunapol

Hæð eftir óskum

Lengd allt að 23 m.

Alltaf til á lager

16% meira eldþol

20% meira brotþol

E modull fellur ekki eins og í hefðbundnu límtré þótt bitar fari undir 90 mm þykkt



# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á [visir.is](http://visir.is) ]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN  
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000  
[smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is) / [visir.is](http://visir.is)

AFGREIÐSLAN ER OPIN:  
VIRKA DAGA

8-17

## BÍLAR & FARARTÆKI

**Bílasalan** **Bílfang**  
[www.bilfang.is](http://www.bilfang.is)

### Sparaðu milljón!



Einn glæsilegasti Audi Q7 Premium landsins, innfl. nyr 11/2007, LOFTPÚÐAFJÖÐRUN, leður, glerpak ofl. Lækkað verð 7.9 mil, áður 8.9 MILLJÓN í AFSLÁTT (S. 864-8989 eftir lokun)

### Sparaðu milljón!



Dodge Grand Caravan (7 manna) Stow & Go árg 2007 ek 31 þ.km verð áður 3790 nú 2790, MILLJÓN í AFSLÁTT. (S. 864-8989 eftir lokun)

### Sparaðu milljón!



Dodge Grand Caravan (NEW) Stow & Go, 7 manna, árg 2008 ek 26 þ.km, Leður ofl Verð áður 4.9 mil nú 3.9 mil, MILLJÓN í AFSLÁTT.

### Sparaðu milljón!



Dodge Dakota 3.7 V6 árg 01/2006 ek 59 þ.km Leður, plasthús ofl Verð áður 2.850 nú 2350, HÁLF MILLJÓN í AFSLÁTT (864-8989 eftir lokun)

### Sparaðu milljón!



Fiat Ducati Joint Háþekja DIESEL 08/2007 ek 4 þ.km verð áður 5.9 mil nú 4.9 mil ákv ca 3.5 mil MILLJÓN í AFSLÁTT. (S. 864-8989 eftir lokun)

8114

Bátar upp að: 4,3 m (14 fet)  
Heildarþyngd: 500 kg  
Burdargeta: 370 kg  
Dekk: 10"

Verð:  
160.000,-

[Lyfta.is](http://Lyfta.is) - 421 4037 - [www.thuletrailers.is](http://www.thuletrailers.is) - [thule@thuletrailers.is](mailto:thule@thuletrailers.is)



## Sparaðu milljón!



Mercury Grand Marquis V6 árg 2004 ek aðeins 20 þ.km verð áður 1990 nú 990, milljón í afslátt (864-8989 eftir lokun)

## Sparaðu milljón!



M-Benz S 600 Coupe árg 1996 ek 165 þ.km mikið yfirfinn, bíll með öllum aukabúnaði verð áður 1990 nú 990 MILLJÓN í AFSLÁTT. (S. 864-8989 eftir lokun)

## Sparaðu milljón!



Toyota Tundra Crewmax LTD árg 05/2007 ek 20 þ.km DVD, lúga, leður ofl verð áður 5400 nú 4400, MILLJÓN í AFSLÁTT (S. 864-8989 eftir lokun)

**Bílasalan Bílfang**  
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**  
**Sími: 567 2000**  
**[www.bilfang.is](http://www.bilfang.is)**



**Úrval nýrra atvinnubíla á frábæru verði!!**  
Nýr Renault Kangoo. Verð kr : 1.359þ. án vsk. Nýr Renault Trafic. Verð kr : 1.990þ. án vsk. Nýr Renault Trafic. 9 manna. Verð kr : 3.190þ. með vsk. Nýr Renault Trafic Langur. Hár toppur. Verð kr : 2.490þ. án vsk. Nýr Renault Master. 7 manna með palli. Verð kr : 2.538þ. án vsk. Nýr Renault Master. Millilangur. Hár toppur. Verð kr : 2.795þ. án vsk. Allir bílar dísel og til afgreiðslu strax!

**Sparibill ehf**  
**Fiskislóð 16, 101 Reykjavík**  
**Sími: 577 3344**  
**[www.sparibill.is](http://www.sparibill.is)**

## Bílar til sölu

### LAGERSALA Fólksbílar



Fáðu Betra Tilboð!  
10% útborgun - íslensk ábyrgð

**islandus.com**  
[www.islandus.com](http://www.islandus.com) - Sími 552 2000

Nýjrir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Dodge Grand Caravan frá 2050þús, Dodge Caliber frá 1790þús, Ford Mustang frá 2400þús, Toyota Camry frá 2650þús, Volvo S60 frá 2950þús, Audi A4 Turbo frá 3250þús, Dodge Charger frá 2390þús, Benz C230 frá 3700þús. Sími 5522000. [www.islandus.com](http://www.islandus.com)



VW Golf árg. '98. Ek. 155 þ. Bsk. Álfelgur. 3 dyra. Sk. '09. Toppbill. Svartur. V. 195 þ. Uppl. í s. 868 2352.



Corolla HB Sol 1600 5 dyra. Árg '04 Ek. 49 þkm. Álfelgur, sumar-og vetrardekk listaverð kr 1789þús fæst á kr 1590þús stgr. Uppl 862 6445 eftir kl 16.




Nissan Patrol árg. '00, ek. 92 þús, 35" breyttur, einn eigandi, dekraður. Uppl. í s. 892 3207.



Til sölu Scania 113M Árg. 1995 ekinn 300.000, krani Hiab 280 árg. 1995. Ný dekk, 7 metra fastur pallur, afturlappir, bíll og krani í góðu ásigkomulagi. Verð 7.000.000,- + VSK ekkert áhvilandi. Upplýsingar í síma 897 5908 Himmi.

!Milljón! og 3 bílar, BMW X5 '03, Santa Fe '02, Stílo '04 [www.simnet.is/zazou](http://www.simnet.is/zazou)



**M. Bens 300E 4matic**  
Árg. '94, ek. 188 þús., 7 manna. Topplúga, dráttarkrókur og fleira. Algjör guillmó. Verð 690 þús. S. 841 8955.

## 1-2 milljónir

### LEXUS RX400 HYBRID



Fáðu Betra Tilboð!  
10% útborgun - íslensk ábyrgð

**islandus.com**  
[www.islandus.com](http://www.islandus.com) - Sími 552 2000

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzin og dísel bíla. Pantaðu Hybrid reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 552 2000. Kynntu þér úrval Hybrid jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á [www.islandus.com](http://www.islandus.com)



Hyundai Trajet 2.7i '02 ek. 81 þ., ssk., álf., fjarst., krók. & toppl. Tilboð 1.300 þ. S. 892 0741.



2 milljónir +  
270hp - 7,5L/100km!  
**islandus.com**  
[www.islandus.com](http://www.islandus.com) - Sími 552 2000

Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzin og dísel bíla. Pantaðu Hybrid reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 552 2000. Kynntu þér úrval Hybrid jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á [www.islandus.com](http://www.islandus.com)

## Jeppar

### LAGERSALA JEPPIAR



Fáðu Betra Tilboð!  
10% útborgun - íslensk ábyrgð

**islandus.com**  
[www.islandus.com](http://www.islandus.com) - Sími 552 2000

Nýjrir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Ford Explorer frá 2790þús, Dodge Durango frá 2790þús, Jeep Grand Cherokee frá 2590þús, Toyota Highlander frá 3100þús, Landrover LR3 Discovery frá 5690þús, Benz ML350 frá 5350þús, Audi Q7 frá 5750þús, VW Touareg frá 4750þús. Sími 5522000. [www.islandus.com](http://www.islandus.com)



Til sölu MMC Pajero 3,2 DID, árg. '02, ek. 195 þ.km. ssk. 33" hækkun. Sk.'08. Glx, litað gler, hiti í sætum, dráttarkúla og Crus Control. V. 1.700 þ. Uppl. í s. 898 6111.

## Pallbílar

### LAGERSALA Pallbílar



Fáðu Betra Tilboð!  
10% útborgun - íslensk ábyrgð

**islandus.com**  
[www.islandus.com](http://www.islandus.com) - Sími 552 2000

Nýjrir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008. Ford CREW F150 frá 2450þús, Ford F350 DIESEL frá 3390þús, Dodge RAM 1500 frá 2300þús, Dodge RAM DIESEL frá 3290þús, Toyota Tacoma frá 2990þús, Toyota Tundra frá 3090þús. Sími 5522000. [www.islandus.com](http://www.islandus.com)

## Sendibílar



Möguleiki á skipti á minni sendibíl. Benz Sprinter 416 árg. '04 ek. 74.500 km. burðargeta 2300. Rafmagn í rúðum, speglum, spólörvum, skriðvörn, þjófavörn, Víbasta olíu miðstöð, bakkmyndavél. S. 899 9485.

MMC Canter með kassa & 1500kg lyftu. 00 árg ek 190þ, skoðaður í topp standi. Verð 1350þ+vsk. Vísa/Euro raðgr. 897-2323

## Hópförðabílar



Til sölu 52ja manna Man SR292 H hópförðabíll. Ekinn 789.000 Árgerð 1987, nýskoðaður í góðu standi. Mjög gott stgr. verð. Upplýsingar í síma 770 1080.

## Vörubílar



Vörubíllinn er - innviðskráður  
Nýbúttur - Vöðgerð - Almannatöngu - Gætt og gott verð  
Fjór og góð þjónusta



Palomino Maverick 1000 hjólhýsi, rétt verð 2.298 þús, tilboðsverð 1.800 þús. Seglagerðin Ægir - Eyjarslóð 5, 101 Reykjavík - Sími: 511 2200



TEC Tour Live 580 TKM árg. '07 til sölu. Hlaðið aukabúnaði. Ásett v. 3.2 mil. Fæst á 2.5 mil. Uppl. í s. 699 3467.

## Vinnuvélar

### ARMAR

GRÖFUR  
og ýmis önnur tæki til byggingaframskvaðna til leigu.



S. 565 4646  
[www.armac.is](http://www.armac.is)

## Hjólbarðar



Til sölu felgur undan Chrysler Aspen. gata stærð. 5x5,5. Low Profile. Passar undir Dodge Durango, Dakota og Pick-up. Einnig Chevrolet Tracker. Uppl. í s. 899 5120.

## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar í VW og Skoda. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf**  
**S. 587 7659.**  
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla.

Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.

Grænumýri 3 Mosfellsbæ

[www.bilapartar.is](http://www.bilapartar.is)

**Japanskur Vélar/Bílastart, Bílapartasala**  
Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284, partasolur.is

**Bíllutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**  
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Er að rífa vw Bora 2000 1600 ssk. uppl. í síma 8460165

**ÞJÓNUSTA**

## Veitingastaðir

Hafið Bláa útsýnis og veitingastaður við Ósa Ölfusár fyrir einstakling og minni hópa. Opið alla daga S. 483 1000 & [www.hafidblaa.is](http://www.hafidblaa.is)

**allt**  
**bílar**  
Alla laugardaga





Telma Róbertsdóttir  
Löggiltur fasteignasali

# HÚSIN Í BORGinni

## ... það borgar sig!



HÚSIN Í BORGinni • Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 511 5005 • Fax 511 5009 • www.husin.is

# fasteignir

14. JÚLÍ 2008

### FALLEG SUMARHÚS Í GRÓÐURSÆLUM REIT VIÐ LAUGARVATN Í LANDI ÚTEYJAR.



Vandað 70fm heilsárshús ásamt 12fm gestahúsi. Húsið skiptist í forstofu og hol. Baðherbergi, 2 svefnherbergi, eldhús, sjónvarpsstofu, niðurbyggða arinstofu. Gólfefni eru massíft hnotu parket og flísar. Ca 100 fm skjólgóð verönd er við húsið.

Verð 35.9 m.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 896-7064



Gert er ráð fyrir heitum potti á veröndinni.

## Stór verönd og svalir

Fasteignasalan Remax hefur til sölu tveggja hæða endaraðhús auk bílskúrs á góðum stað í Garðabæ.

Um er að ræða fimm ára gamalt endaraðhús við Greiniás í Garðabæ. Húsinu fylgir fallega ræktaður garður og rúmlega hundrað fermetra verönd þar sem gert er ráð fyrir heitum potti. Gengið er inn á neðri hæð hússins sem skiptist í forstofu með skáp, parketlagt hol, flísalagða gestasnyrtingu, þvottaherbergi og er innangengt í bílskúr.

Eldhúsið er flísalagt með viðarinnréttingu, borðkrók og vönduðum tækjum. Stofan og borðstofan eru parketlagðar með útgangi út á timburverönd með skjólveggjum.


Steyptur, parketlagður stigi er á milli hæða. Á efri hæð hússins eru þrjú parketlögð svefnherbergi með skápum. Baðherbergið er flísalagt með sturtuklefa og hornbaðkari. Frá rúmgóðu parketlögðu sjónvarps-holi er útgengi út á stórar svalir yfir bílskúrnum.

Hellulagt plan er fyrir framan húsið með hitalögn og nægum bílastæðum.

# SIBA

ÞAKRENNUKERFI  
á öll hús - allsstaðar

Úrval líta á lager




Það er engin ástæða til að horfa á heiminn í svarthvítu. SIBA-ÞAKRENNUKERFI í fjölda líta

# BLIKKÁS - FUNI

Smiðjuvegi 74 - 200 Kópavogi - Sími 515 8700  
www.funis.is - www.blikkas.is

## Leigðu og eigðu ...



# ibud.is

Ný leið til fasteignakaupa

Sími 660 9791



# FASTEIGNASALAN GIMLI

## 570 4800

Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali  
Reykjavík - Sími 570 4800  
Grensásvegi 13, 2. hæð - 108

### KÁRSNESBRAUT 123 EINBÝLI Á EINNI HÆÐ

160 fm einbýlishús á einni hæð á góðum stað í vesturbæ Kópavogs. Íbúðin er 128 fm og viðbyggður bílskúr er 32 fm. Þrjú svefnhrb. og tvær bjartar stofur. Gler nýl. endurnýjað að hluta. Stór og sólríkur garður.

**OPIÐ HÚS Í KVÖLD  
MÁNUDAG FRÁ KL 18 - 19**



**EIGNIN GETUR LOSNAÐ FLJÓTLEGA. Áhv. 23 millj. 5,3 % vextir.  
Verð 36,8 millj. Sölumenn Gimli sýna eignina.**

Búgarðabyggð í Árborg  
Tjarnabyggð

„Einn áhugaverðasti búsetukosturinn í dag“

Lóðalán með 5% föstum vöxtum til 40 ára  
Gildir til 29.07.2008

Viðtöl við kaupendur á heimasíðunni [www.tjarnabyggd.is](http://www.tjarnabyggd.is)

**Kynning**

allar helgar í sumar frá kl.13-17

fasteignasalan  
GARÐUR

Fasteignasalan Garður: sími 5621200  
Sigrún Sigurpáldóttir löggiltur fasteignasali  
Landeigandi í síma 898-0343

Ljósleiðari um alla Tjarnabyggð

Það er Síminn



### 109 Reykjavík: Tvær verandir í afgirtum garði Bakkasel 25: Raðhús í botnlanga

Fasteignasalan Stakkafell hefur til sölu tveggja hæða raðhús með bílskúr. Húsið er í botnlanga þar sem gangstéttir eru upphitaðar, gróður mikill og leiktæki.

**Lýsing:** Húsið er á tveimur hæðum ásamt kjallara, alls 264 fermetrar að stærð, með bílskúr. Inn af forstofunni er herbergi á hægri hönd og þvottahús á vinstri hönd, með innréttingu og glugga. Úr forstofu er hurð inn í hol þar sem timburklæddur stigi er upp á efri hæð hússins og niður í kjallara. Stofan er rúmgóð með gluggum í suður og gafflugga. Möguleiki er á að skipta stofunni í þrennt. Eldhúsið er með hvítir eikarinnréttingu og flísalagt er á milli skápa. Borðkrókur er í eldhúsinu. Á þessari fyrstu hæð er snyrting með lítilli innréttingu og útgengi út í lítinn garð. Á efri hæð hússins eru þrjú svefnherbergi. Hjónaherbergið er með góðum skápum, mahogny þiljum í



lofti með innbyggðum ljósum. Útgengt er út á flísalagðar svaflir úr hjónaherberginu. Hin tvö svefnherbergin eru með suðurgluggum. Baðherbergi efri hæðar er með baðkari og ófrágenginni sturtu. Flísalagt er í hólf og gólf. Súðargeymslur eru í risi. Innangengt er í kjallarann en hann er einnig með

sérinnangi. Úr forstofu kjallarans er gengið inn í miðjuhol. Frá því er gengið inn í aðrar vistarverur íbúðarinnar sem eru tvö svefnherbergi, stór stofa með eldhúsi, baðherbergi með flisum í hólf og gólf, sturtu, skáp yfir vaski og tengingu fyrir þvottavél. Verið er að klára utanhússviðgerðir.

**FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI**  
Fyrirtækjasala Íslands

Valgeir Kristinsson, hrl., lögg. fasteignasali  
Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • [www.fyrirtækjasala.is](http://www.fyrirtækjasala.is)

### GLÆSILEG TÍSKUVERSLUN- MIÐBORGIN

Gott fyrirtæki auglýsir eftir málurum. Uppl. í s. 552 5354.

Óska eftir málara, trésmíð og múrara. Uppl. í s. 616 1569.

Óskum eftir að ráða rafvirkja. Uppl. í s. 694 1500 á vinnutíma. Rafboði.

## Atvinna óskast

Vantar þig Smíði, múrara eða járnabindingamenn? Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Getu hafið störf nú þegar.  
Proventus starfsmannabjónusta s. 661 7000.

## VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu. Getur hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannabjónusta s. 661 7000

## Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki

## Sjálfstæður smíður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

20. ára nemi í rafvirkjun óskar eftir vinnu í sumar og með skóla í vetur. Er opinn fyrir ýmsum störfum. Sími: 8619894

33 ára, austurrískur maður bakari/konditor að mennt með alþjóðlega reynslu óskar eftir vinnu frá 01.sept.ýmsl. kemur til greina.S: 8479139/audia4rol-and@hotmail.com

Starfsfólk frá Lettlandi: smíðir, verkamenn, meiraprófsbilsstjórar, suðumenn, fiskvinnslufolk o.fl. S.8457158

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Þjóðhátíð nálgast! Prentum á boli með þinni áletrun á vinahópinn. www.figurastore.com

## Einkamáll

## SÍMAPJÓNUSTUR

## Stefnumót

905-2000 (símatorg)  
535-9920 (kreditkort)  
535-9923 (fritt, karlar)  
555-4321 (fritt, konur)

## Spjall

904-5454 (símatorg, karlar)  
535-9940 (kreditkort, karlar)  
555-4321 (fritt, konur)

## Gay spjall

535-9988 (kreditkort)

## Sögur

905-2002 (símatorg)

535-9930 (kreditkort)

## Spjaldómur

908-6000 (símatorg)

535-9999 (kreditkort)

## 908 6666

Við viljum vera sumardásirnar þínar í nótt. Opíð allan sólarhringinn.

Einhleypur karl á besta aldri óskar eftir að kynna myndalegri og reglusamri konu. 35-45 ára. Svar sendist til FBL merkt Frábært líf. Svar fyrir 19. Júl.

# RE/MAX

## Lind



## Kvistavellir 34 - 40 / 221 Hafnarfjörður



## Velkomin á sölusýningu

13/07 - Sunnudagur 17:00 - 18:00  
14/07 - Mánudagur 18:00 - 19:00

VERÐ FRÁ 27,2 millj.

Glæsileg og vönduð raðhús á góðum stað á Völlumum í Hafnarfirði. Gólfhiti og neysluvatn ísteypt. Stæði fyrir halogenljós steypt í loft neðri hæða. Gott verð fyrir góða eign. - Húsin eru í byggingu.

Stærð 172,5 fm

Bílskúr

4 herbergja



## Kvistavellir 44 / 221 Hafnarfjörður

90% LÁN



## Velkomin á sölusýningu

13/07 - Sunnudagur 18:00 - 19:00  
14/07 - Mánudagur 19:00 - 20:00

VERÐ FRÁ 27.1 millj.

Glæsilegt 4 hæða 19 íbúða fjölbýlishús með lyftu. Íbúðirnar eru mjög vel skipulagðar. Það eru nokkrar 4 herbergja íbúðir eftir í húsinu og er hægt að fá þær með bílskúr, verðið á bílskúr er frá 3.500.000 kr.

Fjölbýli m/lyftu

90% lánakjör

4 Herbergja íbúðir



## Boas

Sölufulltrúi  
699 6165  
boas@remax.is



## Þórarinn Jónsson

Löggitur fasteignasali, Hdl

RE/MAX Lind • Bæjarlind 14-16  
201 Kópavogur • Sími: 520 9500



# Stóðhestaspilið seldist vel á landsmóti hestamanna

Nýtt íslenskt spil er komið á markaðinn. Stóðhestaspilið heitir það og er hannað af sömu köppum og stóðu að Hrutaspilinu sem kom út í desember 2006 og uppskriftaspilabókinni Veiðimanni sem kom út árið 2007. Það eru þeir Stefán Pétur Sólveigarson og Sverrir Ásgeirsson.


Spilinu svipar mjög til Hrutaspilsins. Spilað er um eiginleika stóðhestanna og einkunnir gefnar fyrir til dæmis afkvæmi, kynbætur, byggingu og hæfileika hestanna, en eins og með öll hin spilín þá er hægt að nota þau sem hefðbundinn spilstokk. Stóðhestaspilín eru aðeins stærri en venjuleg spil, eða í hinna svokölluðu pókerstærð.

Spilið var fyrst kynnt á Landsmóti hestamanna á dögnum og seldist vel. Að sögn Stefáns tók það pínulítið á taugarnar að kynna spilið á mótinu, en það gekk mjög vel og spilinu var vel tekið. „Flestir af hestunum

sem stóðu sig vel á Hellu eru í stokknum og því var mikil ánægja með það á mótinu,“ segir Stefán.

Að sögn Stefáns tók gerð spilsins um tvo mánuði, en báðir voru þeir félagar í annarri vinnu með. Það voru þó ekki þeir sem völdu hestana í spilið heldur fengu þeir þrjá ráðunauta sér til aðstoðar. Mikið var lagt í spilið, en að sögn Stefáns keyptu þeir allar ljósmyndirnar á spilunum og létu prenta allt í fjórum litum, bæði fram- og bakhlið, sem telst fremur óvanalegt miðað við upp-  
lag.

Spilið fer í verslanir á næstu dögum og verður það selt í bókabúðum um allt land, í flugstöð Leifs Eiríkssonar og í spilabúðum. Þeim sem vilja kynna sér spil félaga nána er bent á heimasíðuna [www.spilaborg.is](http://www.spilaborg.is).



FRÁ AFHENDINGU Sóley S. Bender, deildarforseti hjúkrunardeildar HÍ, Ingibjörg R, stofnandi sjóðsins, og Sigurður J. Hafsteinsson, fjármálastjóri Háskóla Íslands.

## Góð gjöf

Á dögnum bætti Ingibjörg R. Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur 1.750.000 krónum í sjóð sem starfar í hennar nafni við Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Hann veitir styrki til rannsóknaverkefna hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í doktorsnámi. Þetta rausnarlega framlag Sigrúnar kemur í tilefni af eins árs afmæli sjóðsins og 85 ára afmæli hennar.

Stofnfé sjóðsins er 5.000.000 króna og samanstendur af gjafafé frá Ingibjörgu, Magnúsi Friðriki Guðrúnarsyni og fé sem gefið var í tilefni doktorsprófs Sigrúnar Gunnarsdóttur. Einnig framlögum Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði, Glitnis, Ljósmæðrafélags Íslands og heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis. Ingibjörg var ein þeirra sem stóð að stofnun námsbrautar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands árið 1973 og stjórnaði þeirri braut um tíma.



INNRI-NJARÐVÍK Kirkjan er hlaðin úr handhöggnu grjóti og var vígð árið 1886. MYND/ELLERT

## Opið í Innri-Njarðvík

Kirkjan í Innri-Njarðvík er með elstu steinhúsum landsins. Kirkjan verður opin gestum daglega í sumar milli klukkan 13 og 17 en röng mynd birtist síðasta mánuðag með frétt þess efnis.

Kirkja hefur staðið í Innri-Njarðvík í margar aldir. Bygging þessara sem nú stendur hófst árið 1884 og var grjótið í hana tekið úr fjörinni og úr heiðinni. Grjótið var flutt heim og höggvið til undir stjórn Magnúsar Magnússonar múrara í Miðhúsum í Garði en fyrir kirkjubyggingunni stóð Ásbjörn Ólafsson bóndi og hreppstjóri í Innri-Njarðvík. Kirkjan var svo vígð 18. júlí árið 1886 af séra Þórarni Böðvarssyni prófasti.

Kirkjan var lagfærð árið 1944 en þá hafði hún lítið verið notuð í tæp 30 ár. Guðjón Samúelsson teiknaði nýjan turn á kirkjunni og fékk kirkjan altarisöflu eftir Magnús Á. Arnason myndlistarmann að gjöf. Sjá [www.nat.is](http://www.nat.is).



ÍSLENSKA STAÐS FLE 40917 06.2008



## Sumarfríið hefst í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Í verslunum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar færðu allt sem þú þarft fyrir ferðalagið: Sólarvörn, myndavél, strandtösku, sólgleraugu, stuttbuxur, i-Pod, tímarit og ekki má gleyma gjaldryrinum. Njóttu þess að gera góð kaup í upphafi ferðarinnar og vertu klár á ströndina um leið og þú lendir á áfangastað.



ferð til fjár  
FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

[www.airport.is](http://www.airport.is)



**TAKTU ÞÁTT!**  
**ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!**  
**10. HVER VINNUR!**



**ÚTSÖLU  
LEIKUR**

Sendu SMS skeytið  
**BT XXX** á númerið **1900**.  
Þú færð spurningu og svarar með því að senda  
SMS skeytið **BT A, B** eða **C** á númerið **1900**.

**Aðalvinningur er  
MEDION tölva  
ásamt 19" LG skjá!**

Geggjáðir aukavinningar  
PANASONIC MINIDV • iPod Nano • Playstation 3  
GARMIN GPS • HP Prentarar • Olympus myndavélar  
SonyEricsson gsm símar • PSP tölvur • Gjöfabrétt á Tónlist.is  
Kíppur af Gosi, Guítar Hero bolir og enn meira af  
DVD myndum, geisladiskum og tölvuleikjum!

\*Aðalvinningar dregnir út úr öllum innsendum skeytum þann 8. ágúst 2008. Vinningar verða afhentir í BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS Klúbb. 99 kr/skeytið. Þú færð 5 mín til að svara spurningu. Leik líkur 8. ágúst 2008



## STUÐ MILLI STRÍÐA Hlustið á rödd skynseminnar

VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR KYNNIST NIÐURSUÐVÖRUM BETUR



Vesalings Gordon Brown. Hann er með óheppnari forsætisráðherra Bretá; hann tók við sökkvandi skútu og nú er honum kennt um allt sem miður fer á meðan forveri hans, hinn elsaði og dáði Tony Blair, flengist glottandi um heiminn og vinnur sér inn stig í stóru mannvinnakeppni fyrrum þjóðarleiðtoga. Á meðan sekkur Bretland, svipað Íslandi, í vonlaust kreppufen og almenningur hefur upp raust sína og formælir áætlaðri vanhæfni forsætisráðherrans.

Gordon gefst þó ekki upp og reynir sitt besta til þess að vera rödd skynseminnar á þessum ógn-

vekjandi efnahagstímum. Í síðustu viku hélt hann ræðu þar sem hann hvatti samlanda sína til þess að hætta að sóa matvælum. Hver bresk fjölskylda kastar matvöru að andvirði 64.000 íslenskra króna í ruslið á ári hverju og að auki sóa fyrirtæki, verslanir og veitingastaðir enn meiru. Gordon blöskraði eðlilega þessar ógnvænlegu tölur og hvatti því samlanda sína til aðhalds í matarinnkaupum og skipulagningar í matargerð. Tveimur dögum eftir að Gordon lét þessa skoðun frá sér var gerð könnun á meðal kjósenda Verkalýðsflokksins sem leiddi í ljós að 75 prósent þeirra telja forsætisráðherrann ómurlagan lúða.

En hægan, hægan. Þó að það sé

vissulega fremur asnalegt að hvetja almenning til þess að borða minna af mat þegar maður er sjálfur á leið í átján rétta matarboð í Japan, þá er Gordon bara alls ekkert svo galinn. Hver sá sem hefur þurft á þremur gulrótum að halda en neyðst til að kaupa tvö kíló, því annað er ekki til í búðunum, þekkir þirringinn sem því fylgir að verða að borða gulrætur í hvert mál í viku ellegar henda einu og hálfu kíló, og þar með peningum, í ruslið. Hægt væri að arginttæst endalaust út í skítlegt eðli stórmarkaðanna og þátt þeirra í offitufaraldrinum, sem klárlega er mikill, en það er sannarlega þjóðráð að líta jafnframt í eigin barm og kynnast frystinum og niðursuðvörum eilíftið betur.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





## Brusco flytur Chopin og Shubert



### Kl. 13

Vasaleikhúsið fer í loftið á Rás 1 kl. 13 í dag. Endurflutt verða, á hverjum virkum degi næstu þrjár vikurnar, átján örleikrit eftir Þorvald Þorsteinsson, rithöfund, myndlistarmann og leikskáld, og að auki verður spjallað við Þorvald um tilurð Vasaleikhússins og kafað í ýmislegt það sem gerðist á bak við tjöldin í þessu frumlega útvarpsfni.

# menning

menning@frettabladid.is

Ítalski pianóleikarinn Sebastiano Brusco er virtur og margverðlaunaður á sínu sviði. Hann er nú á tónleikaferð um Evrópu og Ameríku og leikur á þrennum tónleikum á Íslandi á næstunni. Fyrstu tónleikarnir og þeir einu í Reykjavík verða í Listasafni Sigurjóns annað kvöld kl. 20.30.

Sebastiano Brusco kemur reglulega fram á tónleikum víða um heim og hefur leikið einleik með hljómsveitum á borð við sínfóníu-hljómsveitir Milánó og Transylvaníu og I Solisti Veneti. Tvívegis áður hefur hann leikið hér á landi, og í þetta sinn hefur hann í farteskínu spennandi efnisskrá sem hann nefnir Chopin og Shubert: Samanburður á tveimur rómantíkeraum.

Brusco er listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar Musica a Piazza Navona í Róm og hefur boðið fjölmörgum íslenskum tónlistarmönnum að leika á hátíðinni undanfarin ár. Hann vinnur einnig náð með rússneska fiðluleikaranum

Vadim Brodsky. Brusco hefur sérhæft sig nokkuð í að leika tónlist tuttugustu aldarinnar og hefur frumflutt verk eftir tónskáldin Tosatti, M. Gould, Milhaud og fleiri. Ljóst er að hér er á ferð pianóleikari í fremstu röð sem tónlistar-áhugafólk ætti ekki að láta fram hjá sér fara. Í ár eru liðin 20 ár frá því að Listasafn Sigurjóns Ólafssonar opnaði fyrir almenning og í haust verða 100 ár liðin frá fæðingu listamannsins sjálfs. Vikulegir sumartónleikar hafa verið hluti af starfi safnsins frá upphafi og fara tónleikarnir fram í aðalsal safnsins, sem er fyrrverandi vinnustofa myndhöggvarans. Tónleikarnir hafa frá upphafi notið mikilla vinsælda, enda ljúf upplifun að njóta fallettrar tónlistar í skemmtilegu umhverfi safnsins. Eftir tónleika geta gestir notið veitinga í kaffistofu safnsins fyrir opnu hafinu og síðbúnu sólarlagi. Miðasala á tónleikana fer fram við innganginn, einnig er hægt að panta miða í safninu í síma 553 2906. Aðgangseyrir kr. 1.500. -vp



SEBASTIANO BRUSCO Kemur fram á tónleikum í Listasafni Sigurjóns annað kvöld.

## Fornöldin inn í nútímann

Skömmu fyrir helgi var opnuð sumar-sýning Listasafns Íslands. Að þessu sinni býður safnið gestum sínum upp á sýningu á verkum í eigu safnsins, en sýningar-gripirnir eiga það allir sameiginlegt að snerta á einhvern hátt á klassískum fagurfræðilegum gildum.

Halldór Björn Runólfsson er safnstjóri Listasafns Íslands og jafnframt sýningarstjóri sýningarinnar. Hann segir sýninguna að mestu byggða upp í kringum verk eftir listamanninn Pablo Picasso; brjóstmynd af konu listamannsins.

„Ég var búinn að ákveða að mig langaði til þess að sýna þessa brjóstmynd sem Picasso gerði af eiginkonu sinni, Jacqueline Roque Picasso. Jacqueline sjálf gaf Íslendingum þessa brjóstmynd þegar hún heimsótti landið á níunda áratugnum, en eftir því sem ég best veit hefur verið ekki sýnt síðan,“ útskýrir Halldór.

Brjóstmyndin af Jacqueline ber sterk höfundar-einkenni Picassos en vísar einnig í klassísk gildi þeirrar listsköpunar sem fór fram í fornöld fyrir botni Miðjarðarhafs. „Verkið kallast sterklega á við forn-kítverska list. Picasso var sannkallaður Miðjarðarhafsmáður og var í öllu starfi sínu ákaflega innblásinn af fornmenningu svæðisins. Hann fór þó að sjálfsgöðu sínar eigin leiðir í listsköpun sinni og tókst þannig að koma klassískinni fyrir í nútímanum.“

Á sýningunni má enn fremur sjá fjöldann allan af verkum eftir íslenska listamenn sem á einhvern hátt búa yfir, eða kallast á við, klassísk gildi í myndlist. En hver eru þessi gildi? „Ég leitaði að verkum í safneigninni sem búa yfir fallegri myndbyggingu og leggja áherslu á lítafleti. Að sama skapi reyni ég að forðast verk þar sem expressionísk gildi eru við lýði; það er að segja verk þar sem pensillinn hefur fengið að leika lausum hala um strigann,“ segir Halldór.

Á sýningunni eru verk eftir marga af fremstu myndlistarmönnum þjóðarinnar, þeirra á meðal



JACQUELINE MEÐ GULAN BORDA EFTIR PICASSO Þetta verk er nú til sýnis í Listasafni Íslands.

Jóhannes Kjarval, Gunnlaug Scheving, Júlíönu Sveinsdóttur og Snorra Arinbjarnarson. Halldór segir mörg verkanna á sýningunni þó fremur sjaldséð. „Þessi sýning er einmitt skemmtileg fyrir þær sakir að hún sýnir skýrt hve mikilli breidd þessir listamenn bjuggu og búa yfir. Það er viss tilhneiging til þess að sýna aftur og aftur þekktustu verk þekktara listamanna, en ég tel víst að verkin á þessari sýningu muni koma mörgum listunendum á óvart.“

Þessi áhugaverða sumarsýning Listasafns Íslands stendur fram til loka september. [vigdis@frettabladid.is](mailto:vigdis@frettabladid.is)

## Salman Rushdie enn fremstur meðal jafningja

Hin mikilsvirtu Booker-bókmenntaverðlaun, sem veitt eru árlega fyrir skáldverk á ensku, eiga fjórutíu ára afmæli í ár. Sem nokkur hefð er fyrir á slíkum tímamótum hafa aðstandendur verðlaunanna notað tækifærið og litið um óxl og gert upp ágæti vinningshafanna hingað til.

Skemmst er frá því að segja að skáldsagan *Midnight's Children*, eða *Miðnæturbörn* eins og hún nefnist í íslensku þýðingu, eftir rithöfundinn umdeilda Salman Rushdie hlaut þann heiður að vera útnefnd best allra Booker-verðlaunaðra skáldverka. Sérleg dómnefnd valdi sex verðlaunuð skáldverk til þess að keppa um heiðurn, en almenningur sá svo um að velja úr þeim hóp og kjósa sína eftirlætisskáldsögu á heimasíðu verðlaunanna. Nokkra athygli vekur að rúmlega helmingur þeirra sem kusu voru undir 35 ára aldri og voru því barnungir eða jafnvel ófæddir þegar Rushdie hlaut Booker-verðlaunin árið 1981.

Salman Rushdie var staddur í Bandaríkjunum við kynningar-



SALMAN RUSHDIE Einn virtasti og vinsælasti rithöfundur samtímans.

störf á nýjustu skáldsögu sinni, *The Enchantress of Florence*, þegar honum bárust fréttirnar af útnefningunni. Hann var að vonum kátur.

„Ég er afskaplega ánægður með heiðurn og langar til að þakka öllum þeim lesendum víðs vegar um heiminn sem greiddu *Miðnæturbörnum* atkvæði sitt,“ sagði Rushdie þegar honum voru færðar fréttirnar. „Það er sérstaklega gaman að sjá að fólkíð sem kaus bókina er upp til hópa ungt;

það sýnir að *Miðnæturbörn* á enn erindi við heiminn.“

*Miðnæturbörn* segir frá indverskri menningu um miðja síðustu öld og fjallar sérstaklega um sjálfstæði landsins frá Bretum. Hún var einungis önnur skáldsaga Rushdies, en kom honum á kortið svo um munar. Rushdie er þó líkast til best þekktur um heim allan fyrir skáldsöguna *Söngvar Satans* sem kom fyrst úr árið 1988. Bókin varð þegar mjög umdeild á meðal múslima sem margir hverjir töldu hana guðlast. Rushdie þurfti í kjölfarið að eyða stórum hluta tíunda áratugarins í felum þar sem að hann var réttðræpur í augum margra öfgasinnaðra múslima.

*Miðnæturbörn* hlaut talvert fleiri atkvæði í keppinni um bestu Booker-bók allra tíma en hinar bækurnar fimm sem tilnefndar voru og voru breskir veðbankar flestir á því að hún yrði fyrir valinu. Því er ólíklegt að veðgláðir bókmenntaunnendur hafi grætt fúlgur fjár á sigri sögunnar. -vp

## Samþykkt rithöfunda heimsins

Alþjóðlegt þing rithöfunda og þýðenda – WALTIC – The value of words var haldið í Stokkhólmi 29. júní til 2. júlí síðastliðinn. Á þinginu var samþykkt eftirfarandi ályktun, sem þátttakendur á þinginu, alls um 600 manns, rituðu nafn sitt undir. Þeirra á meðal voru 9 íslenskir fulltrúar frá Rithöfundasambandi Íslands og Hagþenki, félagi höfunda fræðiritna og kennslugagna.

### WALTIC samþykktin

Bókmenntir eru uppspretta þekkingar og búa yfir krafti sem eflt getur heilu þjóðirnar. WALTIC leggur áherslu á gildi orðanna með því að staðhæfa að mannréttindi séu í miklum mæli tengd viðgangi læsis sem og sköpun og útbreiðslu bókmennta af margbreytilegasta toga.

Læsi, tjáningarfrelsi og réttindi rithöfunda eru lykillinn að sannleiksleit sem aldrei lýkur og stuðla að þróun samfélaga sem byggð eru á gildum lýðræðis og mannréttinda sem og möguleikum einstaklinga til að tjá þekkingu sína og reynslu.

Mannréttindafyrirlysingin sem samþykkt var af Sameinuðu þjóðunum 10. desember 1948, staðhæfir að:

19. grein: Hver maður skal frjálss skoðana sinna og að því að láta þær í ljós. Felur slíkt frjálssræði í sér réttindi til þess að leita, taka við og dreifa vitneskju og hugmyndum með hverjum hætti sem vera skal og án tillits til landamæra.

26. grein (1): Hver maður á rétt til menntunar. Skal hún veitt

ókeypís, að minnsta kosti barnafræðsla og undirstöðumenntun. Börn skulu vera skólaskyld.

27. grein (2): Hver maður skal njóta lögverndar þeirra hagsmuna, í andlegum og efnalegum skilningi, er leiðir af vísindaverki, ritverki eða listaverki, sem hann er höfundur að, hverju nafni sem nefnist.

Nauðsynlegt er að efla læsi efla bæta á velferð og lýðræði og standa vörð um mannréttindi. Rétturinn til menntunar og aðgangur að fjölbreytilegum bókmenntum fyrir börn eru mikilvæg verkfæri í baráttu gegn ólæsi. WALTIC hvetur öll lönd heims til að beita sér fyrir og styðja þjóðlegt og alþjóðlegt átak til að efla læsi.

Með því að standa vörð um tjáningarfrelsi er almenningur jafnt og ráðamenn betur í stakk búnir til að skilja þá veröld sem þeir eru staddir í og taka upplýstar ákvarðanir. WALTIC krefst þess að rithöfundar og þýðendur séu í störfum sínum tryggilega varðir af landslögum og alþjóðarétti.

Að efla höfundarétt í stafrænum heimi er ný ögrun. Stafræn tækni gerir höfundum og þýðendum kleift að vinna bug á ritskoðun og finna nýjar leiðir til að koma verkum sínum á framfæri. Í því skyni að gera frjálsum og sjálfstæðum höfundum fært að ráða yfir verkum sínum, fer WALTIC þess á leit að höfundaréttur sé virtur og eflur jafnt heimafyrir sem á alþjóðavettvangi.

Við gerum þá kröfu til okkar sjálfra sem og annarra, þar með talið félaga, stofnana, fyrirtækja, yfirvalda og ríkisstjórna, að styðja í verki:

Eflingu læsis/ Varðstöðu um tjáningarfrelsi/ Styrkingu höfundaréttar.

Gerum sagnalist heimsins öllum tiltæka.

## Táknmyndir í bókasafni

Sýningin Táknmyndir úr tilverunni stendur nú yfir í Aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur, Tryggvagötu 15. Á sýningunni má sjá verk eftir myndlistarmanninn Stefán-Þór, en í verkunum tekst hann á við táknmyndir hinna ýmsu trúarbragða heimsins. Bjarki Bjarnason ritar texta í sýningarskrá sýningarinnar, en í honum segir meðal annars: „Lífsganga okkar er vörðuð táknunum því vart er hægt að komast í gegnum hið daglega líf án þess að skilja tákn, túlka þau og nota. Umferðarljós eru tákn og tölur og bókstafir hafa táknrænt gildi, svo dæmi séu tekin. En utan hins hversdagslega hrings eru táknmyndir sem eru hlaðnar dýpri merkingu og hafa trúarlega og heimspekilega skírskotun. Og þegar grannt er skoðað eru slík tákn ekki síður mikilvæg á vegferð lífsins en götuvatn og verðmiðar því þau hafa leynt og ljóst áhrif á hugsun okkar og lífsstefnu.“

Stefán-Þór sýnir á bókasafninu hvorki meira né minna en 65 verk sem öll tengjast trúarbrögðum og lífsspeki á einhvern hátt. Sýningin stendur fram til 20. júlí. -vp



VIÐ HÖFNINA Grófarhúsið á Tryggvagötu hýsir aðalsafn Borgarbókasafnsins og sýningu Stefáns-Þórs.



## &gt; ÓVISS MEÐ BRÚÐKAUP

Jessica Biel segist ekki hafa neina löngun til að giftast. Hin 26 ára leikkona segist ekki verða vonsvikin þó hún myndi aldrei koma til með að giftast, en hún hefur átt í ástarsambandi við söngvarann Justin Timberlake frá því í fyrra. „Ég held að þegar maður tekur ákvörðun um að eignast fjölskyldu lendi allt annað í öðru sæti. Ég myndi ekki vilja tapa frama mínum og sjálfstæði heldur hafa jafnvægi á milli þess og fjölskyldunnar,” segir Jessica í viðtali við glanstímaritið Harper's Bazaar.



## Rod Stewart aftur með Faces

Unnið er að endurkomu hljómsveitarinnar Faces og nú er talið líklegt að Rod Stewart verði við hljóðnemann á tónleikaferðalagi sveitarinnar. Þetta fullyrðir Ian McLagan, einn meðlima Faces. Hann, Kenny Jones og Ronnie Wood hafa unnið að endurkomunni og telja sig nú hafa fengið Rod með sér í lið. Sögusagnir hafa verið á kreiki um að Rod yrði með eftir að hann sást snæða kvöldverð með Wood á dögnum.

„Rod hefur ekki verið tilkippilegur lengi,” sagði McLagan í samtali við BBC. „Hann fann enga þörf til að snúa aftur, en nú held ég að hann sé tilbúinn.“

Hljómsveitin Faces gaf út fjórar hljómplötur á árunum 1970 til 1973. Eftir það gekk Ronnie Wood í The

Rolling Stones en Rod Stewart hóf sólóferil sinn. McLagan fullyrðir að allir hljómsveitarmeðlimirnir verði lausir síðar á árinu og því sé gott tækifæri til að leggja í tónleikaferðalag.

„Stones eru ekki að fara að túra næsta árið svo Woody er laus; það er líka að opnast gluggi hjá Rod,” sagði hann. „Hjá mér er glugginn alltaf að opnast og lokast til skiptis en ég mun opna þennan glugga og troða mér í gegnum hann til að koma fram með The Faces aftur. Kenny er líka klár.“



**ALLTAF FLOTTUR** Rod Stewart er alltaf unglegur og hress. Talið er líklegt að hann muni syngja með The Faces síðar á árinu.

## fólk

folk@frettabladid.is

**Útsala**  
útsalan byrjar á morgun

ej sikke lej  
HUGIN MUEIN  
mini rodin


**RUMPU TUSKI**  
Laugavegi 27 (bókhús) 552 7722  
www.rumputuski.is

## Ljóstrað upp um Banksy?

Breska dagblaðið The Mail on Sunday fullyrðir að hinn dularfulli graffitilistamaður Banksy heiti í raun Robin Cunningham og sé 34 ára gamall. Blaðið heldur því fram að borin hafi verið kennsl á listamanninn af mynd sem tekin var af honum fyrir fjórum árum á Jamaíka. Talsmaður Banksys vill ekki tjá sig um fréttina. „Ég segi það sem ég segi alltaf: Ég staðfesti aldrei né neita svona fregnum.“

Verk Banksys hafa birst víða um heim á opinberum stöðum. Þau hafa notið mikilla vinsælda og hafa þekkt nöfn á borð við Christinu Aguilera og Angelinu Jolie keypt þau.

Mikil leynd hefur alla tíð hvílt yfir því hver Banksy er. Það eina sem vitað er um listamanninn er að hann ólst upp í Bristol.



**EIGNUÐUSTVÍBURA** Angelina Jolie fæddi tvíbura á sjúkrahúsi í Suður-Frakklandi á laugardag. Tvíburarnir, drengur og stúlka, voru teknir með keisaraskurði. Brad Pitt var viðstaddur fæðinguna.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Enn bætist í barnaflórana

**Angelina Jolie fæddi tvíbura á sjúkrahúsi í Frakklandi á laugardagskvöld. Eiginmaðurinn Brad Pitt var viðstaddur fæðinguna og ljómaði af stolti. Þar með eiga þau orðið sex börn. Bandarískt tímarit hefur keypt réttinn af fyrstu myndunum af tvíburunum.**

Sannkallaður fjölmiðlasirkus hefur verið í Nice í Suður-Frakklandi síðustu daga. Þar hefur leiknonan Angelina Jolie legið á spítala og beðið fæðingar tvíbura sinna og eiginmannsins Brads Pitt. Nokkrum sinnum birtust fréttir á vefmiðlum um að börnin væru fædd, en þær voru jafnharðan bornar til baka. Það var svo á laugardagskvöld að tvíburarnir litu dagsins ljós, gullfallegur strákur og undurfögur stelpa voru

tekin með keisaraskurði. „Foreldrarnir og börnin eru við hestaheilsu. Allt er í besta lagi,” sagði Michael Sussman, læknir Angelinu. Og heimsbyggðin gat varpað öndinni léttar.

Tvíburarnir hafa þegar verið nefndir. Stúlkan kallast Vivienne Marcheline og drengurinn Knox Leon. Talið er að stúlkan sé skírð eftir móður Angelinu, leiknonunni Marcheline Bertrand, sem lést í fyrra af völdum krabbameins. Börnin höfðu vart séð foreldra sína þegar þeir höfðu selt fjölmiðla-réttinn af fyrstu myndunum; ónefnt bandarískt tímarit hefur fallist á að greiða vel yfir 800 milljónir króna til að birta fyrstu myndirnar af tvíburunum. Foreldrarnir mega þó eiga það að peningunum verður varið til góðgerðarmála.

Angelina Jolie er 33 ára og Brad Pitt 44 ára. Þau opinberuðu samband sitt árið 2005 eftir að hafa leikið saman í kvikmyndinni Mr. and Mrs. Smith. Þá höfðu sögu-



**STÓR FJÖLSKYLDA** Eftir fæðingu tvíburanna eiga Brad og Angelina alls sex börn. Hér sjást þau með þeim fjórum sem þau áttu fyrir: Maddox, Pax, Zahara og Shiloh.

NORDICPHOTOS/GETTY

sagnir lengi verið á kreiki um ástarsamband þeirra. Fyrir eiga þau fjögur börn. Þau eignuðust dótturina Shiloh fyrir tveimur árum en hún bættist þar með í hóp systkinanna Maddox sem er sex ára, Pax sem er fjögurra ára, og Zahara sem er þriggja ára. Þau voru ættleidd frá Kambódíu, Vjetnam og Eþíópíu.

## Amy Winehouse er hjartveik

Amy Winehouse er orðin hjartveik eftir linnulausa neyslu eiturylfja. Þetta var fullyrt í breskum fjölmiðlum í gær. Óttast hefur verið um heilsu Amy um nokkurn tíma, en ekkert hefur verið látið uppi um hvað hrjáir hana. Heimildarmenn nákomnir söngkonunni segja að sannleikanum um heilsufar hennar sé vísvitandi haldið leyndum.


Amy var flutt með hraði á sjúkrahús í síðasta mánuði eftir að hafa fengið verk fyrir brjóstið. Faðir hennar sagði þá að hún hefði greinst með lungnaþembu. „Við vorum dauðhrædd um að hún hefði fengið hjartaáfall,” sagði heimildarmaður News of the World. „Við fundum varla púls á henni og hún gat varla andað.

Þetta var hræðilegt. Þetta var miklu alvarlegra en hún hefur síðan viljað viðurkenna. Amy er í mikilli hættu á að fá hjartaáfall vegna eiturylfjaneyslu sinnar.“

Móðir Blake Fielder-Civil, eiginmanns Winehouse, fullyrðir að sonur hennar hafi áður bjargað Amy þegar hún var við það að fá hjartaáfall. „Blake hefur aldrei sagt mér að Amy sé með lungnaþembu. Ég held að hún sé hjartveik og því miður er það sprettið af eiturylfjaneyslu.“

**HJARTVEIK AF DÓPNEYSLU** Amy Winehouse er enn í fréttunum vegna bágs heilsufars. Nú er því haldið fram að hún sé hjartveik eftir mikla eiturylfjaneyslu.

NORDICPHOTOS/GETTY



**GÍTARINN**  
HLJÓDFÆRAVERSLUN

*Stagg*

Þjóðlagagítar

Poki, Ól, Stilliflauta,  
Auka Strengjasett,  
eMedia geisladiskur.

**Kr. 14.900**

Fáanlegir Litir:  
Viðarlitaður,  
Sunburst,  
Svartur,  
Blár.

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125  
www.gitarinn.is



**NÝTT!**

Lögin beint  
inn í iTunes  
og á iPod

# Fyll'ann takkk!



## Vertu tilbúinn í sumarfríið!

Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af topptónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólæst (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.

### Nýtt á Tónlist.is - lögin beint inn í iTunes á tölvunni!

Nú getur þú tengt Tónlist.is beint við iTunes eða Windows Media Player. Öll lög sem þú kaupir fara sjálfvirk yfir í spilarann þinn.



Fylltu á iPodinn · Farsímann · Tölvuna



**Tónlist.is**



**NÝTT Í BÍÓ!**

**MAMMA MIA!** **LUXUS** **4.5** **O.H.T. RÁS 2**

**MEET DAVE** **7** **HAGKAUP**

**HANCOCK** **12**

**HELLBOY 2** **16**

**KUNG FU PANDA** **10**

**BIG STAN** **12**

**HULK** **12**

**HAPPENING** **16**

**SEX AND THE CITY** **14**

**SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

MAMMA MIA	kl. 5:30d - 8d - 10:30d	
MAMMA MIA LUXUS	kl. 5:30d - 8d - 10:30d	
MEET DAVE	kl. 3:45 - 5:50 - 8 - 10:10	7
HANCOCK	kl. 3:45 - 5:50 - 8 - 10:10	12
KUNG FU PANDA	kl. 3:45 - 5:50	
THE INCREDIBLE HULK	kl. 10:30	12
HELLBOY 2	kl. 8	16

**REGNBÓGINN** Sími 551 9000 **650 kr.**

**SUMARTILBOÐ**

MEET DAVE	kl. 6:10 - 8:30 - 10:40	7
BIG STAN	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
THE INCREDIBLE HULK	kl. 5:30 - 8	12
HAPPENING	kl. 10:20	16
SEX AND THE CITY	kl. 10:20	14
ZOHAN	kl. 5:40 - 8	10

**HÁSKÓLA BÍÓ** Sími 530 1919

MAMMA MIA	kl. 6 - 8:30 - 11	
HANCOCK	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
KUNG FU PANDA	kl. 6 - 10:30	
SEX AND THE CITY	kl. 6 - 9	14
HELLBOY 2	kl. 8	16

**BORGAR BÍÓ** Sími 462 3500

MAMMA MIA	kl. 6 - 8 - 10	
HANCOCK	kl. 6 - 10	12
HELLBOY 2	kl. 8	16

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIDANNA Á [mid.is](http://mid.is)

**Nýtt í bíó** **LAUGARAS BÍÓ** Sími: 553 2075 - bara lúxus

**MAMMA MIA!** **4.5** **O.H.T. RÁS 2**

**MEET DAVE** **7** **HAGKAUP**

**HANCOCK** **12**

**HELLBOY 2** **16**

**KUNG FU PANDA** **10**

**BIG STAN** **12**

**HULK** **12**

**HAPPENING** **16**

**SEX AND THE CITY** **14**

**LAUGARASBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

HELLBOY 2 - MASTERCARD FORSÝNING	kl. 8	16
MAMMA MIA - DIGITAL	kl. 4, 5:50, 8 og 10:10	12
HANCOCK	kl. 6:10, 8 og 10:10	12
KUNG FU PANDA - ISI.TAL	kl. 4	L
WANTED	kl. 10	16
NARNIA: PRINCE CASPIAN	kl. 5	7

**SAMBÍÓ** [SAMBIO.IS](http://SAMBIO.IS)

**MAMMA MIA!** **4.5** **O.H.T. RÁS 2**

**MEET DAVE** **7** **HAGKAUP**

**HANCOCK** **12**

**HELLBOY 2** **16**

**KUNG FU PANDA** **10**

**BIG STAN** **12**

**HULK** **12**

**HAPPENING** **16**

**SEX AND THE CITY** **14**

**ALFABAKKA**

MAMMA MIA	kl. 3:40 - 5:40D - 8D - 10:20D	L
MAMMA MIA	kl. 5:40 - 8 - 10:20	VP
KUNG FU PANDA	kl. 3:40D - 6	L
KUNG FU PANDA	kl. 4 - 6 - 8 - 10:10	L
HANCOCK	kl. 8 - 10:10	12
WANTED	kl. 5:40 - 8 - 10:20	16
NARNIA 2	kl. 5	7
INDIANA JONES 4	kl. 8	12
THE BANK JOB	kl. 10:20	16

**KRINGLUNNI**

MEET DAVE	kl. 6 - 8 - 10	L
WANTED	kl. 8D - 10:20D	DIGITAL 16
KUNG FU PANDA	kl. 6D	DIGITAL L
NARNIA 2	kl. 6 - 9	7

**SELFOSS**

MAMMA MIA	kl. 8 - 10:20	L
KUNG FU PANDA	kl. 8	L
HANCOCK	kl. 10:10	12

**AKUREYRI**

KUNG FU PANDA	kl. 6 - 8	L
NARNIA 2	kl. 5:40	7
WANTED	kl. 8	12

**KEFLAVÍK**

MAMMA MIA	kl. 8 - 10:20	L
MEET DAVE	kl. 8	7
HANCOCK	kl. 10	12

## Ronnie Wood dottinn í það aftur

Ronnie Wood, bassaleikari rokk-sveitarinnar frægu Rolling Stones, er dottinn í það og er drykkjufélagi hans átján ára gömul unglingsstúlka.

Ronnie hitti stúlkuna Ekaterinu, sem er af rússneskum ættum, á bar í London eftir frumsýningu myndarinnar Shine a Light.

Vinir stúlkunnar segja hana sannfærða um að hún sé orðin kærasta Ronnies og segja að hún sé yfir sig ástfangin af rokkaran-

um. Eiginkona Ronnies segir hana þó aðeins vera drykkjufélagi hans og ekkert annað. „Ronnie er ekki hann sjálfur þessa dagana. Hann er alkóhólisti og hann er dottinn í það. Hann drekkur tvær vodkaflöskur á dag, hann mundi aldrei haga sér svona ef hann væri allsgáður,“ segir eiginkona hans, Jo Wood.

Ronnie er þessa dagana staddur í sumarhúsi sínu á Írlandi og er hin unga Ekaterina með í för.



RONNIE WOOD Bassaleikari Stones er kominn með barnunga kærustu.

## Þetta verður að vera erfitt, annars er ekkert gaman

Leikhópurinn Vér morðingjar setur upp Macbeth eftir Shakespeare í haust. Fram til þessa hefur hópurinn einbeitt sér að nýjum leikverkum. Tveir leikarar úr hópnunum hafa notað sumarið til að kynna sér leiklistarlífið í Evrópu.

Þeir félagar úr leikhópnum Vér morðingjar, Vignir Rafn Valþórsson og Stefán Hallur Stefánsson hafa ferðast um Evrópu í sumar. Vignir segir frá: „Við erum búnir að vera í Berlín eiginlega í allt sumar að kíkja á listalífið og leikhúsið og koma okkur upp tengiliðum. Svo fórum við til Wiesbaden með Baðstofuna. Ég endaði í Kaupmannahöfn og á Hröarskeldu. Wiesbadenhátiðin var frábær. Kynntumst ótrúlega mörgu fólki víðsvegar úr Evrópu. Alveg stórkostlegt að Þjóðleikhúsinu hafi verið boðið, mikill heiður. Miklu meiri en mig grunaði. Við komum okkur í samband við fullt af ungum leiksskáldum sem voru á smíðju á háttíðinni, sem var stjórnað af Mark Ravenhill.“

Vér morðingjar vinna nýja túlkun á Macbeth upp úr leikgerð Tobias Munthe í Þjóðleikhúsinu í haust. „Við munum vinna þetta svoltið „devised“ þegar hópurinn hittist í lok ágúst, með leikgerðina að leiðarljósi.“

Orðrómur hefur gengið um að FM Belfast sjái um tónlistina við verkið. „Það eru í gangi viðræður um það að þeir semji lag fyrir okkur. En það er annar strákur, ungur snillingur sem heitir Albert, sem verður tónlistarstjóri.“

Vér morðingjar hafa hingað til lagt áherslu á nýleg verk, líkt og Penetrator og Sá ljóti. Af hverju Shakespeare? „Stefán Hallur brann rosalega fyrir Macbeth. Við ákváðum bara að kýla á það. Þetta er svoltið að ráðast á garðinn þar



RÆÐSTÁ GARDINN ÞAR SEM HANN ER HÆSTUR Vignir Rafn Valþórsson og leikhópurinn Vér morðingjar takast á við Shakespeare í haust.

sem hann er hæstur. Þegar maður byrjar að kafa ofan í verkið þá sér maður að það er ástæða fyrir því að þessi gæi er búinn að vera við líði í 400 ár. Hann er bara með þetta. Það er allt þarna. Það er sárá einfalt að tengja Macbeth við þá tíma sem við lifum á. Allt þetta með öfund og valdahröka, græðgi og það að það treystir enginn neinum.“

Sá ljóti fer í leikferð um landið næsta leikar. „Ég hitti einmitt Marius von Mayenburg (leikskáldið) í Berlín. Við ætlum að reyna að

bjóða honum hingað heim að kíkja á þetta. Hann var alveg spenntur, þó hann segi að hann vilji ekki vera sín eigin grúppa og fari ekki mikið á verk eftir sjálfan sig. Þegar hann heyrði hvernig við hefðum gert þetta þá fannst honum spennandi að sjá. Enda öðruvísi en hvernig gert annars staðar.“ Vignir segir Kristínu Eysteins leikstjóra vel komna að Grímunni. „Þetta var mjög erfitt verk að glíma við. En þetta verður að vera erfitt, annars er ekkert gaman.“

kolbruns@frettabladid.is

## Líkamsrækt heima í stofu

Wii-leikjavélin hefur verið spútnikvél frá byrjun og komið öllum á óvart með velgengi sinni. Stóran hluta velgengni hennar má rekja til Wii Sport sem fylgdi með vélinni. Núna er komið út Wii Fit, og spurningin er mun það verða enn ein velgengin hjá Nintendo?

Þegar Wii Fit er keypt fylgir með því bretti sem er í raun bæði leikjatöl og vigt. Eitt það fyrsta sem er gert þegar Wii Fit er ræst upp þá biður Wii vélin þig að stíga á brettið og gefa upp aldur og hæð, síðan tekur hún þyngd þína og aldur og reiknar þyngdarstuðul þinn. Fyrir suma er þetta skemmtilegt og fyrir okkur hina minnir þetta okkur á að kannski er kominn tími á að hreyfa sig aðeins meira.

Wii Fit er skipt upp í fjórar tegundir er leikjum; jóga, eróbíkk, vöðvaefingar og síðan jafnvægisleiki. Í leikjunum er hægt að spila til dæmis hulla hopp, að skalla fótbolta og skíði.

Eitt af því flotta í leiknum er að það er hægt að nota dagatalið í leiknum og setja sér takmark, til dæmis að ná ákveðinni lækkun á

þyngd. Í hvert sinn sem spilað er fylgist leikurinn með hve lengi er spilað og hvernig gengur.

Ég ákváð að prufa að spila á hverjum degi í viku og sjá hvernig mér gengi og hvort að þetta gengi upp almennt. Í fyrstu var þetta þínu klaufalegt og ég þakkaði fyrir að enginn sá mig. Eftir nokkra daga náði ég betri tókum á þessu og byrjaði að hafa gaman af þessu og í lok vikunnar gat ég vel hugsað mér að spila lengur.

Það sem er kannski hægt að finna að Wii Fit er að þú getur ekki búið til þitt eigið prógram og stór hluti leikjanna eru læstir í byrjun svo það þarf að eyða nokkrum tímum í að spila áður en þú hefur aðgang að öllu sem Wii Fit hefur upp á að bjóða. Þetta mun aldrei koma í stað raunverulegrar líkamsræktar eða hreyfingar, en þetta getur samt orðið hvatningin sem kemur sumum af söfanum og fær þá til að hreyfa sig meira.

Það sem gerir Wii Fit svona sérstakt er að leikurinn höfðar til talsvert víðari hóps en þess sem er vanalega að spila hina hefðbundnu



### TÖLVULEIKIR

#### Wii Fit

Kominn út fyrir Nintendo Wii PEGI Merkingar: 3+ Upplýsingar um PEGI merkingar má finna á Saft.is.

★★★

Tölvuleikur eða líkamsræktartól? Eða kannski bæði?

tölvuleiki. Wii Fit brúar bilið á milli þess að vera tölvuleikur og æfingatöl.

Sveinn A. Gunnarsson







## >Kópavogsslagur í kvöld

Þrír leikir fara fram í Landsbankadeild karla í kvöld. Í Kópavoginum mætast Breiðablik og HK á sameiginlegum heimavelli sínum. Rúnar Páll Sigmundsson mun stýra liði HK sem enn hefur ekki fundið nýjan þjálfara. Blíkar sigla lygnan sjó um miðja deild en staða HK er slæm á botninum. Athyglisvert verður að sjá hvaða áhrif brottrekstur Gunnars Guðmundssonar og ströng þjálfaralet hafa á leikmenn liðsins. Leikurinn hefst klukkan 20. Þá tekur Fram á móti Keflvík og Þróttarar halda suður með sjó til Grindavíkur. Báðir leikir hefjast klukkan 19.15.



**sport**  
sport@frettabladid.is

## ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í KÖRFUBOLTA: TAPAÐI MEÐ 50 STIGA MUN FYRIR EINU BESTA LIÐI HEIMS

### Litháar alltof stór biti fyrir Íslendinga

Íslenska landsliðið í körfubolta er stutt í Litháan um þessar mundir. Liðið leikur tvo æfingaleiki gegn einu besta landsliði heims en sá fyrri tapaðist í gær, 115-62.

„Það voru góðir kaflar í þessu og menn geta verið sémilega sáttir. Við höfum ekki spilað saman í marga mánuði og erum að slípa okkur saman. Við töpuðum fyrir vægast sagt góðu liði,“ sagði Sigurður Ingimundarson þjálfari.

„Við spiluðum vörnina þó nokkuð vel á köflum sérstaklega í seinni hálfleik. Sóknarleikurinn var finnst og við komum okkur í fin færi en við nýttum þau alls ekki nógu vel. Það var nánast enginn sem nýtti opnu skotin sem við fengum. Það gengur ekki gegn liði sem er með algjöra yfirburði í teignum, við þurfum að nýta opnu skotin fyrir utan,“ sagði þjálfarinn.

„Það skrifast á að við erum að koma okkur af stað en við erum að verða hættulegri. Ég er pottþéttur á að við spilum betur í næsta leik gegn þeim,“ sagði Sigurður en sá leikur er á morgun.



Strákunum liður vel í Litháan þar sem liðið æfir við frábærar aðstæður. „Við erum nánast í mekka körfuboltans og hér er frábært að vera. Liðin eru bæði að nota þetta sem æfingu og leikirnir bera keim af því. En ef maður getur tekið eitthvað jákvætt út úr leikjunum græðum við heilmikið á þessu,“ sagði Sigurður.

Landslið Litháa er númer fimm í heiminum og það varð í þriðja sæti á Evrópumótinu á síðasta ári. Í því eru nokkrir leikmenn sem spila í NBA-deildinni. „Þeir stefna á Ólympíugullíð. Þeir gera sér raunhæfar vonir um að vinna Bandaríkin,“ sagði Sigurður um styrkleika Litháa.

Helgi Magnússon var stíghæstur með fjórtán stig, Jakob Sigurðarson skoraði tíu stig og tók sex fráköst, Hreggviður Magnússon átta og þeir Hlynur Bæringsson og Sigurður Þorvaldsson skoruðu sex. Litháar tóku 52 fráköst en Íslendingar 36 og stoðsendingar heimamanna voru 27 gegn aðeins sjö sendingum Íslendinga. Þá var skotnýting Litháa í teignum 62% gegn 38% nýtingu Íslendinga samkvæmt heimasiðu KKÍ.



**KALDUR** Kristján víðurkennir að honum hafi ekkert litist á blíkuna en hann er samt í fimm mínútur. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN ÖRVAR

Þjálfaranum hent í ísbað:

## Hluti af góðum mórál í Keflavík

**FÓTBOLTI** Kristján Guðmundsson sat í fimm mínútur í ísbaði eftir sigurleikinn gegn FH eftir áskoran strákanna í Keflavíkurlíðinu. Ísbað eru greinilega komin í tísku. „Þetta er hluti af því að vera með í þessum góða mórál. Maður fær áskoranir og ég legg áskoranir á þá,“ sagði Kristján sem skorar á liðið sitt að vinna.

Áskoranir strákanna eru af öðrum toga, en fyrir ísbaðið þurfti Kristján að sporðrenna kókosbollum og kóki ef sigur ynnist í Grindavík. Sú varð raunin og ísbað var næst.

„Þeir trúðu því ekki að ég gæti þetta. Þeir sáu það núna að þjálfarinn er keppnismaður. En ég víðurkenni að það var beygur í mér fyrir ísbaðið,“ sagði Kristján sem vissi ekkert upp á hverju tekið yrði næst.

- hph

	<b>2-0</b>	
<b>Fjölnir</b>		<b>ÍA</b>
Fjölnisvöllur, áhorf.: 1.226		Magnús Þórisson (5)

1-0 Pétur Georg Markan (30.)  
2-0 Gunnar Már Guðmundsson (72.)

### TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	13-11 (7-5)
Varin skot	Þórður 4 - Esben 5
Horn	8-5
Aukaspjrnur fengnar	10-9
Rangstöður	6-1

<b>FJÖLNI</b> 4-5-1	<b>ÍA</b> 5-3-2
Þórður Ingason 7	Esben Madsen 5
Magnús J. Einarsson 6	Heimir Einarsson 4
(90. Kolbeinn Krist.)	Dario Cingel 5
Óli S. Flóventsson 7	Árni Thor Guðmunds. 4
Kristján Hauksson 7	(83. Aron Pétursson -)
Gunnar V. Gunnarss. 5	Guðjón H. Sveinss. 4
Ólafur P. Snorrason 7	(57. Jón V. Ákason 5)
Ásgeir A. Ásgeirsson 7	Andri Júlíusson 3
Ágúst Gylfason 6	Helgi Pétur Magnúss. 4
(90. Andri V. Ivarss. -)	Bjarni Guðjónsson 5
Tómas Leifsson 6	Stefán Þórðarson 3
(73. Ólafur Johnson -)	Vjekoslav Svadumovic 3
Pétur Georg Markan 7	Atli Guðjónsson 5
<b>*Gunnar M. Guðm. 7</b>	

\*Maður leiksins

### STADAN Í LANDSBANKAÐEILD:

1. FH	11	7	1	3	21-12	22
2. Keflavík	10	7	1	2	23-15	22
3. Fjölnir	11	7	0	4	19-10	21
4. KR	10	6	0	4	18-11	18
5. Valur	10	5	1	4	16-13	16
6. Breiðablik	10	4	3	3	17-15	15
7. Fram	10	5	0	5	10-9	15
8. Grindavík	10	4	1	5	13-17	13
9. Þróttur	10	3	3	4	13-18	12
10. Fylkir	11	4	0	7	12-19	12
11. IA	11	1	4	6	8-17	7
12. HK	10	1	2	7	11-26	5

# Lífsnauðsynlegur sigur Fylkismanna

Jóhann Þórhallsson létti pressunni af Fylki með sigurmarki í uppbótartíma gegn FH í gær. Fylkir hafði ekki skorað í 437 mínútur áður en félagið jafnaði eftir að hafa lent undir. FH tapaði öðrum leiknum í röð.

**FÓTBOLTI** Fylkismenn unnu nauðsynlegan sigur á FH-ingum í Kaplakrika í gær. Sigurmarkið skoraði Jóhann Þórhallsson í viðbótartíma. Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, missti sig af fögnuði á varamannabekknunum enda þurfti Árbæjarliðið á öllum stigunum að halda.

FH-ingar komust yfir með umdeildu marki í fyrri hálfleik en Fylkismenn sýndu mikinn karakter og tryggðu sér sigurinn.

Fyrri hálfleikurinn var frekar rólegur. Fylkismenn byrjuðu ágætlega en eftir því sem leið á náðu FH-ingar meiri tókum. Allan Dyring átti fast skot strax í byrjun en beint á Daða Lárusson. Á 27. mínútu var Tryggvi Guðmundsson mjög nálægt því að koma FH yfir en þá átti hann glæsilegt viðstöðulaust skot í slá eftir hornspyrnu.

Fylkismenn komu knettinum í markið í fyrri hálfleik en Kristinn Jakobsson dæmdi réttilega aukaspjrnur þar sem brotið var á Daða markverði. Hinumegin átti Atli Viðar Björnsson ágætis marktilraun en skot hans fór framhjá.

Þegar 45 mínútur voru komnar á klukkuna komst FH yfir með ansi umdeildu marki. Fjalar Þorgeirsson markvörður var með báðar hendur á boltanum þegar Atli Viðar Björnsson sparkaði boltann úr höndum hans. Atli Guðnason sendi síðan á Arnar Gunnlaugsson sem var ekki í nokkrum vandræðum með að skora. Skiljanlega voru Fylkismenn allt annað en sáttir við að Kristinn Jakobsson dæmdi ekki brot.

Fylkismenn lögðu árar ekki í bát og eftir þriggja mínútna leik í seinni hálfleik höfðu þeir jafnað.

Kjartan Andri Baldvinsson fékk sendingu frá Andréssi Má Jóhannessyni, komst einn gegn Daða og kláraði færið ansi snyrtilega með því að vippa boltanum lauslega í hornið.

Ansi langþráð mark en Fylkismenn höfðu ekki skorað í 437 mínútur áður en Kjartan náði að skora í gær en Jóhann Þórhallsson hafði skorað síðasta mark liðsins. Jóhann kom einmitt inn á sem varamaður fyrir Kjartan í gær.

Kjartan Ágúst Breiðdal hefði síðan átt að koma Fylki yfir ekki löngu síðar en hann fékk þá dauðafæri. Vann baráttu við Höskuld og komst í virkilega gott færi en skot hans framhjá. FH-ingar fengu líka sín færi og boltinn flaug aftur í slá Fylkismarkensins eftir aukaspjrnunni.

Fylkismenn áttu hættulegar sóknir og varamaðurinn Hermann Aðalgeirsson skaut föstu skoti rétt framhjá. Annar varamaður, Matthías Guðmundsson, átti finan sprett hjá FH en skot hans sleikti hlíðarnetið.

Allt stefndi í jafntefli þegar Jóhann Þórhallsson fékk sendingu frá Hermann, fór illa með Tommy Nielsen í vörn FH og skoraði sigurmarkið. Fylkismenn eru því komnir með tólf stig og hafa skilið Skagamenn og HK-inga eftir í enn verri málum á botninum.

„Ég verð að víðurkenna að það var smá hik en sem betur fer kláraði ég það,“ sagði Jóhann við Stöð 2 Sport um færið sem hann skoraði úr. Leifur Garðarsson sagðist ekki hugsa neitt um sína stöðu hjá Fylki. „Ég held að þetta sé hugarfarslegt. Ég held að menn hafa ekki gírað sig upp að undanfögnu, því miður,“ sagði Leifur.

- egm



**VÖKUL AUGU** Leifur Garðarsson fylgist með leiknum af hlíðarlínunni. Loksis gat hann fagnað sigri, og það á sínum gamla heimavelli. FRÉTTABLAÐIÐ/AUBUNN

	<b>FH</b>	<b>1-2</b>		<b>FYLKIR</b>
1-0 Arnar Gunnlaugsson (45.+1)				<b>FH 4-3-3</b> Daði Lárusson 5, Höskuldur Eiríksson 7, Tommy Nielsen 3, Ásgeir Gunnar Ásgeirsson 5, Hjörtur Logi Valgarðsson 6, Davíð Þór Víðarsson 5 (61. Bjarki Gunnlaugsson 5), Dennis Siim 6, Arnar Gunnlaugsson 6 (77. Jónas Grani Garðarsson -), Atli Guðnason 3, Tryggvi Guðmundsson 4 (77. Matthías Guðmundsson -), Atli Viðar Björnsson 5.
1-1 Kjartan Andri Baldvinsson (49.)				<b>Fylkir 4-3-3</b> Fjalar Þorgeirsson 6, Þórir Hannesson 6, Kristján Valdimarsson 6, <b>Ólafur Stígsson 7</b> , Víðir Leifsson 7, Ian Jeffs 6, Peter Gravesen 6, Allan Dyring 5 (77. Hermann Aðalgeirsson -), Kjartan Ágúst Breiðdal 6, Andrés Már Jóhannsson 6, Kjartan Andri Baldvinsson 7 (72. Jóhann Þórhallsson -).
1-2 Jóhann Þórhallsson (90.+2)				
Kaplakrikavöllur, áhorf.: 837				
Kristinn Jakobsson (5)				
<b>TÖLFRÆÐIN</b>				
Skot (á mark)	6-7 (2-4)			
Varin skot	Daði x - Fjalar x			
Horn	1-2			
Aukaspjrnur fengnar	19-12			
Rangstöður	6-5			

Enn syrtir í álinn hjá Skagamönnum sem hafa ekki unnið í átta síðustu leikjum:

# Frískir Fjölnismenn komnir í fluggírinn

**FÓTBOLTI** Ekkert varð úr því að Guðjón Þórðarson ynni hundraðasta leikinn sinn í efstu deild karla. Skagamenn biðu lægri hlut gegn Fjölni í gær, 2-0.

Leikurinn fór rólega af stað en Fjölnismenn voru þó grimmara liðið. Þeir höfðu öll völd á miðjunni og náðu oft ágætis spili. Skagamenn, sem höfðu fjölgað varnarmönnum sínum eftir síðasta leik, voru í vandræðum og ógnuðu lítið. Fjölnismenn komust verðskuldað yfir þegar Pétur Georg Markan skoraði gott mark eftir sendingu Tómasar Leifssonar. Staðan í hálfleik var 1-0.

Í síðari hálfleik hófu Fjölnismenn leikinn af álfka krafti og þeir höfðu spilað í fyrri hálfleik. Þeir voru mun sterkari aðilinn og þrátt fyrir að Skagamenn hafi aðeins komist inn í leikinn um miðjan hálfleikinn var það síður en svo ósanngjart þegar Gunnar Már Guðmundsson skoraði annað mark Fjölnis og kom þeim í 2-0.

Lítið gerðist það sem eftir lifði leiks og fögnuðu Fjölnismenn



**FAGNAB** Fjölnismenn fagna marki Péturs í fyrri hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/AUBUNN

góðum og sanngjörnum sigri á IA og laumuðu sér þar með í þriðja sæti deildarinnar. Skagamenn sitja hins vegar sem fastast við botninn. Þeir hafa ekki unnið í átta leikjum í röð í deildinni og ljóst að þeir þurfa að fara að spila mun betur ef ekki á illa að fara.

Guðjón Þórðarson var svekktur í leiklok. „Við höfum verið að reyna að nálgast það sem vantar upp á og ég held við höfum snert á nær öllum flötum hvað þjálfun liðsins varðar. Við náum ekki að skora og ef við skorum ekki þá vinnum við ekki fótboltaleiki. Ég hef varla séð

það svartara og þetta er eiginlega alveg ný áskoran. En það er bara eitthvað til að takast á við.“

Þegar blaðamaður spurði Guðjón hvort hann hefði eitthvað flugað að sína stöðu sagði Guðjón: „Hefur þú flugað þína stöðu sem blaðamaður, hvernig hún er? Mín staða er fín og mér líður ágætlega. Þó að maður snerti á mörgum flötum í þjálfuninni er ekki endilega víst að það gangi upp,“ sagði Guðjón.

Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis, var aftur á móti sáttari með sína menn. „Ég er mjög ánægður með stigin þrjú og liðið í heild sinni. Menn lögðu mikið í þetta og uppskárur eftir því, sanngjarn sigur. Skagamenn börðust en ég vissi að ef við næðum fram okkar leik þá ættum við að geta klárað þetta,“ sagði Ásmundur. „Markmið okkar voru skýr, að halda sér í deildinni og við erum á góðri leið með að klára það. Það gæti svo stýst í það að við förum að skoða hlutina í öðru samhengi,“ sagði kampakátur þjálfari Fjölnis að leik loknum.

- sjj





5 MÖRK Í 3 LEIKJUM Helgi hefur verið heitur gegn KR. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Landsbankadeild karla: Helgi er erfiður KR-ingum

**FÓTBOLTI** Helgi Sigurðsson hefur verið KR-ingum afar erfiður við að eiga síðan að hann gekk til liðs við Valsmenn fyrir síðasta tímabili.

Liðin hafa mást þrisvar í Landsbankadeildinni á þessum tíma, Valsmenn hafa unnið alla leikina og Helgi hefur skorað 5 af 7 mörkum liðsins. Hann hefur einnig verið kosinn maður leiksins hjá Fréttablaðinu í tveimur þessara leikja.

Allt KR-liðið hefur skorað tvö mörk í þessum þremur leikjum en það hefur líka Valsmaðurinn Baldur Aðalsteinsson gert. Líft og í fyrrasumar skoraði Helgi nú sína fyrstu tvennu á tímabilinu í leik á móti KR. - óó

### HELGI GEGN KR '07 OG '08:

24. maí 2007 Valur-KR 2-1	2 mörk
8. ágúst 2007 KR-Valur 0-3	1 mark
10. júlí 2008 KR-Valur 1-2	2 mörk

Norskur umboðsmaður segir að verð á íslenskum leikmönnum sé gott og varar félög við því að hækka:

# Fáir Íslendingar reynast góð fjárfesting

**FÓTBOLTI** Lars Petter Fosdahl er norskur umboðsmaður sem hefur unnið með íslenskum leikmönnum frá 1996. Hann segir að íslensk félagslið verði að passa sig á því að verðleggja leikmenn ekki of hátt, þá snúi norsk félög sér bara í sínar eigin akademíur eða hreinlega til annarra landa.

Hann tekur undir það sem kollegi hans Ólafur Gardarsson sagði í Fréttablaðinu í gær að markaðurinn ræður verðinu á leikmönnum. Í gær sagði Jónas Kristinsson hjá KR að íslenskir leikmenn væru of ódýrir.

„Það er sanngjarnt að segja að íslenskir leikmenn hafi verið of ódýrir í nokkur tíma en sú er ekki raunin nú. Ég tel að það sé sanngjarnt að borga í mesta lagi 20-30 milljónir íslenskra króna fyrir leikmenn, en auðvitað eru undantekningar á því,“ sagði Fosdahl við Fréttablaðið í gær.

Hann segir að Marel Baldvins-

son hafi kostað Stabæk 40 milljónir íslenskra króna, verð sem er ólíklegt að Íslendingar eigi eftir að fá að sjá aftur. Þá telur hann að Brann hefði ekki keypt Birki Má Sævarsson af Val hefði það þurft að borga mikið meira en 20-25 milljónirnar sem það borgaði.

„Fyrir utan Heiðar Helguson held ég að nánast enginn leikmaður frá Íslandi hafi verið seldur með gróða. Félög horfa auðvitað mikið á það. Það verður að segjast að leikmenn frá Íslandi hafa ekki margir reynst góðar fjárfestingar.“

Hann tekur þó skýrt fram að Íslendingar séu í afar miklum metum hjá norskum félögum, þau viti alltaf að hverju þau gangi með þá. „Þeir eru duglegir, vinnusamir og baráttuglaðir. Það er aldrei neitt vesen á þeim,“ segir Lars.

Hann tekur Veigar Pál Gunnarsson svo sem dæmi. „Veigar hefur verið að standa sig mjög vel hjá Stabæk. Samt sem áður hefur að mér vitandi ekki borist neitt tilboð í hann,“ segir Lars.

Hann bendir einnig á að íslensk félagslið eigi erfitt með að halda í stráka sem dreymir um atvinnu-mennsku. „Það verður líka að viðurkennast að íslenska deildin er ekki jafn góð og deildirnar í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Ef þú skoðar líka landslið Íslands er ekki hægt að sjá mikla ástæðu til þess að verð leikmanna ætti að hækka,“ sagði Lars léttur.



ENGIN TILBOÐ Veigar Páll Gunnarsson hefur staðið sig frábærlega hjá Stabæk en Lars Petter segir að engin tilboð hafi borist í Íslendinginn þrátt fyrir það.

„Leikmenn frá Íslandi sem hafa verið góðir í heimalandinu hafa margir reynst miðlungsmenn í norska boltanum. Ég held að ef leikmenn verði verðlagðir of hátt fari norsku félögin bara að leita annað, til dæmis í eigin akademíur. Ef þau geta valið um jafn góðan leikmann frá Íslandi og Noregi velja þau alltaf þann norska.“

Lars segir einnig að góðarið í

norska boltanum sé búið, í bili. „Það eru hreinlega ekki jafn miklir peningar í spilunum núna og fyrir einu eða tveimur árum. Fyrir utan félög eins og Brann og Rosenborg þá eru mörg félög í miklum fjárhagskröggum. Stabæk var við toppinn en þurfti síðan að selja sinn besta leikmann. Staðan er breytt,“ segir umboðsmaðurinn.

- hph



EFTIRSÓTT Sara Björk hefur staðið sig gríðarlega vel með íslenska landsliðinu sem og Haukum. Hún getur valið úr félögum og fram til þessa hefur hún valið uppeldisfélag sitt, Hauka, þrátt fyrir gnægð af tilboðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Landsliðskonan Sara Björk Gunnarsdóttir eftirsótt:

## Öll stóru félögin vilja Söru Björk

**FÓTBOLTI** Sara Björk Gunnarsdóttir getur valið sér félag þegar hún fer frá 1. deildarliði Hauka. Landsliðskonan er mjög eftirsótt og hafa til að mynda Valur, KR, Stjarnan og Breiðablik, öll sýnt henni mikinn áhuga. Þá vildi þýskt úrvalsdeildarfélag semja við hana en hún taldi sig ekki tilbúna í það að svo stöddu.

„Það er stöðugt verið að spyrjast fyrir um hana,“ segir Kristján Ómar Björnsson, framkvæmdastjóri Hauka. Hin sautján ára gamla Sara er samningsbundin Haukum út næsta ár.

„Við höfum verið að fara yfir stöðuna en ekki tekið neina ákvörðun. Við komum að sjálf-sögðu alls ekki í veg fyrir hennar framþróun. Það er eiginlega meira að frumkvæði félagsins að koma henni annað, hvort sem

það verður núna í félagaskipta-glugganum eða eftir tímabili,“ segir Kristján.

Haukar horfa mikið til þess að fá leikmenn í skiptum fyrir Söru. „Við myndum taka upp símtólið ef félag byði okkur það,“ sagði Kristján sem hrósar Söru í hástert.

„Hún hefur sýnt mikinn karakter með því að einbeita sér að Haukunum. Margur leikmaðurinn hefði stökkið frá skútunni hjá félaginu sem er í afar erfiðri stöðu,“ sagði Kristján um hina uppöllu Haukastúlku en liðið er í næstnæsta sæti A-riðils 1. deildarinnar.

„Við ætluðum okkur stærri hluti. Við viljum að hún nái sínum markmiðum og komi svo bara aftur til okkar,“ sagði Kristján.

- hph

Blaðberinn minn kemur oft með mér í bíltúr

Þú færð Blaðberinn þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga, frá kl. 8-17, á meðan birgðir endast.

Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.

Blaðberinn... ..góðar fréttir fyrir umhverfið



# Um tunglið og undir Silfurbogann

Tour de France-hjólreiðakeppnin fer fram nú í júlí. Keppninni er lýst sem einni erfiðustu íþróttagrein í heimi en saga hennar spannar meira en 100 ár. *Hjalti Þór Hreinsson* kynnti sér sögu Frakklandshjólreiðanna þar sem meðal annars er hjólað um „tunglið“ í ölpunum.

**E**inn stærsti íþróttaviðburður hvers árs er hjólreiðakeppnin Tour de France. Frakklandshjólreiðarnar eru meðal erfiðustu íþróttakeppna heims, 3.500 kílómetra hjólreiðaferð í stórbrotnu útsýni í frönsku Ölpunum, Pýreneafjöllum og frönsku Rívíerunni áður en sigurvegurinn er krýndur í Sigurboganum í París.

Saga keppinnar nær til ársins 1903 þegar dagblöðin Le Veló og L'Auto börðust hatramlega um lesendur. Sem svar við Paris-Brest hjólreiðakeppninni sem Veló stóð fyrir skipulagði L'Auto keppni sem átti að verða lengri og erfiðari.

Aðeins fimmtán skráu sig til keppinnar en með því að bjóða peninga fyrir þátttöku komu 60 til viðbótar. Sumir þeirra voru áhugamenn, sumir atvinnulausir og enn aðrir í ævintýraþrá. Þetta vakti athygli almúgans, áhuginn á keppninni var mikill og L'Auto tókst að efla verk sitt og margfaldaði lesendahóp sinn.

Keppnin er byggð upp á dagleiðum. Sá sem er efstur eftir hverja dagleið keppir í hinni frægu gulu treyju daginn eftir. Sá sem kemur í mark á fljótasta tímanum fyrir allar dagleiðirnar, sem eru 23 í keppninni í ár, vinnur. Árið 1990 vann Greg LeMond Frakklandshjólreiðarnar án þess að vinna eina einustu dagleið en með því að vera afarlega alla dagana var hann með besta tímann samanlagt.

Lengd keppinnar í ár er 3.554 km, stysta keppnin var árið 1904 (2.420 km) en árið 1926 fór sú lengsta fram (5.745 km).

## BANASLYS Á TÚRNUM

**1910:** Frakkinn Adolphe Helière drukkaði í frönsku Rívíerunni á hvíldardegi.

**1935:** Spánverjinn Francisco Cepeda féll niður í gil.

**1967:** Bretinn Tom Simpson lést vegna hjartatruffana. Amfetamín fannst í blóði hans.

**1995:** Fabio Casartelli lenti í árestri á 90 km hraða og lést eftir að höfuð hans skall á götunni. Hann var ekki með hjálm, sem hefði þó líklega ekki bjargað honum.



1926 Frá keppni í Tour de France fyrir 82 árum.

Frakklandshjólreiðarnar telja 21 dagleið í ár, sú fyrsta var í Brest en keppninni lýkur á hinni frægu breiðgötu Champs-Élysées áður en keppendur fara undir Sigurbogann þann 27. júlí. Alls eru tíu dagleiðir á jafnsléttu, fimm í mjög erfiðum fjöllum, fjórar í erfiðum fjöllum auk tveggja daga þar sem tímatökur fara fram.

Árið 2008 fer keppnin aðeins fram í Frakklandi. Nokkrum sinnum hafa einstaka dagleiðir farið fram í öðrum löndum, til að mynda í fyrra þegar keppnin hófst í London.


Keppnin hefur eðlilega breyst í aldanna rás. Styrktaraðilar eru orðin mjög áberandi og liðin eru sum hætt að hugsa um að koma öllum sínum mönnum sem fremst í mark. Níu manns skipa hvert lið, tuttugu lið taka þátt. Sumir liðsmenn eru hreinlega notaðir til að aðstoða þá bestu en hver hjólreiðamaður hefur mismunandi kosti, líkt og í flestölum íþróttagreinum. Sumir eru betri í stuttum hröðum lengdum, aðrir í brekkum og enn aðrir í að halda góðum meðalhraða á löngum leiðum. Aukaleikararnir eru oft notaðir til að hvíla betri kappana með því að kljúfa vindinn.

Erfitt er að lýsa hversu erfið keppnin er í raun og veru. „1.900 metrar þarna uppi eru ekki eins og neinin 1.900 metrar í heiminum. Það er ekkert súrefni þarna, það er ekkert líf. Bara klettur. Þetta er eins og að vera á tunglinu,“ sagði Lance Armstrong um eina dagleiðina, Ventoux-klifrið, fyrir nokkrum árum.

Keppendur sem fá að klæðast hinni gulu treyju sem sigurvegurinn fær til eignar eftir keppnina hljóta sérstakan sess í sögunni. Það jafnast ekkert á við það að skáka öðrum í sjálfum Frakklandshjólreiðunum.



ERFITT Frakklandshjólreiðarnar taka á. Hér sjást keppendur á fyrsta degi í ár þegar þeir áttu 3.500 kílómetra ófarna.



## Hundrað ára dópsaga

Ólögleg lyf hafa fylgt Frakklandshjólreiðunum alla tíð. Fyrstu ólöglegu lyfin voru áfengi til að lina sársaukann. Með tímanum urðu ólöglegu lyfin þróaðri.

Það var þó ekki fyrr en árið 1975 að sigurvegari keppinnar varð uppvis að lyfjanotkun. Það var Bernard Thévenet sem vann 1975 og 1977. Daninn Bjarne Riis viðurkendi árið 2007 að hafa reglulega misnotað lyf á árunum 1993 til 1998. Hann vann árið 1996.

Keppnin árið 1998 er stundum kölluð „Tour of Shame“ í stað Tour de France. Willy Voet úr Festina-liðinu var þá handtekinn með vaxtarhormón, stera og amfetamín í fórum sínum. Franska lögreglan réðst inn á hotel hjá nokkrum liðum og fann meðal annars ólögleg lyf hjá TVM-liðinu. Í kjölfarið braust út mikil reiði meðal keppenda og hættu margir hverjir keppni.

Árið 2000 var Festina sakfelld fyrir að hafa skipulagt ólöglega lyfjagjöf. Fleiri lið urðu uppvis að því, til dæmis liðin Cofidis og Kelme árið 2004. Nú síðast árið 2006 var Floyd Landis sviptur titlinum eftir hann varð uppvis að amfetamínnotkun. Landis ætlaði að berjast fyrir réttlæti sínu en tapaði máli sínu 30. júní á þessu ári.

Í lok júlí 2007 urðu svo þrjú tilfelli sem urðu til þess að kasta rýrð á Frakklandshjólreiðarnar. Upp komst um Alexander Vinokourov sem notaði ólöglegt blóðþynningslyf og í kjölfarið hætti lið hans keppni.



Daginn eftir fannst testosterón í blóði Cristians Moreni og Cofidis-liðið hætti keppni og sama dag var Daninn Michael Rasmussen, sem var í forystu á þeim tíma, rekinn úr keppni fyrir að mæta ekki í lyfjapróf.

Eftir hverja dagleið eru í það minnsta fjórir keppendur prófaðir. Sá sem vinnur dagleiðina, sá sem er efstur í heildina og tveir af handahófi. Auk þess eru allir keppendur prófaðir fyrir fyrsta dag og flest liðin prófa sjálf sína menn fyrir keppnina. Þá er keppendum skylt að láta vita af sér eftir keppnina ef ske kynni að nauðsynlegt þyki að prófa þá aftur.

Anne Gripper, framkvæmdastjóri Alþjóða hjólreiðasamtakanna, hefur látið hafa eftir sér að hún sjái það sem jákvæðan hlut að menn falli á lyfjaprófi. „Vissulega eru þetta mikil vonbrigði á augnblikinu, en þetta mun bæta keppnina í framtíðinni. Þetta sýnir að lyfjaeftirlitið er að virka.“

## Lance Armstrong – goðsögn í lifanda lífi

Lance Armstrong er af mörgum talinn einn besti íþróttamaður sögunnar. Hann vann Frakklandshjólreiðarnar sjö ár í röð, frá árinu 1999 til 2005 þegar hann hætti keppni. Það var videigandi að hann hætti á toppnum.

Hann fæddist árið 1971 í Texas-ríki í Bandaríkjunum og sýndi strax mikla íþróttahæfileika. Hann varð atvinnumaður í frjálsum íþróttum aðeins sextán ára gamall. En eftir að hann fór að æfa með ólympíuliði Bandaríkjanna í hjólreiðum var ekki aftur snúið.

Hann æfði stíft og gerðist atvinnumaður eftir að hafa orðið Bandaríkjameistari áhugamanna 1991. Hann vann sig upp metorðastigann en þegar hann var á tindi ferils síns fékk hann fréttir sem breytti lífi hans. Krabbamein. Armstrong fékk tíðindin í október 1996. Meinið hafði fest sig í eista hans, lungum og heila og líkurnar á því að hann lifði af voru ekki taldar miklar.

Hann hóf lyfjameðferð og með von í


brjósti barðist hann hart áfram. Lyginni líkast náði hann sér að fullu. „Þetta var það besta sem gat komið fyrir mig,“ sagði Armstrong um lífsreynsluna. Hann stofnaði samtök til baráttu gegn krabbameini nokkrum mánuðum eftir að hann greindist og hefur hjálpað þúsundum sjúklinga. Hans aðalstarf í dag er í kringum samtökin sem bera nafn hans.

Aðeins tveimur árum síðar var hann byrjaður að keppa aftur, 1998. Í sinni fyrstu keppni neyddist hann til að hætta og viðurkendi hann að vera ekki tilbúinn. Hann tók sér gott frí aftur og eftir sigra í nokkrum keppnum byrjaði ferill hans að rúlla á ný árið 1999.

Armstrong vann Frakklandshjólreiðarnar það ár með ótrúlegri þrautseigju. Það var ekki bara sigur fyrir hann heldur fyrir krabbameinssjúklinga um allan heim. „Allt er mögulegt. Það er hægt að segja þér að þú eigir 90 prósent líkur, 50 eða eitt prósent, en þú verður að trúa og berjast fyrir þínu,“ sagði Armstrong.

Sumir hafa raunar haldið því fram að sársaukaþröskuldur hans hafi hækkað við lyfjameðferðina sem hafi hjálpað honum í keppnum.

Hann vann heil sex ár til viðbótar og skræði sig á spjöld sögunnar sem besti hjólreiðamaður fyrr og síðar. „Að lokum vil ég segja við fólk sem trúir ekki á hjólreiðar, efasemdammennina. Ég vorkenni ykkur. Mér þykir fyrir því að draumarnir ykkar eru lítillægir, mér þykir fyrir því að þið trúðið ekki á kraftaverk. Þetta var mögnuð keppni. Þetta er stórkostlegur viðburður og þið eigið að horfa í kringum ykkur og sjá það. Þið eigið að trúa á þetta fólk. Ég verð aðdáandi Tour de France þar til ég dey. Það er ekkert launungarmál að þetta er erfið keppni og það þarfnast mikilla krafta til að vinna hana. Viva le Tour að eilífu. Takk!“ sagði Armstrong eftir að hann hætti keppni árið 2005, strax eftir sigur sinn í Tour de France, sjöunda árið í röð. Hann hætti á toppnum.





**SPORT 2**



# 10bestu

Ásgeir Sigurvinsson

**Á MORGUN KL. 21:00**

Stórkostlegir heimildabættir um 10 bestu knattspyrnumenn Íslands fyrr og síðar. Öll þriðjudagskvöld í sumar.



## > Emma Thompson

„Að leika hefur ekkert að gera með það að líta vel út enda er ég algjörlega ómeðvitund um útlit mitt þegar ég leik.“ Thompson er í aðalhlutverki í myndinni „Imagining Argentina“ sem sýnd er á stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ HELGA ÞÓREY JÓNSDÓTTIR SKILUR EKKI SKJÁ EINN LENGUR

### Húsgögnum slátrað

Skjár einn gerir ekkert fyrir mig lengur. Sem dæmi má nefna að dagskráin á laugardögum er ekkert nema endurtekningar á áður útsendu efni. Ég skil ekki hvað forsvarsmenn stöðvarinnar eru að hugsa. Af tuttugu og einum dagskrárlið, eins og þeir voru auglýstir í Fréttablaðinu síðastliðinn laugardag, voru fjórir frumsýndir. Gott og vel. Það er ágætis stefna hjá bæði Sjónvarpinu og Skjá einum að endursýna efni vikunnar yfir daginn en af hverju var ekkert nema þriðja flokks sjónvarpsmynd á boðstólum á laugardagskvöldi?

Nú geri ég mér grein fyrir því að kannski eru ekki til miklir peningar fyrir stórbrotu efni en fyrir má nú aldeilis vera. Skjár einn ætti kannski að hætta að kaupa sjónvarpsseríur sem var hætt að framleiða eftir sex til átta þætti. Þannig gæti heimikið sparast. Eins mætti sleppa því að búa til þætti eins og Ertu skarpari en skólakraki. Ég get ekki ímyndað mér að það sé ódýrt og ég þekki



engan sem hafði gaman af þeim. Þá sakna ég líka Poppunkts.

Innlit/útlit er sérkapítuli út af fyrir sig og ber þar hæst hornið sem ég kalla: Slátrum húsgögnum. Þar eru heillegar muðlar eins og fótaskemill úr tekki eða gamaldags fataskápur teknir og málaðir svartir eða hvítir. Mér líður eins og það sé verið að fremja glæpi gegn húsgögnum þegar ég sé Nadiu taka upp lakkdolluna og munda gervibeljuskinnið. Eins á ég ekki orð til að lýsa veggfóðruðu römmunum. Einhver bloggari benti á að þættina mætti alveg eins senda út í svart/hvítu því sáralítið í þeim er í lit. Þættirnir þurfa sárlega á nýju blóði að halda og þá sérstaklega fagfólki með fjölbreyttan smekk.

Hvað sem því líður þá hefur Skjár einn breyst. Vala Matt er á bak og burt, sömuleiðis Dóra Takefusa og Dr. Gunnir. Innlend dagskrárgerð fyrirfinnst þar enn, en einhvern veginn nær hún ekki þeim hæðum sem hún gerði í upphafi áratugarins.

## EKKI MISSA AF



▶ 19.40 Friends STÖÐ 2



▶ 20.00 Twitches STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.35 Hey Paula SKJÁREINN



▶ 20.45 Vinir í raun (In Case of Emergency) SJÓNVARPIÐ



▶ 22.00 Women's Murder Club STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leidarljós
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Ungar ofurhettjur (Teen Titans)
- 17.53 Skritin og skemmtileg dýr
- 18.00 Gurra grís
- 18.06 Lítil prinsessa (26:35)
- 18.17 Herramenn (11:52)
- 18.25 Út og suður (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.55 Aþena (Athens) (1:2) Bresk heimildamynd í tveimur hlutum.
- ▶ 20.45 Vinir í raun (In Case of Emergency) (5:13) Bandarísk þáttaröð um fjögur skólasystkini sem hittast aftur löngu seinna og styðja hvert annað í lífsins ólgusjú.
- 21.10 Lífsháski (Lost) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktu eyju í Suður-Kýrrahafi þar sem ýmsar ógnir leynast.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.20 Sportið
- 22.45 Herstöðvarlíf (Army Wives) (12:13) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra.
- 23.30 Kastljós (e)
- 23.50 Dagskrárlök

## BÍÓ

- 08.00 Land Before Time XII: Day of the Flyers
- 10.00 Saved!
- 12.00 Twitches
- 14.00 Blue Sky
- 16.00 Land Before Time XII: Day of the Flyers
- 18.00 Saved!
- ▶ 20.00 Twitches Gamannmynd um tvíburasystur sem eru rammgöldróttar. Aðalhlutverk: Kristen Wilson, Tia Mowry og Tamera Mowry.
- 22.00 Imagining Argentina Áhrifamikil kvikmynd með Antonio Banderas og Emmu Thompson í aðalhlutverkum.
- 00.00 Venom
- 02.00 Exorcist: The Beginning
- 04.00 Imagining Argentina
- 06.00 Iron Jawed Angels

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Ofurhundurinn Krypto, Tommi og Jenni og Camp Lazlo.
- 08.10 Oprah
- 08.50 Í finu formi
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 La Fea Más Bella
- 10.10 Missing (6:19)
- 11.10 Tim Gunn's Guide to Style (7:8)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.30 Neighbours
- 12.55 Derren Brown - Hugabrellur
- 13.20 Numbers (22:24)
- 14.05 The Sandlot
- 15.55 Háheimar
- 16.15 Leðurblökumaðurinn
- 16.40 Skjaldböckurnar
- 17.05 Tracey McBean
- 17.18 Louie
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Neighbours
- 18.18 Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.49 Íþróttir
- 19.04 Veður
- 19.15 The Simpsons (17:22)
- ▶ 19.40 Friends Monica og Chandler eru á nálum við að undirbúa heimsókn frá ættleiðingaskrifstofunni. Phoebe og Mike halda látaust brúðkaup og Ross reynir að hjálpa Rachel að komast yfir króníska hræðslu við rólu.
- 20.05 So You Think You Can Dance (4:23) Dansæðið er hafið á ný. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tókum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
- 21.30 Missing (10:19) Þriðja þáttaröð spennumyndaflokks um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólki. Jess Mastrini er sjáandi og sérlegur aðstoðarmaður hennar í þeim rannsóknunum.
- 22.15 It's Always Sunny In Philadelphia (3:10)
- 22.40 New Suit
- 00.15 Las Vegas (1:19)
- 01.00 Silent Witness (2:10)
- 01.50 Point Blank
- 03.15 The Sandlot
- 04.55 Missing (10:19)
- 05.40 Fréttir

## SPORT

besta sætið

- 07.00 Landsbankadeildin 2008 FH - Fylkir
- 15.10 Barkleys Scottish Open Útsending frá Barclays Open.
- 17.10 Landsbankadeildin 2008 FH - Fylkir
- 19.00 Sumarmótin 2008 Sýnt frá N1-mótinu sem fram fór á Akureyri þar sem 5. fl. drengja öttu kappi. Stjórnur framtíðarinnar leika listir sínar í höfuðstað Norðurlands.
- 19.45 Landsbankadeildin 2008 Breiðablik - HK
- 22.00 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrífir í umferðinni skoðuð.
- 23.00 Stjórnugolf 2008 Sýnt frá Stjórnugolfi 2008 en þangað mæta margir þjóðþekktir einstaklingar en tilgangur mótisins er að safna fé til góðs málefns.
- 23.40 Landsbankadeildin 2008 Breiðablik - HK
- 01.30 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrífir í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.

## SPORT 2

- 17.50 Premier League World 2008/09 Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu sem hefst í ágúst. Frábær þáttur sem enginn áhugamaður um enska boltann má missa af.
- 18.20 Season Highlights Allar leiktíðir úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
- 19.15 Bestu leikirnir Newcastle - Man. Utd
- 20.55 Spánn: Real Madrid - Barcelona - Erkjendur Frábær þáttaröð þar sem teknar eru fyrir viðureignir erkjendna í knattspyrnuheiminum. Í þessum þætti verður fjallað um hið sérstaka haturssamband sem ríkir á milli spænsku stórliðanna Real Madrid og Barcelona.
- 21.50 PL Classic Matches Liverpool - Chelsea, 97/98 Hápunktarnir úr bestu og eftirminneglegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 22.20 Bestu leikirnir West Ham - Sunderland

## SKJÁREINN

- 07.15 Rachael Ray (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Dynasty (e)
- 09.30 Vörutorg
- 10.30 Óstöðvandi tónlist
- 16.00 Vörutorg
- 17.00 Rachael Ray
- 17.45 Dr. Phil Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
- 18.30 Dynasty Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.
- 19.20 Top Chef (e)
- 20.10 Kimora: Life in the Fab Line (5:9) Skemmtileg þáttaröð þar sem Kimora Lee Simmons stofnandi Baby Phat og Phat Farm, hleypir áhorfendum inn í skrautlegt líf sitt. Kimora fer á kvikmyndahátíðina í Cannes og frumsýnir nýju fatalínuna sína.
- ▶ 20.35 Hey Paula (4:7) Paula er kynnrir á göðgerðasamkomu en hún er sein fyrir og allt er að fara í hundana. Hún þarf líka að undirbúa sig fyrir spjall við David Letterman sem hún er stressuð yfir. Fyrst þarf hún að fara til Filadelfíu að sinna öðru verk-efni og vont veður gæti hindrað að hún komist í þáttinn hjá Letterman.
- 21.00 Eureka (9:13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst.
- 21.50 The Evidence (3:8) Bandarísk sakamálaferla þar sem Anita Briem leikur eitt aðalhlutverkanna. Nýgiftur maður deyr af slysförum og ekjka hans kemst að því að hann átti stórt leyndarmál sem grefur upp gömul sár hjá dr. Goldman.
- 22.40 Jay Leno Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
- 23.30 Criss Angel Mindfreak (e)
- 23.55 Dynasty (e)
- 00.45 Vörutorg
- 01.45 Óstöðvandi tónlist

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

- 18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klt. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
- 18.45 Gönguleiðir Endurtekið á klt. fresti til kl. 12.45 daginn eftir. (e)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Markaðurinn í lok dags

Sindri Sindrason fer yfir viðskipti dagsins alla virka daga kl 16:45 á visir.is.

Fylgstu með Markaðinum í lok dags á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.12 og 18.18.

visir.is  
...ég sá það á visir.is





## Í KVÖLD

## STÖÐ 2 KL. 22.15

## It's Always Sunny in Philadelphia

Önnur þáttaröð þessara skemmtilegu gamanþátta um fjóra félagi sem reka saman bar en eru of sjálfumgláðir til að geta unnið saman án árekstra. Þættirnir hafa vakið miklar vinsældir ytra og eru í upphaldi hjá gagnrýnendum.



▶ VIÐ MÆLUM MEÐ  
Aþena (Athens)  
Sjónvarpið kl. 19.55

Sjónvarpið sýnir breska heimildarmynd um Aþenu í tveimur hlutum. Í fyrri hlutanum sem sýndur er í kvöld verður sagt frá sigri Aþeninga í einni af mestu sjóorustum fornaldar, þegar stórskip þeirra yfirbugðu hinn mikla flota Xerxesar Persakóns við Salamis. Einnig er rakin byggingarsaga merkasta minnismerkisins, Meyjarhofið sem er tákn um veldi Aþeninga og stendur á Akropolisshæð.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.30 Dr. RÚV
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Flækingur
08.00 Morgunfréttir	17.03 Viðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.25 Spegillinn
09.45 Morgunleikfimi	19.00 Á sumarvegi
10.13 Látún	19.40 Tónlist úr þularstofu
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.00 Leynifélagið
12.00 Fréttayfirlit	20.30 Andblær frá Ipanema
12.02 Hádegisútvarp	21.10 Framtíð lýðræðis
12.20 Hádegisfréttir	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið	22.45 Dalakofinn
13.15 Á sumarvegi	23.30 Lostafulli listræninginn
14.03 Út um víðan völl	00.07 Næturtónar
15.03 Útvarpsagan: Múrin í Kína	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

16.00 Hollyoaks

16.30 Hollyoaks

17.00 Seinfeld (22:22)

17.30 Entourage (15:20)

18.00 Live From Abbey Road (3:12)

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks.

20.00 Seinfeld (22:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

20.30 Entourage (15:20) Verðlaunaþættir lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlberg í bíoborginni.

21.00 Live From Abbey Road (3:12) Þættir með lífandi tónlist frá þessu þekktasta upptökuveri heims sem Bítlamir gerðu ódauðlegt. Heimsfrægir tónlistarmenn flytja þrjú lög á milli þess sem þeir spjalla um tónlist sína og lífið.

▶22.00 Women's Murder Club (4:13) Hér segir frá fjórum vinkonum sem hafa mikinn áhuga á sakamálum. Þær gegna allar ólíkum störfum og þá nýtist vináttan vel því allar vinna þær við morðrannsóknir. Ein er rannsóknarlögregla, önnur saksóknari, þriðja dánardómstjóri og sú fjórða er rannsóknarblaðakona.

22.45 The Riches (5:7) Svikahrappar af hjólhýsakyri sem hafa lífað sem sígaunar allt sitt líf, söðla rækilega um og settust að í venjulegu úthverfi.

23.30 Wire (4:13)

00.30 Sjáðu

00.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

## INN

20.00 Mér finnst... Umsjón: Kolfína Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Gísli Hrafn Atlason, Sigríður Klingenberg.

21.00 Mæður og dætur Umsjón: Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Gestir: Auður Eir Vilhjálmsdóttir, Yrsa Þórðardóttir.

21.30 Ármann á Alþingi Umsjón: Ármann Kr. Ólafsson Gestur: Kristján Vigfússon aðjúnkt Háskólans í Reykjavík.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

## DR 1

11.00 Saras kökken 11.30 Hestebroðrene 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.05 Flight 29 savnes! 13.30 SommerSummer 15.05 Monster allergi 15.30 Mine venner Tigerdyret og Pys 15.55 Manda 16.00 Hjerterum 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 SommerVejret 17.05 Hercule Poirot 18.00 Det vilde Kina 19.00 TV Avisen 19.25 Sommervejret på DR1 19.35 Aftentour 2008 20.00 Virusudbrud 21.25 Speedway: Hold VM indledende runde 22.55 Seinfeld

## NRK1

9.55 Norsk på norsk jukeboks 10.55 Ut i naturen jukeboks 12.00 Dansefot jukeboks 13.00 Autofil jukeboks 13.55 Venner 15.20 Sydvest 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Barne-tv 16.10 Disa 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Smaken av Danmark 18.00 Norsk attraksjon 18.30 'Allo, 'Allo! 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.35 Tudors 20.30 I kveld 21.00 Kveldsnytt 21.15 Den mistenkte 23.00 Elvis Costello - på tvers! 23.30 Sport Jukeboks

## SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Fotbollsakademien 10.35 Sportspeleln 11.05 Grön glädje 12.35 Flickornas Alfred 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 Himlen över Danmark 15.30 Strömsö 16.00 Hannas hjälplinj 16.10 Ebb och Flo 16.15 Rorri Racerbil 16.25 Yoko! Jakamoko! Toto! 16.30 Hej hej sommar 16.31 Planet Sketch 16.50 Det femte väderstreck 17.00 Unge greve Dracula 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Sommartorget 18.30 Packat & klart sommar 19.00 Grattis Victoria



# Goran Superform á 4 vikum

GORAN SUPERFORM er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

## VILT ÞÚ:

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfi og heilbrigði?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki. Takmarkaður fjöldi.

Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.

Persónuleg næringaráðgjöf.

Ráðgjöf við matarinnkaup.

Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.

Frábær spennandi lífrænn matur.

Næringardrykkur í lok hvers tíma.

Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni, kl. 6:30, 7:30, 10:00, 12:00 og 16:30.



\*Nýtt á Íslandi\*  
Goran Superform  
matartaska!

Nú getur þú tekið með mat, sem sniðinn er samkvæmt þinni orkuþörf, heim eftir hverja æfingu.

Goran útbýr matartösku hannaða fyrir þig sem tryggir hámarks árangur!

## Skráðu þig strax í síma 578-8200 Námskeiðin byrja 21. júlí!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is





## LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég hlusta aðallega á það sem mér líður vel í eyrunum með, gömlu íslensku lögin helst. Ég rokka á milli stöðvanna, er oft bara með Gufuna og stundum Létt-Bylgjuna. Ég ætla að skreppa á eftir og kaupa mér Cortes.“

Skeggi Guðmundsson söðlasmiður.

## Íslenskir frumkvöðlar í Evrópukeppni

„Ég bjóst ekki við svona miklu þegar ég skræði mig í valáfanga í markaðsfræði,“ segir Svava Hildur Steinarsdóttir, nemandi í Fjölbrautaskólanum við Ármúla, sem sigraði nýverið keppni Ungra frumkvöðla ásamt samnemendum sínum með hönnun þeirra á náms-tækniþúnaðinum Recall 2008, en alls kepptu sextán skólar um titilinn.

„Samkeppnin gengur út á að stofna fyrirtæki frá grunni, allt frá því að ráða í stöður yfir í að hanna vöru eða þjónustu og koma henni á markað. Við stofnuðum fyrirtækið Memor og hönnuðum námstækniþúnað sem nefnist Recall 2008. Það var Magnús Már Hrafnsson, framkvæmdastjóri

fyrirtækisins, sem átti hugmyndina að forritinu sem byggist á svokallaðri flash-card tækni og virkar sem glósu- og upprifjunarforrit. Þetta var upphaflega bara skylduverkefni í áfanganum svo það kom okkur skemmtilega á óvart þegar við hrepptum fyrstu verðlaun og vorum valin hjartasta vonin,“ segir Svava sem mun ásamt sjö samnemendum sínum taka þátt í Evrópukeppninni sem verður haldin í Stokkhólmi 24. júlí, en þar munu þátttakendur frá 30 Evrópulöndum mætast.

„Við erum gífurlega spennt fyrir keppninni úti og erum allveg staðráðin í því að vinna hana. Í janúar þekktist enginn af okkur innan hópsins en við erum alltaf



STAÐRÁÐIN Í AÐ VINNA Hópurinn bar sigur úr þýtum í fyrirtækjasmíðju Ungra frumkvöðla, en þau munu taka þátt í Evrópukeppni fyrir Íslands hönd í lok mánaðarins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

að kynnast betur og betur og ég býst við að við verðum orðin ansi

samheldin eftir þessa ferð,“ segir Svava að lokum.

- ag

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. kló, 6. klukka, 8. tala, 9. frosts-kemmd, 11. til, 12. óróleg, 14. í vafa, 16. tveir eins, 17. flik, 18. pota, 20. átt, 21. meltingarvökví.

## LÓDRÉTT

1. hallærislegur, 3. kraðak, 4. fúslega, 5. gestrisni, 7. flugeldur, 10. meðal, 13. bein, 15. málhelti, 16. kaðall, 19. járnstein.

## LAUSN

LÖDRÉTT: 1. þúkó, 3. ós, 4. gjarnan, 5. iðó, 7. raketta, 10. líf, 13. ríf, 15. fát, 18. óta, 20. na, 21. gall.

LÁRÉTT: 2. nögl, 6. úr, 8. sjó, 9. kal,

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- 236 manns.
- Ástríður.
- Á Ítalíu.

VÍSIR.IS  
„...ég sá það á vísi“

BJARNI TÖFRAMAÐUR: ORÐINN ÖKUPRÓFDÓMARI Í HLOTASTARFI

## Meira að segja töframenn sleppa ekki við kreppuna

Bjarni Baldvinsson, betur þekktur sem Bjarni töframaður, er einn af átta töframönnum í simaskránni. Kreppan hefur nú rekið hann út í að gerast ökuþrófðómari í hlutastarfi en hann segir töframenskuna þó alltaf vera sitt líf og yndi.

„Ég var byrjaður að fíkta við töfrabrogðin sex ára gamall en ég fór að gera þetta fyrir peninga fyrir tíu árum,“ segir Bjarni. „Síðustu árin hef ég alfarið haft atvinnu af þessu, en nú hefur kreppan rekið mig út í ökuþrófðómgaesluna. Eða ég segi svona, ég keypti mér íbúð og þá er gott að hafa stöðuga vinnu. Reikningarnir gera fátt annað en að hækka. Eins og fyrir galdra!“

Galdrakarlar Íslands eru samheldinn hópur sem hittist einu sinni í mánuði. Það er enginn rígur í hópnum og í fyrra var Hið íslenska töframannagildi stofnað. Þetta er hringur númer 371 innan IBM (International Brotherhood of Magicians). „Á fundunum er lagt á ráðin, sýndir nýjir galdrar, horft á vídeó og stundum fáum við utanaðkomandi fólk til að vera með fyrirlestra,“ segir Bjarni. „Það eru 25-30 manns í gildinu, jafnvel fólk sem er lítið að galdra sjálft en hefur bara áhuga á þessu.“ Og Bjarni er ekki í neinum vafa um hver sé kóngurinn í bransanum. „Það er Baldur Brjáns-son. Hann er meira að segja mjög framarlega í þessu á alþjóðlegum mælikvarða. Það er synd að hann er ekkert að „performera“ lengur því hann er óhemju góður og hefur flottan stíl.“

Bjarni segir að mörgum finnst töfrabrogð ekki töff. „Þeir skipta yfirleitt snarlega um skoðun þegar þeir sjá þetta í framkvæmd. Svo eru menn eins og Chris Angel að reyna að gera þetta rokkað í sjónvarpinu en satt að segja hef ég lítið álit á honum. Hann blekkir kannski Kanann en ég sé í gegnum þetta allt hjá honum. Darren Brown finnst mér hins vegar frábær. Hann er ótrúlega magnaður „performer“.“

Bjarni blandar saman töfrabrogð-



GALDRAR NEMENDUR Í GEGNUM ÖKUPRÓFIÐ Bjarni töframaður er með mörg járn í eldinum. Eftir að hann keypti sér íbúð ákvað hann að fá sér fasta vinnu meðfram töframenskunni. Fyrir valinu varð að gerast ökuþrófðómari.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

um, uppstandi og söng og hefur gengið vel að undanförmu. Hefur meðal annars séð um veislustjórn hjá Dominos og Vífilfelli og sló í gegn í brúðkaupsveislu Bubba og Hrafnhildar. En nú er hann orðinn ökuþrófðómari. „Ég er nýbyrjaður og ætla að bæta við mig réttindum svo ég geti prófað vegna meira-prófsins líka. Ég reyni að galdra mig í gegnum þetta. Krakarnir eru oft stressaðir og ég reyni að brjóta ísinn með einhverju hnitnu. Þá slaka þau á og gengur betur.“

Sjálfur er Bjarni með mótörhjóladellu og hefur verið Snigill síðan 1996. Er Snigill númer 980. „Ég er nýbúinn að fá mér gamalt lögguhjól, 1450 kúbika Harley Davidson.“

Er þá Bjarni ökuþrófðómari tryllandi um göturnar? „Nei nei, þetta er meira svona hippahjól. Ég er bara afslappaður og nýt þess að láta vindinn leika um hjálminn. Hann leikur allavega ekki um hárið.“

gunnarh@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hrannar Pétursson, upplýsinga-fulltrúi Vodafone, ruglaðist eitthvað í ríminu þegar hann ræddi við 24 stundir í síðustu viku um auglýsingaherferð símafyrirtækisins, sem hefur yfirskriftina „Skítt með kerfið“. Hrannar nefndi að nú hefðu öll símafyrirtækin notast við hljómsveit úr Eurovision; Síminn gert auglýsingar með Mercedes Club, Nova frumsýnt myndband Eurobandsins og Vodafone að lokum fengið Dr. Spock í sína þjónustu. Það er að vísu rétt að Öttarr Proppé, sem leikur í auglýsingunni, er í Dr. Spock en lagið sem hann syngur er eftir pönkhljómsveitina Rass, sem Öttarr er líka í. Það kemur reyndar ekki á óvart þótt Hrannar sé illa að sér í pönkfræðum. Hann tók þátt í söngvakeppni framhaldsskólanna á sínum tíma og söng þá Diskó frískó.



Athafnamaðurinn Björgólfur Thor Björgólfsson snæddi á veitingastaðnum Silfur fyrir skemmtu. Hann hreifst svo mjög af staðnum að hann bókaði sig aftur þangað síðastliðið laugardagskvöld, að þessu sinni með hópi fólks. Áður hafði hann gengið frá því við yfirmenn á staðnum að hann fengi sama matseðil, sömu vín, sama þjónustufólk og sömu kokka og hann hafði áður fengið.



Rokkhátíðin Eistnaflug þótti takast ágætlega í Neskaupstað um helgina. Einn almennra gesta vakti athygli umfram aðra, enda með reyndari mönnum í rokkinu. Sjálfur Bassafanturinn, Þröstur Jónsson sem var í Minus, skemmti sér vel enda nýkominn af sjó á nóta- og togveiðiskipinu Berki NK.



- bs/hdm

## Sundlaugar landsins skráðar

„Síðan opnaði í maí og virðist vera mjög vinsæl, allavega hafa tæplega 5.000 manns skoðað síðuna frá upphafi og yfir 1.000 manns það sem af er júlí,“ segir Hollendingurinn Robert van Spanje margmiðlunarhönnuður og höfundur heimasíðunnar sundlaugar.is.

„Hugmyndin að síðunni kviknaði þegar ég var sjálfur að leita upplýsinga um sundlaugar á landinu en fann lítið sem ekkert á netinu. Mér fannst það skritið miðað við hvað það er mikil sundmenn-ing á Íslandi svo ég hófst handa við að gera heimasíðuna sundlaugar.is,“ segir Robert um síðuna. Hún var útskriftarverkefni hans frá Margmiðlunarskólanum og inniheldur upplýsingar og kort af



staðsetningum nærri 200 sundlauga víðs vegar um landið.

„Síðan mun verða á fimm tungumálum árið 2009 svo ég vona að bæði íslenskir ferðalangar sem og erlendir ferðamenn muni hafa gagn af henni, en ég er til dæmis búinn að fá tölvupóst frá fólki í Ástralíu, Bandaríkjunum og á Ítalíu sem hefur nýtt sér síðuna nú þegar. Ég vona líka að fólk skrái hugmyndir sínar um sundlaugar inn á heimasíðuna svo hún verði gagnvirk, en ekki bara skrá um sundlaugar landsins.“

- ag

HVAR ER BESTA SUNDLAUGIN? Robert er hönnuður heimasíðunnar sundlaugar.is þar sem er að finna upplýsingar og kort af nærri 200 sundlaugum víðs vegar um landið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



FISKBÚÐIN  
HAFBERG

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

STÓR HUMAR, LÚÐA,  
LAX, TÚNFISKUR

Úrval fiskrétta á grillið



opið  
mán-fös 10-18:15  
og lau 11-14:00





NÚ Á **2** STÖÐUM

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## GRILL & GARÐVÖRUR

Fellsmúla - Reykjavík  
Njarðarbraut - Reykjanesbæ



**9594**

HÁPRÝSTIÐÆLA 60 BAR

**10.794**

HÁPRÝSTIÐÆLA 100 BAR



**2495**

SLÁTTUORF 200W



**19.990**

SLÁTTUORF, BENSÍN



**1995**

STUNGUSKÓFLA

**1399**

GARÐHRÍFA

**1995**

GAFFALL

**795**

STRÁKÚSTUR



**11.988**

LAUFSUGA

**27.995**

SLÁTTURVÉL, BENSÍN - 1800W



**239**

GARÐHANSKAR

FRÁ: **119**

VINNUHANSKAR



**5900**

HEKKKLIPPUR, RAFMAGNS



**299**

GARÐKLÓRA

**299**

GARÐSKÓFLA



**594**

GRASKLIPPUR

**828**

**563**

GREINAKLIPPUR

GREINAKLIPPUR - 2 STK.



**15.950**

SLÁTTURVÉL, RAFMAGNS




**359**

GRILLKVEIKJARI

**479**

GRILLBURSTI



**1495**

GARÐÚDARI




**12.990**

GASGRILL



**2995**

KOLAGRILL



**359**

GRILLSPAÐI

**359**

GRILLTÖNG



**239**

GRILLSETT

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

## RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888  
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

## OPIÐ ALLA DAGA

Mánud. til föstud. kl 9 - 18  
Laugard. kl 10 - 17  
Sunnud. kl 12 - 16





**BAKPANKAR**  
Práins  
Bertelssonar

## Forvirkar rannsóknir

Sumar ríkisstjórnir fylgjast svel með þegnum sínum. Í bók sinni um „Sögu Bretlands frá stríðslokum“, segir Andrew Marr (bls. 580), að eftir því sem næst verði komist sé nú um fjórum komma tveimur milljónum eftirlitsmyndavéla beint að íbúum landsins. Lundúnabúi sem heldur til vinnu sinnar og heim aftur hefur verið kvikmyndaður að meðaltali þrjúhundruð sinnum þegar hann kemur heim aftur. Þar að auki hefur verið fylgst með honum úr lofti, úr þylum og gervihnöttum, auk þess sem staðsetningartæki í bíl og farsíma gefa upplýsingar um hvar hann er staddur hverju sinni. Andrew Marr telur að nákvæmara eftirlit með borgurum þekkist hvergi, nema ef vera kynni í Kína.

**PESSU** til viðbótar hefur lögreglan í Bretlandi leyfi til að taka DNA-sýni úr öllum þeim sem eru handteknir, auk þess sem henni er gert að safna ljósmyndum af lithimnum augans úr sem allra flestum borgurum. Skattrannsóknarnamenn í Bretlandi hafa heimild til að fara inn á heimili fólks og taka ljósmyndir til að staðfesta hvort innbúið sé verðmætara en skattframtalið gefur til kynna ellegar hvort fólk hefur laumast til að koma sér upp glerhúsi á svölum eða að húsabaki án tilskilinna leyfa.

**ALLT** þetta gerir stjórnin af umhyggju fyrir þjóðinni, til að auka öryggi og draga úr glæpum og einkum hryðjuverkum. Það er að vísu óleyst vandamál hvernig hægt sé að nota allt þetta gifurlega efni í forvarnarskygni, því að það þyrfti stjarnfræðilegan fjölda fólks til að skoða daglega þrjúhundruð kvikmyndir um hvern Lundúnabúa og ráða það af svip hans og fasi hvort hann hafi illt í hyggju. Þó er mögulegt í ákveðnum tilvikum að nota þetta mikla upplýsingasafn til að auðvelda lögreglunni að upplýsa glæpi sem þegar hafa verið framdir.

**FORVIRKAR** rannsóknaraðferðir til að koma í veg fyrir glæpi hafa ennþá ekki verið fundnar upp. Njósnir virðast ekki duga til að draga úr glæpum. Það gerir hins vegar gamaldags umhyggja og virðing fólks hvert fyrir öðru. Þar sem yfirvöld bera virðingu fyrir almenningsi ber almenningsur virðingu fyrir yfirvöldum.



# YFIRBURÐA BÍLL

Fjór hjóladrífinn Subaru Forester er enginn venjulegur bíll. Hann hefur meiri veghæð (21,5cm) og meira rými en sambærilegir bílar. Hann er nýttiskulegur í útliti og hlaðinn búnaði sem gerir að einstakan. Hann er Subaru og því bílar hann sjaldnar en flestir bílar. Því segjum við – Nýr Forester sportjeppi er YFIRBURÐA BÍLL

Beinskiptur: **3.590.000 kr.**  
Sjálfskiptur frá: **3.790.000 kr.**

**Sjálfvirk hleðslujöfnun**

Subaru FORESTER er með sjálfvirka hleðslujöfnun á afturfjórðum sem tryggir að hann stendur réttur þrátt fyrir töluverða hleðslu. Þessi jöfnun á þyngdardreifingu auðveldar stjórnun og gerir bílinn öruggari í akstri.



**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er mánudagurinn 14. júlí, 197. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 3.39	13.33	23.26
Akureyri 2.53	13.18	23.40

Heimild: Almanak Háskólans

**ÖFLUG ÞJÓNUSTA UM LAND ALLT**

Komdu við á einum af eftirtöldum stöðum á landinu og kynntu þér nýjan og glæsilegan Subaru Forester. Forester er frábær sportjeppi sem stendur undir væntingum við íslenskar aðstæður. Kynntu þér Forester, fáðu bækling, skoðaðu gripinn í krók og kima og prufukeyrðu.

**Kortið sýnir þá staði þar sem við bjóðum upp á reynsluakstur.**

Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhófa 2, 525 8000  
Selfossi, Hrímsýni 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

INGVAR HELGASON